FRÉTTABLAÐIÐ

57. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 8. MARS 2018



Fjórir voru handteknir í aðgerðum sérsveitarinnar á Ægisíðu í gærmorgun. Að auki var lagt hald á fíkniefni. Sumir hinna handteknu mættu á staðinn í leigubíl og hófust strax handa við að reyna að brjótast inn í fólksbifreið á staðnum. Ægisíðunni var lokað meðan aðgerðir stóðu yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þórey Vilhjálmsdóttir og Páll Harðarson skrifa um kjánakúrfuna. 26

**SPORT** Ísland vann Danmörku í vítakeppni á Algarve-mótinu. 30

**LÍFIÐ** Götumarkaður í Skeifunni mun kynna Íslendingum alvöru „street food“. 54

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Sjúklingar flýja biðlista

**Sjúklingar sem fóru utan í aðgerð eftir óhóflega bið hér á landi voru þrefalt fleiri í fyrra en árið áður. Sjúkratryggingar greiða aðgerðina, flugfarið og uppihaldið.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Í fyrra greiddu Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) fyrir tólf lið- og augasteinsskiptaaðgerðir sem framkvæmdar voru á erlendri grund. Fjöldi þeirra, sem leituðu út í slíkar aðgerðir, þrefaldaðist milli ára. Kostnaður vegna þessa nam alls tæpum 18,4 milljónum. Tæplega 6,8 milljónir hefðu sparast hefðu aðgerðirnar verið gerðar hér á landi.

Frá árinu 2012 hefur verið í gildi hér á landi Evrópureglugerð sem veitir sjúklingum rétt til að leita út fyrir landsteinana ef bið eftir meðferð hér á landi er óhóflega löng. Embætti landlæknis hefur sett viðmiðunarmörk um hvenær dráttur er óhóflegur. Það er til að mynda ef skoðun hjá sérfræðingi fæst ekki innan þrjátíu daga eða ef aðgerð eða meðferð sérfræðings hefst ekki innan níutíu daga frá greiningu.

Auk þess að greiða fyrir aðgerðina sjálfa endurgreiðir SÍ flug og uppihald vegna ferðarinnar.

> Kerfið er að molna undan okkur. Þetta eru aðgerðir sem auðveldlega væri hægt að gera hér
>
> Guðjón S. Brjánsson, þingmaður Samfylkingarinnar



Í svari Landspítalans (LSH) við fyrirspurn Fréttablaðsins um stöðu á biðlistum kemur fram að í lok janúar hafi 3.400 beðið eftir hinum ýmsu aðgerðum. Þar af hefðu 1.428, eða 42 prósent, beðið lengur en níutíu daga.

„Þarna er aukning því kerfið er að molna undan okkur. Þetta eru aðgerðir sem auðveldlega væri hægt að gera hér,“ segir Guðjón S. Brjánsson, þingmaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Langflestir sem bíða eftir aðgerðum eru að bíða eftir liðskiptum á hné eða mjöðm eða skiptum á augasteinum. 2016 var fé veitt í átak til að stytta biðlista og hefur það gefið góða raun þótt biðin sé enn löng.

„Það átak skilaði góðum árangri en er rétt til að halda í horfinu. Innan skamms munu listar lengjast á ný. Allar greiningar benda til þess að þörfin fyrir liðskipti muni aukast samhliða hækkandi aldri og þyngd samfélagsins,“ segir Guðjón.

Stjórnvöldum hafi meðal annars verið kynntir möguleikar á að framkvæma slíkar aðgerðir á Akranesi og í Keflavík. Þau eru ekki bráðasjúkrahús og þurfa sjúklingar ekki að víkja þaðan fyrir bráðveikum.

„Það þarf meira en tímabundnar aðgerðir. Nauðsynlegt er að greina þörfina og fjármagna spítalana í samræmi við það. Hingað til hefur það því miður ekki gengið,“ segir Guðjón. – jóe

## Kjararáð upp um tvo þriðju

**KJARAMÁL** Þóknun til þeirra sem sitja í kjararáði er nú 16.290 krónur á tímann og hafa launin hækkað um 62,9 prósent á tíu árum. Allar þrjár óskir formanns kjararáðs um launahækkun til ráðsmanna voru samþykktar.

Fréttablaðið hefur um nokkurt skeið reynt að kalla fram mynd af launakjörum þeirra er skipa kjararáð. Samkvæmt fjárlögum 2017 átti rekstur kjararáðs að kosta 41,2 milljónir króna á því ári. Ekki fæst uppgefið hve stór hluti fjárins rennur til nefndarmanna. – gar / sjá síðu 6

## Félagsbústaðir hækka leiguna

**HÚSNÆÐISMÁL** „Við náum ekki endum saman nema að hækka leiguverðið eins og við gerðum á síðasta ári og sjáum fram á, ef allt fer sem horfir, að gera það aftur á þessu ári,“ segir Auðunn Freyr Ingvarsson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða.

Félagið hagnaðist um 7,55 ma.kr. í fyrra en hagnaður fyrir fjármagnsliði nam 1,68 ma.kr. – jhh / sjá síðu 4






## Veður




Norðaustan gola eða kaldi með éljum í dag, en lengst af léttskýjað sunnan og vestan til. Frost 0 til 8 stig, mildast með suður- og suðvesturströndinni. SJÁ SÍÐU 36

# Verklegt vit í verki



Sýningin Verk og vit 2018 hefst í Laugardalshöll í dag og lýkur á sunnudaginn. Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í Laugardalshöll í gær voru sýnendur í óðaönn að leggja lokahönd á undirbúninginn. Um 120 sýnendur taka þátt en þema sýningarinnar er íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð. Á meðal þeirra sem taka þátt eru húsaframleiðendur, verkfræðistofur, tækjaleigur og fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Atli ráðinn sem ráðgjafi hjá Pírötum

**STJÓRNMÁL** Píratar ætla sér stóra hluti í komandi sveitarstjórnarkosningum og munu bjóða fram í nokkrum sveitarfélögum landsins. Hafa þeir í þeim leiðangri ráðið Atla Þór Fanndal blaðamann sem pólitískan ráðgjafa flokksins í komandi kosningum.

**Atli Þór Fanndal**



Erla Hlynsdóttir, framkvæmdastjóri flokksins, segir Pírata stefna á framboð í Reykjavík, Kópavogi, Akureyri, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Árborg. Einnig skoðar flokkurinn alvarlega að tefla fram lista í Mosfellsbæ.

„Svo erum við að skoða möguleika á að bjóða fram einn eða með öðrum annars staðar,“ segir Erla.

Atli mun koma inn í starfið og vera til halds og trausts bæði fyrir framboðin og einstaka frambjóðendur.

„Hans hlutverk er að vera pólitískur ráðgjafi flokksins. Við höfum verið með ráðgjafa í síðustu tveimur kosningabaráttum. Hann er til ráðgjafar fyrir þá sem hafa áhuga á því, bæði aðildarfélögin og frambjóðendur,“ bætir Erla við.

„Það var okkar mat að hann hefði mikla þekkingu á pólitísku landslagi á Íslandi og að það væri styrkur í að fá hann inn í okkar teymi fyrir þessar sveitarstjórnarkosningar.“

Píratar mældust stærsti stjórnmálaflokkur landsins í fyrsta skipti í maí árið 2015.

Gallup mældi flokkinn í 36 prósentum þann 1. apríl ári seinna. Í síðustu mælingu var flokkurinn með tæpra tólf prósenta fylgi og fjórði stærsti flokkurinn á þingi. – **sa**

# Meistaradeildin sögð fokdýr

**VIÐSKIPTI** Fjarskipti hafa tryggt sér sýningarrétt á Meistaradeild UEFA og Evrópudeildinni til næstu þriggja leiktímabila, fyrir tímabilin 2018 og 2019 til 2020 og 2021. Sýningarrétturinn hefur hækkað verulega í verði frá fyrri samningi, eða um tæp 50 prósent, samkvæmt upplýsingum Sportbusiness, sem rýnir í fjármál íþróttaheimsins.

Samkvæmt fyrirtækinu munu Fjarskipti greiða UEFA 2 milljónir evra, eða tæpar 250 milljónir króna, fyrir hvert leiktímabil. Upphæðin skiptist þannig að Fjarskipti greiða 210 milljónir króna fyrir Meistaradeildina og 37 milljónir fyrir Evrópudeildina. Upphæðin fyrir leiktímabilin þrjú nemur því 744 milljónum króna. Í fyrri samningi, sem tók til þriggja leiktímabila, greiddu 365 miðlar 160 milljónir króna fyrir sýningarrétt hvers leiktímabils. – **khn**

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar

LED rakaþétt ljós



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM

# ÁTVR innsiglar loks tóbaksdósir eftir frávik

**Vonir standa til að nýjar innsiglaðar dósir af íslenska neftóbakinu verði komnar á markað í vor. Dæmi eru um að áteknar, hálftómar og jafnvel kaffiblandaðar dósir hafi ratað frá smásölum til neytenda. Gæðaeftirlit ÁTVR er strangt.**

**NEYTENDUR** ÁTVR ætlar að bregðast við tilkynningum frá kaupendum um „frávik“ á innihaldi neftóbaksdósa fyrirtækisins með því að setja loks á þær innsigli. Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segist vona að nýjar, öruggari dósir fyrir neytendur verði komnar á markað í vor.




Innsigli á tóbaksdósir mun tryggja öryggi neytenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sala og neysla á íslenska neftóbakinu hefur aukist nær árlega síðustu ár og nam salan á síðasta ári um 40 tonnum, sem jafngildir um 800 þúsund 50 gramma dósum. Meirihluti notenda setur tóbakið í vör.

Vandamálið við dósirnar er hins vegar að þegar þær eru komnar í hendur smásala er ekkert innsigli á lokinu sem fullvissar neytendur um að ekki hafi verið átt við innihaldið, líkt og á flestri annarri neysluvöru.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að upp hafi komið fleiri en eitt tilfelli nýverið þar sem kaupendur hafa uppgötvað að búið sé að eiga við dósirnar sem keyptar hafa verið í búð og þær reynst hálftómar þegar heim var komið.

Fréttablaðið hefur einnig staðfest dæmi um að dós reyndist átekin og malað kaffi hafi verið sett í staðinn til að láta það líta út eins og hún væri full. Dósin á meðfylgjandi mynd er dæmi um slíkt, þar sem enginn vafi lék á að um kaffi væri að ræða þegar lyktað var af, auk þess sem litar- og grófleikamismunur var á tóbakinu og kaffinu. Umrætt sinn reyndist þó aðeins um kaffi að ræða, en ekki eitthvað mun skaðlegra og uppgötvaðist þetta áður en þess var neytt. En leiðin er greið ef vilji er til. Nú ætlar ÁTVR loks að verða við ákalli áhyggjufullra neftóbaksnotenda og setja fiktvörn í formi innsiglis á dósirnar.



Átt hafði verið við þessa dós og kaffi blandað út í tóbakið.

„Verkefnið er í vinnslu og von er á að prófanir klárist mjög fljótlega. Stefnan er að innsiglaðar dósir verði komnar á markað í vor,“ segir Sigrún Ósk.

> **Við höfum fengið nokkrar tilkynningar frá kaupendum um frávik.**
>
> Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR



„Við höfum fengið nokkrar tilkynningar frá kaupendum um frávik. Við höfum gert allt hjá okkur til að tryggja að varan fari rétt frá okkur.“

Sigrún segir ÁTVR vera heildsala á tóbaki og að heildsölueiningarnar fari innsiglaðar frá þeim. Þá sé ÁTVR með virkt gæðaeftirlit sem er ætlað að tryggja að rétt magn og innihald sé í smásölueiningunum.

mikael@frettabladid.is

Kringlan

30 ára

**8.-12. MARS**

FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS

# KRINGLU KAST



OPIÐ

**10–21**

ALLA FIMMTUDAGA

**20–50%**

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

# Eigendur bera kennsl á þýfi og meintir þjófar áfram í haldi

**LÖGREGLUMÁL** „Það er herjað á okkur, virðist vera,“ segir Skúli Jónsson aðstoðaryfirlögregluþjónn um innbrotahrinu á höfuðborgarsvæðinu að undanförnu.

Fjórir menn hafa verið í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að tengjast innbrotunum. Tveir menn voru í fyrradag úrskurðaðir í áframhaldandi varðhald í fyrradag og til stóð að framlengja varðhald annarra tveggja í gær. Annar af fyrri tveimur er kominn í umsjón barnaverndaryfirvalda.

Tveir úr þessum hópi eru ekki búsettir á Íslandi.

„Þetta eru erlendir aðilar að hluta til,“ segir Skúli. Meðal þess sem tilheyri rannsókninni sé að afla upplýsinga um þessa menn erlendis frá.

Lögreglan lagði hald á talsvert af munum úr fórum mannanna sem Skúli segir að svari til lýsinga úr nýlegum innbrotum.

„Hluti af vinnunni núna er að bera kennsl á þessa hluti,“ segir hann og bendir á að tilkynnt hafi verið um innbrot á 64 stöðum.

Nokkuð snúið getur verið að finna rétta eigendur að hverjum hlut.

„Við finnum þetta ekki á vettvangi í Ziplock-pokum merkta húsunum. Það er búið að hræra öllu saman,“ útskýrir Skúli. Teknar séu myndir af þýfinu og haft samband við fólk.

„Þekkir það sína muni eða ekki? Þetta er mikil vinna en það er ekki þannig að við séum með einhverja tugi kílóa af skartgripum – þetta er ekki meiriháttar flækja.“ – **gar**

> **Við finnum þetta ekki á vettvangi í Ziplock-pokum merkta húsunum. Það er búið að hræra öllu saman.**
>
> Skúli Jónsson
> aðstoðaryfirlögregluþjónn



**Einkennandi hefur verið að þjófarnir brjótast inn baka til.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Mynd frá IFB af Hauki.** MYND/IFB

## Haukur sagður hafa fallið ásamt tveimur félögum

**SÝRLAND** Haukur Hilmarsson, sem utanríkisráðuneytið rannsakar hvort hafi í raun látist þegar hann barðist fyrir alþjóðlegu hersveitina International Freedom Battalion (IFB), samherja Kúrda í Sýrlandi, fórst ásamt tveimur arabískum samherjum í loftárás Tyrkja á Badina-Dimilya. Þetta kom fram í yfirlýsingu sem hersveitir Kúrda, YPG, sendu frá sér í gær. Enn fremur sagði í yfirlýsingunni að ekki hafi tekist að finna lík Hauks.

Eva Hauksdóttir, álitsgjafi og móðir Hauks, birti yfirlýsingu í gær á vefsíðu sinni. Sagðist hún þar ekki vita meira en það sem fram hefði komið í fjölmiðlum og að hún hafi ekki náð sambandi við neinn sem veit meira. Utanríkisráðuneytið sé í sambandi við ýmsar stofnanir og verið sé að gera allt sem hægt er til að finna út úr því hvað gerðist og hvar líkið sé niður komið.

„Ef einhver veit eitthvað sem getur varpað ljósi á það sem gerðist eða hvað annað hann Haukur minn var að bardúsa síðasta árið, sendið mér þá tölvupóst á netfangið eva.evahauksdottir@gmail.com,“ skrifaði Eva.

Liðsmenn IFB hafa barist gegn vígasveitum Íslamska ríkisins í Sýrlandi en samtökin sögðu í gær að Haukur hefði fallið í bardaga þann 24. febrúar síðastliðinn. – **þea**

# Félagsbústaðir kaupa íbúðir og stefna að hækkun leiguverðs

**Rekstrarhagnaður Félagsbústaða upp á 1,7 milljarða króna rétt dugar fyrir afborgunum og vöxtum af eignunum. Áforma að hækka leigu um fimm prósent. Stefna á að kaupa 124 íbúðir í safnið á yfirstandandi ári. „Við náum ekki endum saman nema að hækka leiguverðið,“ segir framkvæmdastjóri Félagsbústaða.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Áformað er að leiga á húsnæði Félagsbústaða hækki um allt að fimm prósent á miðju ári. Hagnaður félagsins nam í fyrra 7,55 milljörðum króna. Það skýrist að stærstum hluta af matshækkun á eignum sem nemur 7,6 milljörðum króna. Hagnaður fyrir fjármagnsliði nemur 1,68 milljörðum króna. Auðunn Freyr Ingvarsson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða, segir þó að sjóðstreymið sýni einungis þriggja milljóna króna hagnað á milli ára.

„Þegar maður skoðar sjóðstreymið hjá okkur þá er þessi hagnaður, sem er 1,68 milljarðar, eitthvað sem dugar akkúrat til að borga vexti og afborganir lána,“ útskýrir Auðunn.

„Við erum bara eins og hvert annað heimili. Við þurfum að geta staðið við skuldbindingar okkar eins og aðrir. Þetta er svolítið erfitt þegar húsnæðisverð hækkar svona mikið. Þá hækka fasteignagjöldin og það hækkar ýmislegt annað í okkar umhverfi sem hefur áhrif á reksturinn. Það verður dýrara að fá iðnaðarmenn,“ segir Auðunn og bendir á að á sama tíma hafi vísitalan sem hefur áhrif á leiguverðið ekkert hækkað.

„Það gerir það að verkum að við náum ekki endum saman nema að hækka leiguverðið eins og við gerðum á síðasta ári og sjáum fram á, ef allt fer sem horfir, að gera það aftur á þessu ári,“ segir hann og bendir á að samkvæmt áætlunum félagsins sé gert ráð fyrir fimm prósenta hækkun á þessu ári en hugsanlega fari það niður í 2,5 prósent ef eitthvað þróast ekki á þann hátt sem reiknað er með.

Þá er áformað að Félagsbústaðir kaupi 124 íbúðir í ár. „Um þessar mundir erum við aðallega að kaupa notaðar íbúðir, en það er að breytast af því að við erum að fara inn í verkefni með Búseta og Bjargi, sem eru að byggja mikið,“ útskýrir Auðunn.

Hann segir að Félagsbústaðir taki þátt í þeim verkefnum. Til að mynda munu Félagsbústaðir eiga 20 prósent þeirra fasteigna sem Bjarg er byrjað að byggja í Spönginni. „Við erum með í öllum þeim verkefnum sem Bjarg er að fá lóðir í á næstunni og við erum með í verkefnum Búseta á þremur reitum,“ segir Auðunn og tekur fram að það sé nauðsynlegt fyrir Félagsbústaði að eignast nýjar íbúðir í bland við þær gömlu sem verið er að kaupa.

Auðunn segir að leiga á þriggja herbergja íbúð, sem er um 75 fermetrar að stærð, sé á bilinu 115-120 þúsund krónur. Hún skiptist í grunnleigu sem er um 40 þúsund krónur og svo bætast við þúsund krónur á hvern fermetra.

**jonhakon@frettabladid.is**



**Framkvæmdastjóri Félagsbústaða segir rekstur fasteignafélaga erfiðan þegar húsnæðisverð hækkar svona mikið. Þá hækka fasteignagjöldin og það hækkar ýmislegt annað sem hefur áhrif á reksturinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við þurfum að geta staðið við skuldbindingar okkar eins og aðrir.**
>
> Auðunn Freyr Ingvarsson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða




FRÉTTABLAÐIÐ.IS

## MEST LESIÐ



1 Myndband af Hauki birt á YouTube

2 Menntamálastofnun fellur á íslenskuprófi

3 Alblóðugur með gangstéttarhellu í fanginu

4 Fresta samræmdu prófi vegna bilunar

5 Ríkisstjórnin situr uppi með söngbókina

## „Ekki sprengja börn“




Meðlimir fjölþjóðlegu samtakanna Barnaheilla komu þessari styttu fyrir framan við Westminsterhöll í Lundúnum til að mótmæla komu Mohammads bin Salman, krónprins Sádi-Arabíu, til borgarinnar. Markmið Barnaheilla er að vekja athygli á þeim hörmungum sem fylgt hafa hernaði Sádi-Araba í Jemen. „Ekki varpa sprengjum á börn,“ er ritað á fótstall styttunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fá sextán þúsund á tímann í kjararáði

**Þóknun til þeirra sem sitja í kjararáði er nú 16.290 krónur á tímann og hafa launin hækkað um 62,9 prósent á tíu árum. Allar þrjár óskir formanns kjararáðs um launahækkun til ráðsmanna á undanförnum sex árum hafa verið samþykktar af fjármálaráðherra.**

**STJÓRNSÝSLA** Kjararáð neitar að upplýsa um heildargreiðslur til meðlima ráðsins og þann fjölda vinnustunda sem liggja samanlagt að baki þeim.

„Kjararáð hefur ekki tekið saman þær upplýsingar sem spurt er um í beiðni þinni. Umbeðnar upplýsingar liggja því ekki fyrir hjá ráðinu og ekki er skylt að útbúa ný skjöl eða gögn til að svo verði,“ segir í svari frá Önnu Hermannsdóttur, lögfræðingi og starfsmanni kjararáðs.

Fréttablaðið hefur um nokkurt skeið reynt að kalla fram mynd af launakjörum þeirra er skipa kjararáð. Þann 19. desember síðastliðinn var óskað eftir afriti ákvarðana fjármálaráðherra síðustu tíu árin varðandi greiðslur til meðlima kjararáðs. Samkvæmt lögum ákvarðar ráðherra þær.

> **Umbeðnar upplýsingar liggja því ekki fyrir hjá ráðinu og ekki er skylt að útbúa ný skjöl eða gögn til að svo verði.**
>
> Anna Hermannsdóttir, skrifstofustjóri hjá kjararáði

Í svari fjármálaráðuneytisins 3. janúar síðastliðinn kemur fram að kjararáð hafi fengið þrjár hækkanir frá og með 2012. Sú fyrsta var í mars 2012 og miðaðist við „launaþróun opinberra starfsmanna frá fyrsta ársfjórðungi 2008“ samkvæmt ósk þáverandi formanns kjararáðs, Svanhildar Kaaber.

Næst ákvað fjármálaráðherra þann 28. október 2016, daginn fyrir alþingiskosningar, að verða við ósk Jónasar Þórs Guðmundssonar, formanns kjararáðs, og hækka laun ráðsins „í samræmi við hækkun launavísitölu“ frá 1. apríl 2012. Þessi ákvörðun var afturvirk til 1. júní 2016.

Rúmu ári síðar, 6. desember síðastliðinn, kom önnur hækkun til kjararáðs samkvæmt beiðni formannsins, aftur í samræmi við þróun launavísitölu frá fyrri hækkun. Þarna hækkuðu launin um 7,3 prósent á milli ára. Hækkunin var afturvirk til 1. ágúst.



**Jónas Þór Guðmundson, formaður kjararáðs.**

„Meðlimir kjararáðs fá greitt tímagjald fyrir setu á fundum að viðbættum samsvarandi tíma til undirbúnings. Tímagjaldið er nú 16.290 krónur í verktakagreiðslu. Að jafnaði er fundað einu sinni í viku,“ sagði í svari fjármálaráðuneytisins í janúar. Tímagjaldið var 10 þúsund krónur á fyrsta ársfjórðungi 2008 og hækkunin síðan hefur því verið 62,9 prósent.

Sem fyrr segir hefur Fréttablaðið reynt að fá mynd af heildargreiðslum til meðlima kjararáðs en það hefur ekki tekist. Fjármálaráðuneytið vísaði um miðjan janúar fyrirspurn um það atriði til kjararáðs sem svaraði ekki því sem um var spurt en benti á fjárlög hvers árs fyrir sig. Þar megi „sjá þær fjárhæðir sem ætlaðar hafa verið til reksturs ráðsins hverju sinni“.

Samkvæmt fjárlögum 2017 átti rekstur kjararáðs að kosta 41,2 milljónir króna á því ári.

Kjararáð hafnaði því svo loks í gær sem fyrr segir að gefa upp samanlagðar greiðslur og tímafjölda meðlima ráðsins sem skipað er sex manns.

**gar@frettabladid.is**




Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldir en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munni á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólarhringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.
Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

# Meira danskt



NÝTT
EKTA DANSKT

## Smørrebrød

Hangikjöt, rækjur, hamborgarhryggur, lax og roastbeef

**995** kr/stk

Tilboð gilda út 11. mars.




### Gøl og Tulip Leverpostej

Klassisk grov, Sønderjysk og Bacon

verð frá **549** kr/pk




### Danskt álegg

Til frokosten

verð frá **529** kr/pk




### Danskt kjötmeti

Til aftensmaden

verð frá **549** kr/pk




### Hot dog pølser

Kendte danske pølser

**1.299** kr/pk




### Jensens rif

Tilbúið beint í ofninn eða á grillið. 550 g

**1.599** kr/pk




### Jensens pulled pork

Búðu til bestu grísasamlokuna. 800 g

**2.199** kr/pk

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

HAGKAUP

*Meira svona alla daga*

LÆKNASTOFA

Hef flutt læknastofu mína í Læknastöðina Sogavegi, Sogavegi 108, sími 516 2000.

**Einar Már Valdimarsson**
Sérgrein: Taugalækningar

**Málverk eftir Þorvald Skúlason, Karl Kvaran og Guðmundu Andrésdóttur.**

Leitum eftir abstraktmálverkum eftir Þorvald Skúlason, Karl Kvaran, Guðmundu Andrésdóttur ofl. fyrir viðskiptavin.

Ný verk í sölu á: **studiostafn.is/listaverkasala**
Studio Stafn, Hátúni 6B, Sími 552 4700.
STUDIO STAFN





# Nýkjörinn formaður boðar breytta tíma

**Sólveig Anna Jónsdóttir, nýkjörinn formaður Eflingar, hefur ekki kynnt sér eigin launakjör sem forystumaður í verkalýðshreyfingunni. Hún boðar breytingar í verkalýðsbaráttunni. Segir yfirburði framboðs síns hafa komið á óvart.**

**KJARAMÁL** „Þegar ég ákvað að slá til þá ákvað ég að ég vildi ekki einu sinni vita hvað svona verkalýðsforkólfur er með í laun. En ég er væntanlega að fara að hækka eitthvað hressilega, já,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, starfsmaður á leikskóla og nýkjörinn formaður Eflingar, spurð hvort hún muni ekki hækka í launum þegar hún tekur við formennskunni á aðalfundi félagsins 26. apríl. Hún segist ekki heldur hafa kannað eftir að niðurstaðan varð ljós hver laun hennar yrðu. „Ég er ekki einu sinni búin að sofa almennilega.“

Meirihluti félagsmanna í ASÍ er félagsmenn VR og Eflingar og munu því væntanlega eiga meirihluta fulltrúa á sambandsþingi ASÍ sem fer fram í haust. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hefur sagt í samtali við Fréttablaðið að hann geti hugsað sér að beita sér fyrir hallarbyltingu í ASÍ, eða að VR segi sig úr samtökunum.

Sólveig segist ekki vera farin að leiða hugann að því hvort hún sjái fyrir sér breytingar á forystu ASÍ í kjölfar breytinga á stjórn Eflingar.

„Núna erum við bara að njóta þessarar sigurstundar. Við erum bara enn þá þar. Ekki aðeins vinnum við þessa kosningu heldur vinnum við yfirburðasigur. Sem segir okkur það að ekki einungis langaði fólk í breytingar heldur höfðar orðræða okkar, þessi róttæka orðræða, rosalega sterkt til fólks þegar henni er beitt. Við lítum því þannig á að við séum með sterkt umboð frá meðlimum. Það gefur náttúrlega augaleið að það verður ekki fetuð sama braut og það eru miklar breytingar í vændum,“ segir Sólveig.

B-listinn, framboð Sólveigar og félaga hennar, hlaut 80 prósent greiddra atkvæða í Eflingarkosningunum.

Sólveig segir að yfirburðirnir hafi komið sér og öðrum frambjóðendum B-listans á óvart.

„Ég átti nú ekki von á þessu. Ég verð að viðurkenna það, en við vorum farin að leyfa okkur að vera bjartsýn,“ segir Sólveig. **jonhakon@frettabladid.is**



**Sólveig segir að hin róttæka orðræða B-listans höfði vel til fólksins í Eflingu. Hún er boðberi breytinga í verkalýðsbaráttunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Við lítum þannig á að við séum með sterkt umboð frá meðlimum.**
>
> Sólveig Anna Jónsdóttir, nýkjörin formaður Eflingar

### Úrslit kosninganna urðu þessi

- Á kjörskrá voru 16.578 félagsmenn og af þeim greiddu 2.618 atkvæði.
- B-listi Sólveigar Önnu Jónsdóttur fékk 2.099 atkvæði.
- A-listi stjórnar og trúnaðarráðs fékk 519 atkvæði.
- Auðir seðlar voru 6 og ógildir voru 4.


# Aðalfundur VR

**Aðalfundur VR verður haldinn mánudaginn 19. mars kl. 19:30 á Hilton Reykjavík Nordica.**

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, lagabreytingar og ákvörðun um innborgun í VR varasjóð.

Dagskrá og frekari upplýsingar er að finna á **vr.is**.

**Við hvetjum félagsmenn til að mæta.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | VR.IS


# Elstu tré Hafnarfjarðar felld til að bjarga Siggubæ

**HAFNARFJÖRÐUR** „Þetta er eiginlega spurning um hvort það sé hægt að viðhalda húsinu eða hvort trén eigi að fá að vera,“ segir Steinar Björgvinsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, um tvö af elstu trjám bæjarins sem til stendur að fella.

Um er að ræða tvö lerkitré sem standa við suðurgafl Siggubæjar, eins elsta húss Hafnarfjarðar, sem heyrir undir byggðasafn bæjarins. Í greinargerð garðyrkjustjóra segir að lerkið hafi „í áratugi verið hægt og bítandi að berja húsið og þá þakkantinn“ þannig að verulega sjái á. „Til að hægt sé að lagfæra bæinn neyðumst við til að fjarlægja trén.“

Upphaflega vildi Steinar að trjánum yrði hlíft. „Er algerlega á móti því að fella þau,“ sagði hann í tölvupósti er bæjarskrifstofurnar inntu hann álits á málinu. Benti hann á að trén væru með þeim elstu sem vitað sé um í Hafnarfirði. Á lóðinni sé jafnframt heggur sem sé elsta tré bæjarins svo vitað sé. Heggurinn sé væntanlega rótarskot frá tré sem plantað hafi verið árið 1913. „Það ætti í raun að friða þessi tré!“ lagði Steinar áherslu á.

Nú segist Steinar hafa kynnt sér málið nánar. „Ég sagði að mér fyndist sögunnar vegna að það ætti að friða þau en nú er ég búinn að skoða aðstæður betur,“ segir Steinar og bendir á að lerkitrén hafi á sínum tíma verið sett alveg upp við suðurgafl hússins, sennilega til að tryggja þeim skjól. Að auki sé klöpp undir þeim og því séu þau fremur lítil. **– gar**


**Lerkitrjánum við suðurgafl Siggubæjar mun hafa verið plantað árið 1926.** MYND/HAFNARFJARÐARBÆR

> **Það ætti í raun að friða þessi tré!**
>
> Steinar Björgvinsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar







# CR-V
# Á HONDA BETRA VERÐI

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
**Já, og meira fyrir peninginn.**

**SÉRVALDIR HONDA CR-V Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

**VERTU MEIRA TIL Á MEST SELDA BORGARJEPPA Í HEIMI**

HONDA CR-V 4X4 SJÁLFSKIPTUR VERÐ FRÁ KR. 5.390.000

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

HONDA

# Ekki svört starfsemi og harma málaferli

**Formaður Veiðifélags Grímsár undirstrikar að félagið sjálft sé ekki sakað um að hafa stundað svarta starfsemi í veiðihúsi sínu sem leigt hafi verið út til annars aðila. Það sé hins vegar ömurlegt að hafa staðið í málarekstri við eigin félagsmenn í dómsmáli sem tapaðist.**



Hjónin í Fossatúni reka þar umsvifamikla veitinga- og gistiþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður Veiðifélags Grímsár og Tunguár.

**DÓMSMÁL** „Okkur þótti náttúrlega mjög fúlt að vera dæmd fyrir að fara illa með eigin félaga,“ segir Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður Veiðifélags Grímsár og Tunguár í Borgarfirði.

Í Fréttablaðinu á mánudag sagði frá sjónarmiðum hjónanna Steinars Bergs Ísleifssonar og Ingibjargar Pálsdóttur sem reka ferðaþjónustu við Grímsá á jörð sinni Fossatúni. Þau gagnrýna framgöngu veiðifélagsins, sem þau sjálf eiga aðild að, vegna útleigu á sínum tíma á veiðihúsinu við Grímsá utan laxveiðitíma í samkeppni við þau sjálf. Hjónin unnu dómsmál gegn veiðifélaginu vegna þess. Síðan þá hefur Alþingi breytt lögum svo veiðifélögum er heimilt að stunda slíka útleigu. Þetta telja hjónin hafa verið gert sér til höfuðs eftir fyrirmæli frá Landssambandi veiðifélaga.

Steinar og Ingibjörg hafa sett á fót sérstaka vefsíðu um þessi málefni. „Okkur ábúendum í Fossatúni þótti sérkennilegt að standa í samkeppni við veiðifélagið og svarta atvinnustarfsemi í skjóli þess,“ var vitnað til síðunnar í Fréttablaðinu á mánudag. Í undirfyrirsögn fréttarinnar sagði að hjónin segðu veiðifélagið hafa stundað svarta atvinnustarfsemi. Sveinbjörn kveðst telja að þessi útlegging í undirfyrirsögninni sé rangtúlkun á orðum hjónanna.

„Til þessa hafa þau sagt að einhverjir aðrir hafi gert það í skjóli okkar – enda höfum við ekki verið með neina starfsemi til þess að geta rekið svarta. Þau eru örugglega ekki að vísa til veiðifélagsins,“ undirstrikar Sveinbjörn. Hann vísar þar til þess að veiðifélagið hafi sjálft ekki staðið í rekstri heldur leigt húsið öðrum aðilum.

> **Þetta er út af fyrir sig ágætis skáldskapur.**
>
> Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga



„Þetta er álíka eins og að þú eigir gróðurhús og leigir það undir rósarækt og vaknar svo upp við það einn daginn að löggan kemur í heimsókn og kennir þér um að vera að rækta hass þar – bara af því að þú átt húsið.“

Sveinbjörn segir málflutning Fossatúnshjónanna á margan hátt mjög ósanngjarnan gagnvart veiðifélaginu. „En á ýmsan hátt er líka ömurlegt fyrir þau að hafa þurft að standa í þessum málarekstri. Það var ömurlegt fyrir okkur í veiðifélaginu að hafa komið þannig fram við félagsmenn en við stóðum í þeirri meiningu að þetta væri okkur heimilt,“ segir hann.

Fossatúnshjónin fullyrða á síðu sinni að formaður Landssambands veiðifélaga hafi, eftir að þau unnu málið í Hæstarétti, gengið á fund sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fullyrt að dómurinn væri rangur og í kjölfarið verið falið að vinna að lagabreytingu með starfsmönnum ráðuneytisins.

„Þetta er út af fyrir sig ágætis skáldskapur en hið rétta er að dómurinn hafði þau réttaráhrif að veiðifélög gátu ekki á fundi tekið meiriháttar ákvarðanir um eignir með atkvæðagreiðslu heldur þurfti til samþykki allra félagsmanna,“ segir Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, um þetta atriði. „Þessi niðurstaða kallaði einfaldlega á að sett yrðu ákvæði í lögin um lax- og silungsveiði þar sem kveðið væri á um málsmeðferðarreglur þegar ráðstafa skyldi eignum veiðifélags.“

Ennfremur segir Óðinn að breytingin á lögunum hafi því ekkert haft með hjónin í Fossatúni að gera annað en það að þau hafi leitt óskýrleika í lögunum í ljós með málarekstri sínum. „Það er því algjörlega fráleitt að lögin hafi verið sett til höfuðs þeim.“ gar@frettabladid.is





GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Neita að auglýsa lausar sendiherrastöður

**Utanríkisráðuneytið er ósammála Ríkisendurskoðun um auglýsingar um lausar stöður sendiherra og hefur ekki hug á breyttu verklagi. Því er haldið fram að Alþingi vilji ekki afnema undanþáguna. Fyrrverandi alþingismaður segir Alþingi aldrei hafa tekið afstöðu til þess.**

**STJÓRNSÝSLA** Utanríkisráðuneytið er ósammála Ríkisendurskoðun um nauðsyn þess að stöður sendiherra séu auglýstar. Ríkisendurskoðun beindi þeim tilmælum til ráðuneytisins, í ráðherratíð Gunnars Braga Sveinssonar, árið 2015 að það beitti sér fyrir að felld yrði úr gildi undanþága fyrir utanríkisþjónustuna frá almennri skyldu hins opinbera til að auglýsa laus embætti. Í svari ráðuneytisins er tilmælum stofnunarinnar mótmælt meðal annars með þeim rökum að Alþingi hafi ekki talið rétt að afnema undanþáguna. Þetta kemur fram í eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar sem birt var á vef hennar í gær.

„Vilji Alþingis hefur aldrei komið fram í þessu máli,“ segir Guðmundur Steingrímsson, sem lagði tvívegis fram frumvarp um brottfall undanþágunnar í þingmannstíð sinni. Málið komst aldrei úr nefnd og fór aldrei í atkvæðagreiðslu. Það er bara mælikvarði á tímaskort í þinginu og lýsir örlögum margra þingmannamála, en það er enginn mælikvarði á vilja Alþingis enda ekki hægt að halda því fram að hann hafi komið fram í málinu.“

Aðspurður segir Guðmundur það vera kröfu um faglega og opna stjórnsýslu sem ráðið hafi því að frumvarpið var lagt fram.

„Það hefur margoft kviknað umræða um skipun sendiherra og það er alveg óljóst í lögunum af hverju það á að vera einhver sérstök undanþága um sendiherra. Við hljótum að vilja fá hæfasta fólkið sem völ er á.“ Hann segir frumvarpið hafa gert ráð fyrir því að stöðurnar yrðu auglýstar með opnum hætti eins og hver önnur störf, en vísar til Norðurlandanna þar sem reglur um þessi efni eru breytilegar. „Það mætti vel sníða svona reglu að málefnalegum þörfum utanríkisþjónustunnar. Til dæmis ef menn vilja hafa einhvers konar framgangskerfi innan þjónustunnar en þá þarf að vera hægt að komast inn í það kerfi með einhverjum opnum hætti. Grunnreglan á að vera sú að það þarf að rökstyðja ákvarðanir og ráðningar og gefa fólki færi á að spreyta sig í umsóknarferli,“ segir Guðmundur og bætir við:

„En það er svona eins og menn vilji hafa þetta eins og einhvers konar ráðstöfunarskúffu ráðherra sem ég held að hafi bara ekki skilað neitt sérstaklega góðri niðurstöðu.“

Heildarendurskoðun laga um utanríkisþjónustuna stendur fyrir dyrum og er frumvarp þess efnis boðað nú á vorþingi í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er brottfall umræddrar undanþágu frá auglýsingaskyldu ekki meðal helstu áhersluatriða frumvarpsins en vinnsla frumvarpsins standi þó enn yfir.

adalheidur@frettabladid.is



**Endurskoðun laga um utanríkisþjónustuna stendur fyrir dyrum í ráðuneyti Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Gunnar Bragi Sveinsson**

## Úr umsögn utanríkisráðuneytisins við frumvarp Guðmundar og félaga í Bjartri framtíð:

Framgangur til að gegna embætti sendiherra getur t.d. komið til þegar starfsmaður í sendiherrastöðu hefur töku eftirlauna og reyndur diplómat er skipaður í sendiherrastöðu í staðinn. Þegar sú staða er uppi, telst embætti sendiherra ekki laust í skilningi laga og reglna þannig að skylda til auglýsingar vakni. Þá er rétt að nefna að starfsmaður sem kemur til álita að hljóti framgang í embætti sendiherra hefur þegar sótt um laust auglýst starf, þ.e. við upphaf starfsferils síns. Það hefur því þegar verið lagt mat á færni og hæfni starfsmanns í ráðningarferli sem fram fór á þeim tíma er hann var ráðinn.

[...]

Utanríkisþjónustan hefur einnig góða reynslu af því að leita út fyrir raðir utanríkisþjónustunnar eftir sendiherraefnum sem búa yfir sambærilegri þekkingu og reynslu á alþjóðamálum. Líkt og öðrum vinnustöðum kemur það utanríkisþjónustunni að gagni að vera ekki lokað kerfi og meta ber reynslu og þekkingu annars staðar frá á móti þeirri þekkingu og reynslu sem fólk öðlast af störfum innan hennar. Sem dæmi má nefna reynslumikla og öfluga embættismenn annars staðar að úr stjórnkerfinu, fyrrverandi ráðherra og þingmenn og öflugt fólk úr viðskipta- og menningarlífi.







**20**% afsláttur af öllum vörum frá
Elizabeth Arden dagana 8.-14. mars

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# KONUKVÖLD

## FYRIR ÞIG OG ÞÍNAR



## OPIÐ TIL 23 Í KVÖLD

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# SMÁRALIND

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| A4<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | AIR<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | BJARKARBLÓM<br>20%<br>afsláttur af Eldliljubúntum | THE BODY SHOP<br>20%<br>afsláttur af verði allra vörutegunda | BOSSANOVA<br>15%<br>afsláttur af öllum skóm |
| CINTAMANI<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | comma,<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | CORNER<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | CORTEFIEL<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | Drangey<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum |
| Dressmann<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | XL Dressmann<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | DÚKA<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum auk annarra sértilboða | DÝRABÆR<br>20%<br>afsláttur af flestum vörum | energia<br>RESTAURANT - KAFFI - BAR<br>2.800 KR.<br>Tandoori kjúklingasalat ásamt vínglasi |
| EPLI<br>15.000 KR.<br>afsláttur af Iphone 8 Plus 64 GB Silver<br>**10.000 kr. afsláttur** af Iphone 8 Plus 256 GB Silver | ESPRIT<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum | galleri sautján<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum í dömudeild | gs skór<br>20%<br>afsláttur af öllum skóm | HAGKAUP<br>TAXFREE<br>af allri snyrtivöru |
| JACK & JONES<br>15%<br>afsláttur af stuttermabolum | Jens<br>20%<br>afsláttur af silfur- og stál-skartgripum og öllum úrum | JOE & THE JUICE<br>COFFEE, JUICE AND MUCH MORE<br>30%<br>afsláttur af COMBO | JÓN & ÓSKAR<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum nema 10% afsláttur af trúlofunarhringjum | KARAKTER KONUR<br>20%<br>afsláttur af öllum vörum |

*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

## TILBOÐIN GILDA Í ALLAN DAG

Kaupfélagið
20%
afsláttur af öllum skóm og töskum

Levi's
20%
afsláttur af allri dömuvöru

Lif&List SMÁRALIND
20%
afsláttur af öllum glösum, kertastjökum og öllum vörum frá Bitz

LINDEX
20%
afsláttur af öllum vörum

LYFJA
20%
afsláttur af snyrtivörum, ilmum, húðvörum og sokkabuxum

meba
20%
afsláttur af öllum silfurskartgripum

MODUS hár og snyrtistofa
25-30%
afsláttur af öllu í verslun

name it
20%
afsláttur af peysum og bolum

Optical Studio
20%
afsláttur af öllum vörum. Gildir ekki af tilboðsvörum.

PANDORA
20%
afsláttur af öllum vörum

Panduro HOBBY
20%
afsláttur af öllum vörum

Penninn Eymundsson
30%
vildarafsláttur af öllum töskum, ferðafylgihlutum og ferðahandbókum.
**20% afsláttur** af öllum tímaritum auk annarra tilboða.

Pizza Hut
1.990 KR.
hlaðborð og gos

SELECTED FEMME / HOMME
15%
afsláttur af buxum

serrano FRESH ★ HAPPY ★ MEX
1.599 KR.
LKL salat og 0.5 ltr. Kristall

SIX
3 FYRIR 2
af öllum vörum

Síminn
12.990 KR.
Leaf Urban snjallskart (áður 19.990 kr.)
**7.000 kr.** afsláttur af Fitbit Ionic , **5.000 kr.** afsláttur af Apple Watch 3

SKECHERS
20%
afsláttur af öllum skóm og töskum

skórnir þínir
20%
afsláttur af öllum skóm

SPRINGFIELD
20%
afsláttur af öllum vörum

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN
20%
afsláttur af öllum skóm

TE & KAFFI
MOZART KÚLA
fylgir öllum keyptum drykkjum

ÚTILÍF
20%
afsláttur af Nike og CWX

VERO MODA
15%
afsláttur af öllum peysum

VILA CLOTHES
15%
afsláttur af öllum peysum

*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

# FRÁBÆR TILBOÐ OG SKEMMTUN

# SMÁRALIND

women'secret
PRETTY COMFORTABLE & SEXY
20%
afsláttur af
öllum vörum

World Class ICELAND
20%
afsláttur af öllum
FACE BODY HOME
Laugar SPA vörum

XO
FUN · FAST · FUSION
580 KR.
allir djúsar og
shake

SMÁRA TÍVOLÍ
2 FYRIR 1
af öllu
á barnum

M·A·C
20%
afsláttur af
öllum vörum

## LÍFLEG STEMNING FRAM Á KVÖLD






**19.30** KYNNIR KVÖLDSINS **ERNA HRÖNN** STÍGUR Á SVIÐ
**20.00** **FÓKUS HÓPURINN** KEYRIR UPP STEMNINGUNA
**20-23** STJÖRNUHERSING: **BEGGI OG PACAS, NONNI GULL, HALLA HIMINTUNGL OG ELÍN** SPÁ Í STJÖRNURNAR OG FRAMTÍÐINA
**21.00** **SELMA BJÖRNS OG REGÍNA ÓSK** FLYTJA LÖG ÚR ABBA SÝNINGUNNI
**21.30** **GRÉTA SALÓME** SÝNIR SNILLDAR TAKTA
**22.00** **EYÞÓR INGI** TEKUR LAGIÐ MEÐ STÆL
**22.00** HAPPDRÆTTI: **AÐALVINNINGAR DREGNIR ÚT**

## ÆSISPENNANDI HAPPDRÆTTI
OG FJÖLMARGIR GLÆSILEGIR AUKAVINNINGAR

1. VINNINGUR
**BORGARFERÐ**
FYRIR 2 MEÐ
GAMAN FERÐUM

2. VINNINGUR
**ÁRSKORT**
Í WORLD CLASS

3. VINNINGUR
**30.000 KR.**
GJAFAKORT
FRÁ SMÁRALIND

Gaman Ferðir
World Class ICELAND
K100 FM 100.5

## OPIÐ TIL 23 Í KVÖLD

# Koma með einkaskilaboð frá Kim til Bandaríkjastjórnar

**SUÐUR-KÓREA** Sendinefnd suðurkóreskra erindreka mun koma einkaskilaboðum frá Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, til Bandaríkjastjórnar þegar sendinefndin ferðast til höfuðborgarinnar Washington síðar í vikunni.

Kim afhenti erindrekunum skilaboðin á fundi þeirra í norðurkóresku höfuðborginni Pjongjang en óljóst er hvort erindrekarnir fundi með Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, sjálfum.

„Við getum ekki sagt fjölmiðlum frá öllu en við fengum upplýsingar um ýmsar skoðanir og viðhorf Norður-Kóreumanna sem við munum upplýsa Bandaríkjamenn um í heimsókn okkar,“ sagði Chung Eui-yong erindreki við suðurkóreska miðilinn Yonhap.

Á fundinum í Pjongjang sagðist Kim reiðubúinn að styðja afvopnun á Kóreuskaga gegn því að öryggi einræðisstjórnarinnar yrði tryggt.

Trump sagði á samskiptamiðlinum Twitter að mögulega væri árangur að nást í því að losa um spennuna á Kóreuskaga í fyrsta skipti í mörg ár. Hins vegar gæti verið um falsvonir að ræða. „En Bandaríkin eru tilbúin að beita sér af hörku, hvernig sem fer.“



Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, sagði í gær að þótt viss árangur væri nú að nást yrði ekki slakað á viðskiptaþvingunum gagnvart Norður-Kóreu áður en leiðtogar ríkjanna funda á landamærunum í apríl.

„Miðað við það sem ég sé á Twitter virðist Trump jákvæður eftir heimsóknina. En þar sem þetta er bara upphafið held ég að það sé ótímabært að vera bjartsýnn,“ sagði Monn Jae-in í gær. – þea

## Harðorður í garð Venesúela og Egyptalands

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Grunnstoðir lýðræðisins rotna í Venesúela og yfirvöld í Egyptalandi grafa undan lýðræðinu. Þetta er á meðal þess sem kom fram í ræðu og skýrslu Zeid Ra'ad al-Hussein, mannréttindastjóra Sameinuðu þjóðanna, frá því í gær.

Forsetakosningar fara fram í Venesúela í maí en stjórnarandstaðan sniðgengur þær vegna óánægju með aðgerðir forsetans, Nicolas Maduro. „Umgjörð kosninganna uppfyllir



Zeid Ra'ad al-Hussein, mannréttindastjóri SÞ.

á engan hátt lágmarksskilyrði um frjálsar og traustar kosningar,“ sagði Hussein í gær. Hvatti hann mannréttindaráð SÞ til að álykta um að rannsaka skuli mannréttindabrot í Venesúela.

Egyptar ganga til forsetakosninga síðar í þessum mánuði og þykir næsta víst að Abdel Fattah al-Sisi nái endurkjöri. Hussein sagði ríkisstjórn hans nú reyna að ala á ótta. Lögregla hafi handtekið og pyntað stjórnarandstæðinga og þaggað niður í óháðum fjölmiðlum.

„Þrýst hefur verið á frambjóðendur að draga framboð sín til baka. Sumir hafa verið handteknir. Lög hafa verið sett sem banna frambjóðendum að skipuleggja baráttufundi og rúmlega 400 vefsíðum fjölmiðla og félagasamtaka hefur verið lokað.“ – þea

# Kljúfa Austur-Ghouta í tvennt

**Stjórnarherinn er nálægt því að kljúfa Austur-Ghouta í tvennt og hefur tekið næstum helming svæðisins. Nærri 800 hafa fallið í átökum nýverið og hundruð hermanna til viðbótar komu til Austur-Ghouta í gær.**

**SÝRLAND** Her ríkisstjórnar Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, hélt áfram sókn sinni í Austur-Ghouta í gær með loftárásum og sókn á jörðu niðri. Reynir stjórnarherinn nú að kljúfa svæðið í tvennt. Stjórnarliðar hafa nú þegar tekið vel rúman þriðjung svæðisins en um 800 hafa fallið frá því Assad-liðar settu aukinn þunga í sókn sína í febrúar.

Í gær greindu ríkisfjölmiðlar frá því að loftárásir hefðu verið gerðar á bæinn Mesraba til þess að undirbúa innrás hermanna. Ef stjórnarliðar taka Mesraba mun það þýða að þeir hafi um helming Austur-Ghouta á sínu valdi. Samkvæmt eftirlitssamtökunum Syrian Observatory for Human Rights sendu stjórnarliðar 700 hermenn til viðbótar til Austur-Ghouta í gær í von um að styrkja sóknina.

Ef uppreisnarmenn tapa Austur-Ghouta verður það stærsti ósigur þeirra frá því stjórnarherinn tók Aleppo árið 2016 eftir álíka blóðug átök. Austur-Ghouta er síðasta stóra vígi uppreisnarinnar nærri höfuðborginni Damaskus og með því að tapa svæðinu fjarlægjast uppreisnarmenn Assad Sýrlandsforseta.

Rússar, helstu bandamenn Assad-stjórnarinnar, greindu frá því í gær að hluti uppreisnarmanna vilji þiggja boð þeirra um að rýma svæðið og afhenda stjórnarliðum. Hins vegar hafa talsmenn uppreisnarhreyfinganna á svæðinu sagt að það



Særð stúlka fær læknisaðstoð í Austur-Ghouta. Fjölmörg börn hafa dáið og særst í átökunum. NORDICPHOTOS/AFP

sé með öllu ósatt. Uppreisnarmenn ætli að verja Austur-Ghouta og að engar viðræður hafi átt sér stað. „Fylkingarnar í Austur-Ghouta og hermenn þeirra ætla að halda þessu landi. Við munum verja það,“ sagði Hamza Birqdar, einn talsmanna Jaish al-Islam, við Reuters í gær.

Þá greindu Rússar einnig frá því í gær að þeir hefðu aðstoðað þrettán almenna borgara við að flýja svæðið í gær. Var þeim hleypt upp í tóma bíla í bílalest hjálparsamtaka sem hafði fengið að fara inn á svæðið með nauðsynjar á mánudag. Um var að ræða fyrstu bílalestina sem kemur til Austur-Ghouta til að aðstoða almenna borgara frá því að átökin hófust í núverandi mynd. Sagði rússneski herinn jafnframt að hann hefði notað dróna til að fylgjast með því hvort lestinni tækist að komast á leiðarenda.

thorgnyr@frettabladid.is






Orka náttúrunnar, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Nýsköpunarmiðstöð Íslands efna til **hugmyndasamkeppni um nýtingu varmaorku á Suðurlandi.**

Tilgangur samkeppninnar er að fá fram hugmyndir um nýtingu varmaorku sem finnst víða á Suðurlandi og býður upp á fleiri tækifæri en nýtt eru í dag. Markmiðið er að nýta betur verðmætin sem eru í orkunni, auka fjölbreytni í atvinnulífi með umhverfismál að leiðarljósi og vinna að nýsköpun í orkutengdri starfsemi.

Um er að ræða almenna hugmyndasamkeppni sem er öllum opin. Hugmyndir verða áfram eign þeirra sem skila inn tillögum. Ekki er gerð krafa um að hugmyndir verði framkvæmdar.

**Heildarupphæð verðlauna er 3.000.000 kr. og verða fyrstu verðlaun að lágmarki 1.500.000 kr.**
**Tillögum skal skila með tölvupósti á netfangið samkeppni@sass.is eigi síðar en þriðjudaginn 17. apríl 2018.**

Ítarlegri upplýsingar má finna á slóðinni **www.sass.is/hugmyndasamkeppni**

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

# Losun hafta mikið hagsmunamál

**Formaður efnahags- og viðskiptanefndar segir losun innflæðishafta Seðlabankans gríðarlegt hagsmunamál fyrir heimili og fyrirtæki. Hann hefur óskað eftir sérstakri umræðu um málið við fjármálaráðherra. Nefndarmenn segja höftin stuðla að lakari vaxtakjörum.**

Einn veigamesti gallinn á innflæðishöftunum er að þau gera engan greinarmun á vaxtamunarviðskiptum eða langtímafjárfestingum í íslensku atvinnulífi, heldur taka til allra fjárfestinga í íslenskum skuldabréfum. Afleiðingin er sú að ríkissjóður, fyrirtæki og heimili í landinu þurfa að búa við lakari vaxtakjör en annars væri. Þetta er álit nokkurra nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sem Fréttablaðið ræddi við.

Fjallað var um skaðsemi haftanna, sem Seðlabankinn setti á innflæði fjármagns í júní 2016, á fundi nefndarinnar á þriðjudag.

Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA Capital Management, og Steingrímur Arnar Finnsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá Fossum mörkuðum, voru gestir fundarins en þeir ræddu meðal annars leiðir til þess að slaka á höftunum þannig að þau myndu ekki bitna eins harkalega á langtímafjárfestingu erlendra fjárfesta í íslensku atvinnulífi og raun ber vitni.

Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, segir að nefndin muni halda áfram að fjalla um innflæðishöftin og áhrif þeirra og kalla til sín hina ýmsu sérfræðinga. Hann hefur auk þess óskað eftir sérstakri umræðu um málið á þingi við Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra. „Það hefur lítið verið rætt um áhrif haftanna í almennri umræðu en ég held að fleiri og fleiri séu að átta sig á því að þetta er gríðarlegt hagsmunamál fyrir heimili og fyrirtæki,“ segir hann.

> **Það er alveg ljóst að innflæðishöftin verða ekki afnumin nema samhliða endurskoðun peningastefnunnar.**



Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar

Umrædd innflæðishöft virka þannig að 40 prósent af innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skráðum skuldabréfum og innlánum þarf að binda í eitt ár á núll prósent vöxtum. Höftunum var meðal annars ætlað að sporna við vaxtamunarviðskiptum með íslensk ríkisskuldabréf, þar sem aðdráttaraflið er einkum að hagnast á miklum vaxtamun Íslands við útlönd, en gagnrýnt hefur verið að höftin standi jafnframt í vegi fyrir kaupum erlendra fjárfesta á skráðum langtímaskuldabréfum íslenskra fyrirtækja.



**Forsvarsmenn Seðlabanka Íslands hafa sagt að ekki sé tímabært að slaka á innflæðishöftunum á þessari stundu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í samtali við Markaðinn í síðustu viku gagnrýndi Agnar Tómas tregðu stjórnenda Seðlabankans til þess að laga útfærslu haftanna. „Þeir virðast ekki hafa neinn áhuga á því að laga reglurnar í kringum innflæðishöftin að þörfum efnahagslífsins,“ sagði hann.

Fram kom í máli Agnars Tómasar og Steingríms Arnars á fundinum á þriðjudag að höftin hefðu hækkað vexti og vaxtakostnað í landinu verulega. Þeir bentu meðal annars á að þrátt fyrir að Seðlabankinn hefði lækkað stýrivexti sína hefðu fastir vextir til fyrirtækja á skuldabréfamarkaði og fastir verðtryggðir útlánavexti í bankakerfinu staðið nokkurn veginn í stað. Þá hefði vaxtaálag á skuldabréfaútgáfur fyrirtækja snarhækkað. Vaxtalækkanir Seðlabankans hefðu þannig ljóslega ekki skilað sér til heimila og fyrirtækja.

Þorsteinn Víglundsson, fulltrúi Viðreisnar í efnahags- og viðskiptanefnd, bendir á að á sama tíma og erlendum fjárfestum sé haldið frá innlendum fjármagnsmarkaði séu lífeyrissjóðir að auka fjárfestingar sínar erlendis.

„Það er í sjálfu sér æskilegt að sjóðirnir horfi meira til útlanda, enda eru erlendar eignir þeirra orðnar sögulega litlar eftir áratug í höftum. Margir þeirra eru farnir að nálgast hámörk í fjárfestingum sínum í skuldabréfum einstakra útgefenda sem þrengir stakk þeirra verulega til frekari fjárfestinga hér á landi.

Það væri því æskilegt að taka innflæðishöftin til endurskoðunar og stuðla þannig að auknu fjármagnsinnflæði til landsins á sama tíma og lífeyrissjóðirnir nýta sér svigrúm til þess að fjárfesta erlendis,“ nefnir hann.

Þorsteinn tekur þó fram að allir ættu að geta sammælst um að skynsamlegt sé að verja „örsmáa mynt, líkt og krónuna, fyrir vaxtamunarviðskiptum. Það er ljóst að innflæðishöftin verða ekki afnumin nema samhliða endurskoðun peningastefnunnar. Útflutningsgreinarnar okkar mega ekki við stjórnlausri styrkingu krónunnar á grundvelli vaxtamunarviðskipta.“

Ólafur Ísleifsson, áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins í efnahags- og viðskiptanefnd og doktor í hagfræði, segir að á fundinum hafi komið fram margar gagnlegar ábendingar um nauðsyn þess að gerður sé greinarmunur á innflæði fjármagns vegna annars vegar vaxtamunarviðskipta og hins vegar langtímafjárfestingar. Vaxtamunarviðskipti væru vitaskuld skaðleg en langtímafjárfesting væri hins vegar í eðli sínu jákvæð. **kristinningi@frettabladid.is**




## Seðlabankinn með neikvætt eigið fé

Eigið fé Seðlabanka Íslands var neikvætt upp á 1,5 milljarða króna í lok síðasta mánaðar samkvæmt nýbirtum tölum úr efnahagsreikningi bankans. Heildareignir bankans námu 739,1 milljarði króna í lok febrúar og lækkuðu um 5,8 milljarða í mánuðinum en skuldirnar námu á sama tíma 740,6 milljörðum króna. Lækkuðu þær um 2,8 milljarða króna í mánuðinum.

Af heildareignum Seðlabankans námu erlendar eignir, sem eru ávaxtaðar á lágum vöxtum erlendis, 668,1 milljarði króna í lok febrúar og lækkuðu þær um 3,6 milljarða í mánuðinum. Innlendar skuldir bankans voru hins vegar 698,8 milljarðar króna í lok mánaðarins og lækkuðu um 4,1 milljarð.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í ræðu sinni á ársfundi bankans í fyrra að framreikningar til ársins 2025 sýndu að afkoma Seðlabankans yrði að óbreyttu neikvæð frá og með þessu ári um 18 milljarða króna á ári og að eigið fé bankans yrði neikvætt í framhaldinu. Ástæðan væri sú að gjaldeyrisforði bankans væri fjárfestur á sögulega lágum vöxtum erlendis en krónuskuldir bankans bæru mun hærri vexti.



**Már Guðmundsson seðlabankastjóri.**

Í viðtali við Markaðinn í desember í fyrra sagði Már að sá möguleiki væri fyrir hendi að skipta gjaldeyrisforðanum upp í þrjá hluta. Einn hlutinn samanstæði þá af öruggum eignum sem væru ávallt tiltækar innan dags. Öðrum hluta yrði ráðstafað í áhættusamari og lengri fjárfestingar sem gætu gefið betri ávöxtun og þriðji hlutinn yrði settur í fjárfestingar til verulega langs tíma. „Við höfum upp á síðkastið verið að vinna í því að fara yfir rammann á fjárfestingarstefnu gjaldeyrisforðans í þeim tilgangi að ná betri ávöxtun án þess þó að taka of mikla áhættu,“ sagði hann. **– kij**

FLOREALIS




Viðurkennt jurtalyf gegn vægum gigtarverkjum

Fullorðnir: 2 hylki tvisvar á dag. Ekki nota Harpatinum ef þú ert með ofnæmi fyrir jarðhnetum eða soja, eða ert með sár í maga eða þörmum. Ef þú hefur gallsteina eða liðverki samhliða bólgum, roða eða hita, skaltu hafa samband við lækni áður en þú notar Harpatinum. Leitaðu til læknis ef þú finnur fyrir aukaverkunum eða ef einkenni eru viðvarandi eða hafa versnað (2 vikur við vægum meltingartruflunum, 4 vikur við vægum gigtarverkjum). Hvorki ætlað börnum yngri en 18 ára né þunguðum konum eða konum með barn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Fæst í öllum helstu apótekum án lyfseðils

florealis.is/harpatinum

RENAULT
Passion for life

# Nýr Renault **CAPTUR**

## Einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki




## KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CAPTUR Í DAG

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggaralegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7l/100 km* í blönduðum akstri.

**Komdu og reynsluaktu nýjum Captur í dag.**

**RENAULT CAPTUR ZEN**
**Verð: 2.750.000 kr.**

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM87071

**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400 | **Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622 | **Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533 | **Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070 | **IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080 | **BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Traust og vandvirkni



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Traust til Alþingis hefur mælst neyðarlega lítið síðustu ár, sem dæmi má nefna að árið 2012 var það 10 prósent, sem getur ekki talist annað en falleinkunn. Alþingismönnum hefur orðið tíðrætt um að auka þurfi traustið. Því miður eru þeir stundum óralangt frá því að vera góðar fyrirmyndir og um leið eru þeir að vinna gegn vinnustað sínum en ekki með honum. Auðvelt er að benda á tvö nýleg dæmi. Fyrst ber að nefna furðulegar ákvarðanir Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra þegar hún braut stjórnsýslulög með skipan dómara við Landsrétt. Hrokafull viðbrögð hennar í kjölfarið hafa ekki verið henni til sóma. Annað vandræðamál, sem er síst til þess fallið að auka traust þjóðarinnar á þingi og þingheimi, snýst um bílakostnað Ásmundar Friðrikssonar og endurgreiðslur til hans. Í nágrannalöndum okkar hefðu þessi tvö mál leitt til þess að viðkomandi þingmenn hefðu sagt af sér. Ekki kemur á óvart að þeir þingmenn sem hér um ræðir hafa engan áhuga á að brjóta blað í þeim efnum. Þeir sitja sem fastast.

Sigríður Á. Andersen og Ásmundur Friðriksson eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins og hafa með gjörðum sínum fært andstæðingum flokksins sterk vopn í hendur. Það er þó engin ástæða til að setja sig í stríðsstellingar og æpa að sið Jóhönnu Sigurðardóttur að Sjálfstæðisflokkurinn sé spillingarflokkur. Það er nokkuð ljóst að stjórnmálamenn annarra flokka myndu nær allir bregðast eins við og Sigríður Á. Andersen og Ásmundur Friðriksson væru þeir í þeirra sporum. Þegar þingmenn gera alvarleg mistök eða brjóta af sér þá eru þeir nær ætíð afar tregir til að taka afleiðingunum og þá skiptir engu hvaða flokki þeir tilheyra. Það er ekki fyrr en fokið er í öll skjöl sem þeir víkja tilneyddir og afar ósáttir.

Á þeim óróatímum sem ríktu í kjölfar hrunsins hefðu atvik eins og þessi tvö sem hér eru nefnd gert út af við trúverðugleika þingsins. Nú ber svo við og telst til nokkurra tíðinda að í nýjum þjóðarpúlsi Gallup um traust til stofnana mælist Alþingi með 29 prósent traust en það var 22 prósent í fyrra. Traustið mjakast því upp á við, þótt þingheimur eigi enn langt í land með að heilla landsmenn. Reyndar sýnir þessi nýja könnun Gallup að þær stofnanir sem mest vantraust var á eftir hrun eru að rétta úr kútnum og má þar nefna bankakerfið en traust til þess var nánast ekkert á tímabili. Þjóðin er greinilega ekki jafn æst og hún var á hrunárunum, það fór henni heldur ekki vel að veitast að lögreglu, kasta eggjum í Alþingishúsið og fella jólatréð á Austurvelli.

Alþingismönnum ber að vanda sig í vinnu sinni, rétt eins og öðrum landsmönnum. Þeir eru kjörnir fulltrúar þjóðarinnar og eiga að gæta hagsmuna hennar. Það er nú einu sinni svo að menn vinna sér traust með verkum sínum og í þeim efnum eiga þingmenn enn nokkuð langt í land. Þjóðarinnar vegna ber þeim að taka sig á.

> Á þeim óróatímum sem ríktu í kjölfar hrunsins hefðu atvik eins og þessi tvö sem hér eru nefnd gert út af við trúverðugleika þingsins.

**TÝNDUR KETTLINGUR**



Þessi litli kettlingur slapp út frá Kópavogsbraut 78, 200 Kópavogi, laugardaginn 3. mars. Hún hefur aldrei farið út og er því alveg övön. Er ekki komin með ól en er örmerkt og geld. Hún er eflaust hrædd og ekki víst að ókunnugir gætu náð henni.

**Ef þú verður hennar var viltu hringja í Hjördísi í 896 0753.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Laaaaangdreginn brandari**
Helgi Sigurðsson, skopmyndateiknari Morgunblaðsins, er einn sá ófyndnasti sem sögur fara af í listgreininni. Hernaðarandstæðingurinn Stefán Pálsson kemur við sögu með Keflavíkurgönguskilti í teikningu Helga í Mogganum á mánudaginn þar sem hann reynir að gera grín að vopnaflutningum Air Atlanta. Þegar Stefán frétti, seint og um síðir, af sjálfum sér í brandaranum vaknaði hjá honum tilvistarheimspekileg spurning: „Hvort segir það meira um vinahópinn manns eða útbreiðslutölur Moggans að það líði einn og hálfur sólarhringur frá því að hinn makalausi spéfugl birtir skopmynd áður en manni berst það til eyrna?“

**Frjálsar landvættir**
Frelsisflokkurinn hyggst bjóða fram í borgarstjórnarkosningunum. Helsta pólitíska afrek formannsins, Gunnlaugs Ingvarssonar, til þessa er að hafa, ásamt Gústaf Níelssyni, stokkið frá sökkvandi skútu Þjóðfylkingarinnar í aðdraganda þingkosninganna 2016. Hann var vígreifur í viðtali á Útvarpi Sögu á þriðjudag. Hann ætlar að beita sömu meðulum og Framsóknarflokkurinn í borginni 2014 og sagðist vilja afturkalla úthlutun „moskulóðarinnar“ í Sogamýri og einnig koma í veg fyrir að bænaturn verði reistur í Skógarhlíð.

# Smálán eru vaxandi vandamál



Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara

Embætti umboðsmanns skuldara greindi frá því á dögunum að fjöldi þeirra sem sóttu um aðstoð hjá embættinu hefur verið vaxandi frá árinu 2015. Greining á þessari aukningu leiðir í ljós að mest fjölgun er meðal umsækjenda á aldrinum 18-29 ára en um 70% þeirra hafa tekið smálán.

Alla jafna er um að ræða tekjulága einstaklinga, á leigumarkaði, með neysluskuldir sem oft eru með óhagstæðum lánaskilmálum. Markaðssetning smálána hefur verið áberandi undanfarin misseri og virðist einkum beint að þessum aldurshópi. Embættið hefur vakið athygli á því hversu einfalt er að nálgast smálán en nægilegt er að einstaklingur skrái nafn, kennitölu og bankareikning á vefsvæði og þá getur hann fengið lán sé hann ekki á vanskilaskrá.

Þessi staða er alvarleg og leggur embættið áherslu á að með auknu aðgengi að lánsfé fyrir þennan hóp er mikilvægt að stuðla að auknu fjármálalæsi og þarf sú fræðsla meðal annars að beinast að þessu tiltekna lánsformi og því hvaða afleiðingar það getur haft fyrir einstaklinginn að nýta sér það.

Embættið fagnar þeirri þörfu umræðu sem skapast hefur undanfarið og ekki síst þeim áhuga sem Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, hefur sýnt þessu mikilvæga málefni.

Að mati umboðsmanns skuldara er þetta verkefni tvíþætt. Til að taka á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir þarf að gera ítarlega könnun á umfangi og starfsemi smálánafyrirtækja hér á landi. Kanna þarf til hvaða aðgerða grípa þarf til að koma böndum á starfsemina t.d. með því að gera hana eftirlitsskylda með sama hætti og fjármálafyrirtæki.

Þá er ljóst að efla þarf fjármálalæsi og er brýnt að kennsla um fjármál verði hluti af almennu námi á grunn- og framhaldsskólastigi hér á landi. Embætti umboðsmanns skuldara vill leita allra leiða til að forða þeim sem sækja um þessi lán frá því að lenda í greiðsluerfiðleikum og er embættið tilbúið að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að svo megi verða.

> Til að taka á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir þarf að gera ítarlega könnun á umfangi og starfsemi smálánafyrirtækja hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Erlendir bankar og Ísland

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Líkt og margir aðrir hef ég mælt fyrir því frá því löngu fyrir hrun og fyrir einkavæðingu bankanna 1998-2003 að erlendir bankar væru fengnir hingað til lands. Þess var og er þörf til að auka samkeppni á fjármálamarkaði til hagsbóta fyrir heimili og fyrirtæki og til að stía stjórnmálamönnum og vinum þeirra frá bankarekstri svo sem brýna nauðsyn hefur borið til allar götur frá heimastjórnarárunum eftir aldamótin 1900. Einna helzt hafa kanadískir og norrænir bankar komið til álita, kanadískir bankar vegna þess að þeir hafa aldrei komizt í kröggur, jafnvel ekki í heimskreppunni 1929-1939, og norrænir bankar sem hafa siglt lygnan sjó án áfalla undangenginn aldarfjórðung.

Mikinn vaxtamun á Íslandi, þ.e. háa útlánsvexti og lága innlánsvexti, má að miklu leyti rekja til fákeppni sem á engan sinn líka í nálægum löndum. Erlendir bankar starfa jafnvel í dreifðum byggðum Noregs upp eftir allri vesturströnd þess vogskorna lands. Norðmenn eignast flestir húsin sín svo að segja skuldlaus fyrir fimmtugt. Íslendingar dragast margir áfram með námslán á bakinu fram á elliár að ekki sé talað um húsnæðislán. Ísland er eina landið í Evrópu þar sem erlendir bankar eiga ekkert í innlendum bönkum og starfrækja ekki heldur útibú.

Hvernig skyldi standa á þessu?

**Ein heiðarleg tilraun var eyðilögð, önnur var glæpsamleg, hún tókst**

Hefur verið reynt að laða trausta erlenda banka að íslenzkum bankarekstri? Skandinaviska Enskilda Banken, einn helzti banki Svíþjóðar, var að því kominn að kaupa þriðjungshlut í Landsbanka Íslands 1998 fyrir frumkvæði viðskiptaráðuneytisins. Þetta frumkvæði mæltist ekki vel fyrir í forsætisráðuneytinu og voru Svíarnir því sendir heim þar eð vænlegra þótti að „Landsbankinn kæmist í hendur manna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði a.m.k. talsamband við“, eins og Styrmir Gunnarsson ritstjóri Morgunblaðsins lýsti svo eftirminnilega í bókinni Forsætisráðherrar Íslands: Ráðherrar Íslands og forsætisráðherrar í 100 ár (2004, bls. 467). Nokkru síðar var Landsbankinn keyrður í kaf og bankakerfið allt eins og það lagði sig með hörmulegum afleiðingum fyrir mikinn fjölda fólks og fyrirtækja innan lands og utan. Margir bankamenn fengu fangelsisdóma, sumir langa.

**Bankasaga Íslands hefur verið samfelld hörmungasaga í meira en hundrað ár. Nýju bankarnir sem reistir voru á rústum gömlu bankanna hafa ekki lært nærri nóg af hruninu eins og ráða má t.d. af ótæpilegum kaupgreiðslum til stjórnenda bankanna og miklu vantrausti almennings í garð þeirra.**

Málamyndakaup þýzka bankans Hauck & Aufhäuser á eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands 2003 er kafli út af fyrir sig. Sérstakri rannsóknarnefnd Alþingis tókst ekki að upplýsa hvert hagnaðurinn af þeim málamyndagerningi rann.

Frá hruni 2008 hefur samkeppni minnkað á bankamarkaði þar eð flestir sparisjóðirnir eru horfnir. Stóru bankarnir þrír eru ennþá allir eins.

**Aðrar tilraunir?**

Hafa aðrar tilraunir verið gerðar til að laða erlenda banka að innlendum bankarekstri? – Þó ekki væri nema til að draga úr líkum þess að sagan endurtaki sig. Um það er engum skrifuðum heimildum til að dreifa. Eina leiðin til að komast að því er að spyrja menn sem hafa vitneskju um málið innan stjórnsýslunnar en hafa ekki hirt um að halda henni til haga handa almenningi. Sumir þessara manna fullyrða í einkasamtölum að reynt hafi verið að selja erlendum bönkum hluti í íslenzkum bönkum en enginn erlendur banki hafi sýnt því áhuga. Ekki fylgir sögunni hversu oft eða alvarlega þetta hefur verið reynt eða hversu stórir eignarhlutir erlendum bönkum stóðu til boða. Skýringarnar sem erlendir bankar eru sagðir gefa á áhugaleysi sínu eru einkum þær að þeir nenni ekki að eiga neinn hluta afkomu sinnar undir óstöðugri íslenzkri krónu og þeirri rekstraróvissu sem henni fylgir, sömu óvissu og íslenzk fyrirtæki og heimili þurfa flest að búa við. Því er bætt við að erlendu bankarnir telji nóg að þjónusta íslenzk stórfyrirtæki líkt og þeir gera nú þegar í allstórum stíl (flugvélakaup, skipakaup o.fl.) og nenni ekki að sinna heimilum og litlum eða meðalstórum fyrirtækjum. Loks er því stundum bætt við að erlendir bankar nenni ekki heldur að búa við spillinguna og vitleysuna sem veður uppi á Íslandi.

Bagalegt er að stjórnvöld skuli ekki hafa greint opinberlega frá umræddum tilraunum til að laða erlenda banka að landinu. Hví skyldu kjósendur – vinnuveitendur stjórnvalda! – ekki fá að vita hvernig landið liggur? Hvernig á fólkið í landinu t.d. að geta myndað sér skoðun á valinu milli íslenzkrar krónu og upptöku evrunnar ef því er haldið leyndu að viðvarandi ófremd í bankamálum landsins mann fram af manni stafar m.a. af óstöðugleika krónunnar sem enginn erlendur banki vill sjá?

**Vantraust**

Bankasaga Íslands hefur verið samfelld hörmungasaga frá öndverðu. Nýju bankarnir sem reistir voru á rústum gömlu bankanna hafa ekki lært nærri nóg af hruninu eins og ráða má t.d. af ótæpilegum kaupgreiðslum til stjórnenda bankanna og miklu vantrausti almennings í garð þeirra. Ný könnun Gallups sýnir að fjórir af hverjum fimm sem spurðir eru vantreysta bankakerfinu og þrír af hverjum fjórum vantreysta Fjármálaeftirlitinu. Jafnvel Alþingi nýtur meira trausts en bankarnir og FME þótt mjótt sé á munum.

Ríkissjóður seldi nýlega 13% eignarhlut sinn í Arion banka til vogunarsjóða sem voru fyrir í eigendahópnum og gengur þannig þvert gegn fyrri yfirlýsingum um nauðsyn dreifðara eignarhalds. Vogunarsjóðir eiga ekkert erindi í varfærinn bankarekstur. Fjármálaeftirlit sem fáir treysta virðist ekki líklegt til að veita vogunarsjóðunum viðnám.

# Sektarákvæði jafnréttislaga hefur aldrei verið nýtt



Erna Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri BHM

Jafnréttislög hafa verið í gildi hér á landi í rúm 40 ár og tekið nokkrum breytingum á þeim tíma. Ljóst er að frá setningu laganna hefur staða jafnréttismála breyst verulega til batnaðar. Engu að síður er kynbundinn launamunur viðvarandi vandamál og konur eru í minnihluta í öllum áhrifastöðum hvert sem litið er. Þá er kynferðisleg og kynbundin áreitni á vinnustöðum stórkostlega alvarlegt mál eins og nýlegar frásagnir kvenna hafa leitt í ljós.

Árið 2008 fór fram heildarendurskoðun á jafnréttislögum. Þá voru tekin tvö skref sem áttu að stuðla að því að markmiði laganna um jafnrétti kynjanna yrði náð. Í fyrsta lagi voru úrskurðir kærunefndar jafnréttismála gerðir bindandi og í öðru lagi var kveðið á um sektarheimildir Jafnréttisstofu. Sektirnar geta numið allt að 50.000 kr. á dag þar til viðunandi úrbætur hafa verið gerðar. Slíkum dagsektum hefur hins vegar aldrei verið beitt.

**Háar sektir við brotum á nýrri persónuverndarlöggjöf**

Á þessu ári mun ný persónuverndarlöggjöf taka gildi hérlendis þegar ný reglugerð Evrópusambandsins (ESB) um persónuvernd leysir af hólmi núgildandi Evrópulöggjöf. Lögunum er m.a. ætlað að vernda rétt einstaklinga til að stjórna eigin persónuupplýsingum. Brot á persónuverndarlöggjöfinni munu geta haft miklar efnahagslegar afleiðingar í för með sér fyrir fyrirtæki, stofnanir og aðra sem vinna með persónuupplýsingar. Eftirlitsstofnanir munu geta sektað fyrirtæki um allt að 4% af árlegri heildarveltu á heimsmarkaði fyrir brot á lögunum eða sem nemur allt að 20 milljónum evra. Slíka sekt verður t.d. hægt að leggja á hafi fyrirtæki farið gegn markmiðum laganna eða ef ekki liggur fyrir fullnægjandi samþykki frá einstaklingi fyrir því að unnið sé úr persónugreinanlegum gögnum um hann. Í marga mánuði hafa fyrirtæki og stofnanir unnið hörðum höndum að því að undirbúa innleiðingu persónuverndarlaganna, m.a. til þess að forðast sektir.

**Brot á jafnréttislögum hafi efnahagslegar afleiðingar**

Eins og staðan er nú hefur það engar efnahagslegar afleiðingar fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga að brjóta jafnréttislögin. Félags- og jafnréttismálaráðherra hefur skipað starfshóp sérfræðinga til að hefja undirbúning að heildarendurskoðun laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Starfshópnum er ætlað að vinna úttekt á þróun, framkvæmd og eftirfylgni íslenskrar jafnréttislöggjafar og stjórnsýslu jafnréttismála og á að skila af sér haustið 2018. Í framhaldinu mun þverpólitísk nefnd taka við og skila ráðherra drögum að lagafrumvarpi sem ætlað er að auka skilvirkni og stuðla enn frekar að jafnrétti kynjanna og eflingu úrræða, auk tillagna að framtíðarskipan stjórnsýslu jafnréttismála.

Þetta eru góð og gild markmið en það er mat mitt að því miður sé eina ráðið að fara að fordæmi nýrra persónuverndarlaga og fylgja brotum á jafnréttislögum kröftuglega eftir með háum sektum. Það er það eina sem virkar þangað til raunverulegt jafnrétti er komið á hér á landi.

HVATNINGAR
VERÐLAUN
VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS




**Hvatningarverðlaun** Vísinda- og tækniráðs eru árlega veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi sem styrki stoðir mannlífs á Íslandi.

**Óskað er eftir tilnefningum til Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2018. Verðlaunin eru þrjár milljónir króna.**

Tilnefningar geta komið frá öllum sviðum vísinda, tækni og fræða. Tilnefna má vísindafólk sem starfar á Íslandi við háskóla, rannsóknastofnanir, fyrirtæki eða er sjálfstætt starfandi. Öllum, sem eru í aðstöðu til að meta störf einstakra vísindamanna, er heimilt að senda tilnefningar. Ferilskrá vísindamannsins skal fylgja tilnefningu ásamt rökstuðningi þess sem tilnefnir. Hvatningarverðlaunin verða afhent á Rannsóknaþingi Rannís í vor.

**Frestur til að skila inn tilnefningum er til og með 12. apríl 2018.**

Tilnefningum ásamt rökstuðningi og ítarlegum upplýsingum um feril tilnefndra skal skilað með tölvupósti til Rannís á netfangið rannis@rannis.is

**Nánar á www.rannis.is**

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ
rannís




# Ókeypis strætó er vond hugmynd



**Pawel Bartoszek**
alþingismaður

Í grófum dráttum má segja að á seinustu árum hafi rekstrartekjur vegna strætóhluta Strætós skipst þannig að sveitarfélögin hafa skaffað 3 milljarða, notendur 2 milljarða og ríkið 1 milljarð.

Nokkur framboð hafa óbeint sett fram þá stefnuskrá að ríkið hætti að borga þennan eina milljarð í strætó og noti hann frekar til að byggja mislæg gatnamót. Einhver framboð hafa jafnframt viðrað þá hugmynd að gefa fólki frítt í strætó og skera þannig 2 milljarða til viðbótar af rekstrartekjunum.

Ef hvort tveggja er gert munu rekstrartekjur Strætós lækka um helming. Til að dæmið gangi upp þarf annaðhvort að nánast tvöfalda framlög sveitarfélaganna, eða skera niður þjónustu. Það má geta sér til hvor leiðin sé líklegra að verði farin.

Þar sem almenningssamgöngur eru góðar kosta þær sitt. Strætófarþegar í Reykjavík þurfa ekki lélegri, ókeypis þjónustu. Þeir þurfa betri þjónustu. Þótt það geti verið allt í lagi að fella niður fargjöld tímabundið sem part af einhverju markaðsátaki er tómt mál að ætla sér að að efla almenningssamgöngur ef menn ætla í leiðinni afþakka tekjur af fargjöldum notenda.

# Konur þurfa frið



**Auður Lilja Erlingsdóttir**
formaður SHA og fulltrúi í undirbúningsnefnd 8. mars

> **Konur á Íslandi eru fullkomlega meðvitaðar um að ástandið er verra víða. Sums staðar fá konur ekki einu sinni að vinna. Það skiptir bara engu máli í þessu samhengi. Konur munu ekki lengur sitja undir því að þær eigi að einbeita sér að öðru, að þær eigi bara að vera duglegri.**

Árið 1975 lýstu Sameinuðu þjóðirnar því yfir að 8. mars skyldi vera alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti. Hugmyndin að sérstökum baráttudegi kvenna er þó mun eldri og fæddist við upphaf 20. aldar á miklum umbrotatímum í kjölfar iðnvæðingar á Vesturlöndum. Fyrstu árin voru helstu baráttumálin kosningaréttur kvenna og réttindi verkakvenna en áherslur hafa í gegnum árin verið margvíslegar og fara eðlilega eftir helstu baráttumálum kvenna í samfélaginu hverju sinni.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK hafa frá árinu 1984 ásamt fjölda félagasamtaka haldið daginn hátíðlegan með metnaðarfullri dagskrá. Í ár er yfirskrift fundarins Konur gegn kúgun og er það engin tilviljun að þessi yfirskrift varð fyrir valinu í ár.

Á tyllidögum eru gjarnan haldnar miklar ræður um að konur hafi það hvergi betra en á Íslandi. Hér hafi konur og karlar jöfn tækifæri skv. lögum, hér ríki (næstum) fullt jafnrétti og gott ef við erum ekki heimsmeistarar í því. Það getur verið gott að draga fram það sem vel gengur og skiljanlega reyna íslensk stjórnvöld að miðla því sem hér hefur verið gert til að vera fyrirmynd meðal þjóða heims. Þetta má þó ekki leiða til þöggunar á þeirri baráttu sem eftir er, því vissulega má og þarf að gera betur.

Konur á Íslandi eru svo sannarlega meðvitaðar um að þær hafa það gott samanborið við konur víðsvegar um heiminn enda fá þær að heyra það í hvert skipti sem þær voga sér að berjast fyrir bættum kjörum hér heima. Konur fá líka reglulega að heyra að þær séu ekki að berjast fyrir réttu málefninu og jafnvel þótt þær rambi á rétt málefni eru þær ekki að gera það á réttan hátt, framsetning, málfar eða fas ætti að vera öðruvísi.

Undanfarnir mánuðir hafa verið viðburðaríkir í kvennabaráttunni. Konur hafa stigið fram á Íslandi eins og víða erlendis og nýtt kvennasamstöðu í ýmsum hópum þjóðfélagsins til að afhjúpa kerfisbundna kúgun sem felst í kynferðislegu ofbeldi og kynbundnu misrétti.

Sögurnar eru margar og margvíslegar. Við höfum heyrt sögur af því að konur fái ekki eðlilegan framgang og/eða virðingu vegna kyns síns. Við höfum heyrt sögur af því að konur sitji undir klámtengdri orðræðu sem hvergi ætti að líðast. Við höfum heyrt sögur um snertingar, káf og nauðganir. Þetta eru ekki einstök tilvik. Þetta er kerfisbundið. Þetta er inngróið í menningu okkar og er grasserandi í íslensku samfélagi, óháð öllum heimsmetum í jafnrétti.

Konur á Íslandi eru fullkomlega meðvitaðar um að ástandið er verra víða. Sums staðar fá konur ekki einu sinni að vinna. Það skiptir bara engu máli í þessu samhengi. Konur munu ekki lengur sitja undir því að þær eigi að einbeita sér að öðru, að þær eigi bara að vera duglegri. Konur ætla ekki að láta kúga sig lengur. Konur þurfa frið.

# Áfram veginn



**Katrín Jakobsdóttir**
forsætisráðherra

> **Hópnum er meðal annars gert að vinna að heildarendurskoðun á forvörnum og fræðslu, móta stefnu gegn stafrænu kynferðisofbeldi, útfæra hugmyndir um styrkari stöðu brotaþola og gera tillögur um samræmd viðbrögð stjórnvalda við #metoo.**

Þegar Stígamót voru stofnuð á þessum degi fyrir 28 árum, þótti mörgum að þar væru á ferðinni öfgafull samtök. Konum, sem lýstu reynslu sinni af kynferðislegu ofbeldi, var ekki trúað. Og börn, sem sögðu frá, áttu sjaldnast von á að vera tekin alvarlega. Viðhorf samfélagsins var iðulega að þolendurnir væru að segja ósatt eða hefðu misskilið eigin upplifun frekar en að gróft heimilisofbeldi væri nánast daglegt brauð á litla Íslandi.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og á alþjóðlegum baráttudegi kvenna er við hæfi að líta um öxl og þakka öllu því baráttufólki sem hefur hjálpað okkur að þokast áfram. En við þurfum líka að staldra við og greina „öfgafólk“ samtímans. Hvaða raddir eru það sem við viljum frekar þagga niður í en hlusta á, af því að þær fara með óþægilegan sannleik?

#metoo bylgjan hefur afhjúpað áreitni og ofbeldi sem hefur viðgengist alltof lengi og í öllum kimum íslensks samfélags. Haft var eftir Cynthiu Enloe, sem flutti fyrirlestur við Háskóla Íslands á dögunum, að fyrirsjáanlegt bakslag eftir #metoo umræðuna væri ákall um að gera þyrfti greinarmun á frásögnum kvenna. Áreitni væri ekki það sama og nauðgun og lélegur karlrembubrandari ekki það sama og áreitni og svo framvegis. Enloe varaði við þessu og sagði að nú væri ekki tími til að greina á milli heldur til að tengja saman. Því #metoo sögurnar eru ekki aðskildar sögur um einstaklinga sem fara yfir mörk annarra. Þetta er samhangandi frásögn um menningu sem þarf að uppræta fyrir fullt og allt. Og til þess þarf að skilja samhengið.

Á dögunum skipaði ég stýrihóp, undir forystu Höllu Gunnarsdóttur ráðgjafa míns í málaflokknum, sem er ætlað að hrinda í framkvæmd löngu tímabærum úrbótum er varða kynferðislegt ofbeldi. Hópnum er meðal annars gert að vinna að heildarendurskoðun á forvörnum og fræðslu, móta stefnu gegn stafrænu kynferðisofbeldi, útfæra hugmyndir um styrkari stöðu brotaþola og gera tillögur um samræmd viðbrögð stjórnvalda við #metoo. Sérstaklega skal hópurinn líta til þeirrar margþættu mismununar, sem konur af erlendum uppruna, konur sem ekki búa við efnahagslegt öryggi, fatlaðar konur og hinsegin konur verða fyrir.

Þessi nefndarskipan kann að láta lítið yfir sér en verkefnið er ærið. Því á vanda af þessari stærðargráðu er engin ein töfralausn og ekki dugir einföld lagabreyting eða aðgerðaáætlun. Hér þarf að taka bæði stór og smá skref. Það er von mín að þegar þessu kjörtímabili lýkur hafi okkur miðað áfram. Til að mynda verði fullgildingu Istanbúl-samningsins að fullu lokið, árangur af auknu fjárframlagi til málaflokksins – og pólitískri áherslu á hann – verði augljós og að lögum hafi verið breytt til að styrkja stöðu þolenda kynferðisofbeldis. Þá hafi okkur tekist að nýta #metoo til að breyta um stefnu; til að skilja betur hvað það er í menningu okkar og samfélagi sem ýtir undir og viðheldur kynferðislegri og kynbundinni áreitni.

Stjórnvöld geta aldrei breytt menningu ein og sér, en þau geta troðið slóðina og stutt við bakið á því baráttufólki sem hefur opnað augu okkar fyrir því sem við vildum ekki sjá. Gleðilegan alþjóðlegan baráttudag kvenna!

# Við getum betur



**Ebba Margrét Magnúsdóttir**
formaður læknaráðs Landspítalans

> **Starfsmannastefna Landspítalans sem er sú að ráða einungis lækna í 100% starfshlutfall við sjúkrahúsið er ekki til þess fallin að laða lækna heim úr sérnámi. Við erum fámennt land og því er nauðsynlegt fyrir suma sérgreinalækna að halda sér við faglega með því t.d. að starfa hluta úr ári erlendis.**

Til að reka öflugt heilbrigðiskerfi þarf ekki bara að auka fjármagnið sem í það fer. Forgangsverkefni er að mynda heildstæða stefnu í heilbrigðismálum sem nýleg skýrsla ríkisendurskoðanda kallar á. Til þessa verks þarf að kalla að fólk frá mörgum stofnunum og ekki bara stjórnendur heldur einnig fólkið sem vinnur á gólfinu og hefur sýn á málið þaðan. Læknar þurfa að þora að taka umræðuna um skiptingu fjármagns í hin ýmsu verkefni kerfisins og þá gagnrýni að í sumum tilvikum sé um oflækningar að ræða þegar skoðaðar eru tölur um vissar aðgerðir í samanburði við nágrannalönd okkar.

Álag á starfsfólk heilbrigðisstofnana hefur verið vaxandi allt frá hruni og sér ekki fyrir endann á því. Allir vita að plássleysið á Landspítala hamlar vissulega því góða starfi sem þar fer fram. Til að nefna sláandi dæmi var 56% af hjartaaðgerðum á Landspítala frestað árið 2017. Alls var 36% aðgerða frestað vegna plássleysis á gjörgæsludeild spítalans og 20% vegna annarra ástæðna eins og mönnunar hjúkrunarfræðinga. Það sjá allir að það hlýtur að vera erfitt að vera búinn að undirbúa sig undir hjartaaðgerð og fá svo þær fréttir samdægurs að ekkert verði af aðgerðinni. Ekki bara fyrir sjúklinginn heldur einnig fyrir aðstandendur sem hafa gert ráðstafanir varðandi frí úr vinnu og ég tala nú ekki um fólk utan af landi sem hefur útvegað sér húsnæði hér í höfuðborginni. Það er líka óþægilegt fyrir starfsfólk spítalans sem hefur undirbúið að gera aðgerðina þennan dag. Það er skiljanlegt að einhverjum aðgerðum þurfi að fresta vegna álags eða ófyrirsjáanlegra atvika og er það vel þekkt erlendis en að yfir helmingi aðgerða á ársgrundvelli sé frestað getur ekki talist í lagi. Hvað er til ráða?

Það er sorglegt að horfa á marga hjúkrunarfræðinga með allt að sex ára háskólanám að baki eins og skurðhjúkrunarfræðinga og svæfingarhjúkrunarfræðinga kjósa annan starfsvettvang eins og til dæmis flugfreyjustarfið. Þetta er eitthvað sem stjórnvöld þurfa að átta sig á og koma að borði í launasamningum við kvennastéttir sem starfa í heilbrigðisgeiranum. Til að gera starfið á þessum stofnunum aðlaðandi þarf að bæta launakjör þessara stétta, vinnuaðstöðu og vaktaálag. Landspítalinn hefur brugðist við með svokölluðu Hekluverkefni en meira þarf að koma til.

Starfsmannastefna Landspítalans sem er sú að ráða einungis lækna í 100% starfshlutfall við sjúkrahúsið er ekki til þess fallin að laða lækna heim úr sérnámi. Við erum fámennt land og því er nauðsynlegt fyrir suma sérgreinalækna að halda sér við faglega með því t.d. að starfa hluta úr ári erlendis. Við höfum misst marga góða kollega úr okkar röðum á Landspítalanum vegna þessarar stefnu og það bitnar beint á sjúklingum okkar sem ættu að fá bestu mögulegu þjónustu sem í boði er á hverjum tíma.

Varðandi húsnæðismálin, þá er ekki nóg að byggja við gamlar byggingar á Hringbraut eða reisa ný hjúkrunarheimili til að leysa fráflæðisvanda spítalans. Það þarf að manna þessar byggingar og við viljum fólk í þessi störf sem líður vel í vinnunni og hlakkar til komandi verkefna. Vissulega þarf að koma þeim öldruðum sem hafa hlotið þjónustu á sjúkrahúsinu áfram á hjúkrunarheimili og þannig skapa rými fyrir sjúklinga sem þurfa innlögn og eiga ekki að liggja á göngum eða bíða tímunum saman á bráðamóttöku eftir þjónustu. Álag á starfsfólk bráðamóttökunnar hefur lengi verið óeðlilega mikið en það er nefnilega þannig að þangað geta allir leitað, þar eru aldrei allir tímar uppbókaðir og engum er vísað frá.

Nú hafa tvær öflugar konur tekið við í forystusveit íslenska heilbrigðiskerfisins, þær Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Alma D. Möller, nýskipaður landlæknir. Ég trúi því að þær taki samtalið við fólkið á gólfinu til að byggja upp öflugra kerfi þar sem sjúklingurinn er settur í öndvegi. Fyrir síðustu alþingiskosningar var það rauður þráður í stefnu allra flokka að hlúa að innviðum og styrkja heilbrigðiskerfið okkar enn frekar. Það eru því bjartir tímar fram undan nú þegar fer að birta og vorið er á næsta leiti.


Volkswagen á vistvænu tilboði!
Settu þig í samband við íslenska orku á rafbíl frá Volkswagen.
Volkswagen er með breiddina í rafmagns- og tengiltvinnbílum; nettur e-up!, flaggskipið e-Golf, sportlegur Golf GTE og rúmgóður Passat GTE fyrir alla fjölskylduna. Nú bjóðast þeir á vistvænu tilboði. Gríptu tækifærið og skiptu yfir í rafbíl frá Volkswagen sem gengur fyrir íslenskri orku. Við bíðum spennt eftir að sjá þig!
e-up!
Rafmagnsbíll
Sá ódýrasti. Dregur allt að 160 km*
Verðlistaverð
3.350.000 kr.
Vistvænt tilboð
2.890.000 kr.
e-Golf
Rafmagnsbíll
Dregur allt að 300 km*
Verðlistaverð
4.250.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.950.000 kr.
Golf GTE
Tengiltvinnbíll
Sportlegur og umhverfisvænn.
Verðlistaverð
4.190.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.850.000 kr.
Passat GTE
Tengiltvinnbíll
Frábær fjölskyldubíll.
Verðlistaverð
4.690.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.990.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
*Skv. NEDC staðlinum.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Lokkum tæknifyrirtækin til Íslands



Smári McCarthy
þingmaður Pírata

Fjarskiptastofnun Bandaríkjanna, FCC, hefur afnumið reglur þar í landi um nethlutleysi. Nethlutleysi er sú hugmynd að upplýsingar sem flæða um fjarskiptanet eigi jafnan forgang, ferðist jafn hratt, og berist jafn örugglega þangað sem því er ætlað, óháð uppruna, efnisinnihaldi eða áfangastað.

Þessar reglur tryggja öllum jafnan tilvistarrétt á netinu, en án þeirra er hætta á að stærri fyrirtækjum sé gert hærra undir höfði en þeim sem síður geta greitt fyrir forgangsþjónustu, að keppinautum sé bolað út af hlutum netsins, og að neytendur þurfi að fara að velja sér „pakka“ með ákveðnum vefsíðum eða þjónustum, en borga meira fyrir aðgang að hinu opna neti.

**Nethlutleysi er grundvöllurinn**

Að brjóta gegn nethlutleysi er að brjóta gegn grundvallarhönnun internetsins. Sem betur fer er nethlutleysi á Íslandi tryggt með lögum sem útfærðu Evróputilskipun. Þeim reglum verður ekki kippt úr sambandi af hentisemisákvörðun einnar stofnunar.

En þessi kúvending á rekstrarumhverfi tæknifyrirtækja í Bandaríkjunum fær mann til að spyrja sig hvers konar umhverfi fyrirtæki þurfa til að geta vegnað vel í dag.

Þessara spurninga eru ansi margir farnir að spyrja sig í alþjóðlegu samhengi. Í Bretlandi eru þúsundir tæknifyrirtækja sem mörg hver eiga tilvist sína undir óheftum aðgangi að Evrópumarkaði. Brexit opnar spurningu gagnvart þeim fyrirtækjum, eins og afnám nethlutleysis í fyrirtækjum í Bandaríkjunum, hvort ekki sé tímabært að hugsa sér til hreyfings.

**Við getum betur**

Flest þessara fyrirtækja gætu tæknilega séð starfað hvar sem er, en þau þurfa örfáa hluti í starfsumhverfi sínu. Aðgangur að mörkuðum er lykilatriði. Nethlutleysi skiptir töluverðu máli fyrir flest tæknifyrirtæki. Þá skiptir máli að hafa öruggt rafmagn og hratt net, vel menntað vinnuafl, og flest kunna best við sig í umhverfi þar sem er góður stuðningur vegna rannsókna og þróunar, auðvelt að fá atvinnuleyfi fyrir sérfræðinga sem og maka þeirra, góðir alþjóðlega vottaðir skólar fyrir börnin og frjálslynt lagaumhverfi almennt.

Ísland uppfyllir mörg þessara skilyrða, en ekki öll. Við getum augljóslega gert betur. En það er til mikils að vinna. Flest fyrirtækjanna sem ákveða að færa sig um set munu enda á stöðum eins og Berlín, Amsterdam og Stokkhólmi, en einhver þeirra munu fara annað. Orðstír Íslands alþjóðlega er gríðarlega jákvæður, og ég held að með fáeinum úrbótum á starfsumhverfi fyrirtækja megi lokka til landsins áhugaverð fyrirtæki og stórar fjárfestingar með þeim.

Auðvitað eigum við ekki að vera eftirbátar annarra landa í þessum efnum. Við þurfum að bæta stuðningsregluverkið fyrir nýsköpunarfyrirtæki, að tryggja alþjóðlega vottun íslenskra grunnskóla, einfalda ferlið við að flytja til Íslands, og setja afl í beina markaðssetningu á Íslandi sem heppilegri bækistöð fyrir fyrirtækin sem munu móta framtíðina.

**Orðstír Íslands alþjóðlega er gríðarlega jákvæður, og ég held að með fáeinum úrbótum á starfsumhverfi fyrirtækja megi lokka til landsins áhugaverð fyrirtæki og stórar fjárfestingar með þeim.**

# Kjánakúrfan: Hæfileikum kastað á glæ



Þórey Vilhjálmsdóttir
ráðgjafi hjá Capacent



Páll Harðarson
forstjóri Kauphallarinnar, Nasdaq Iceland




Það eru líklega flestir sammála um að jöfn tækifæri allra stuðla að því að þjóðfélagið geti notið góðs af hæfileikaríkasta fólkinu á hverju sviði og hámarkað þannig þann árangur sem við náum á öllum sviðum, hvort sem það er í atvinnulífi, menningarlífi, íþróttalífi eða rannsóknum og vísindum.

Þegar tölfræði atvinnulífsins er skoðuð kemur hins vegar veruleg skekkja í ljós þar sem kerfisbundið virðist halla á annað kynið, ekki bara hér á landi heldur um allan heim. Í nýlegri skýrslu McKinsey Institute er gerð tilraun til að færa þau tækifæri sem við glötum með þessari skekkju í tölur. Það er mat skýrsluhöfunda að ef hæfileikar karla og kvenna væru nýttir til jafns í heiminum myndi það auka heimsframleiðslu um litla 28 þúsund milljarða Bandaríkjadala. Það jafngildir því að hagkerfi á stærð við hagkerfi Bandaríkjanna og Kína til samans væri bætt í púkkið og gott betur.

**„The Stupid Curve“ – sóun á hæfileikum**

Í nýlegri skoðun Capacent á stöðu kynjanna í ólíkum stjórnunarlögum má greinilega sjá að eftir því sem ofar dregur í valdapýramídanum dregur hratt úr hlutfalli kvenna. Konur eru um 40% sérfræðinga í fyrirtækjum, um þriðjungur forstöðumanna, rétt rúmur fjórðungur framkvæmdastjóra og einungis um einn forstjóri af tíu. Þetta eru sláandi tölur.

Sú mynd sem þarna er dregin upp er gjarnan nefnd „the stupid curve“ með tilvísun til þess að við erum þeim mun meiri kjánar eftir því sem við köstum meira af hæfileikum annars kynsins á glæ. Að því gefnu að við séum sammála um að konur og karlar búi að jafnaði yfir jafnríkum hæfileikum er íslenskt samfélag að verða af gífurlegum verðmætum á meðan staðan er þessi.

En hvað veldur? Oft er vísað til þess að um sé að ræða sögulega arfleifð, lengi vel hafi menntakerfið einfaldlega útskrifað fleiri karla en konur og það endurspeglist í atvinnulífinu. Á síðastliðnum 30 árum hafa konur hins vegar siglt hratt fram úr körlum í fjölda útskrifaðra nema úr háskóla. Ef horft er til útskriftarnema úr stærstu háskólunum á síðasta ári voru um tveir þriðju konur og þriðjungur karlar. Það er raunar stórkostlegt áhyggjuefni til framtíðar að hæfileikar ungra karla fá ekki að njóta sín í menntakerfinu.

**Fyrirtækjamenning sem fyrirstaða jafnréttis**

Það þarf engar stórkostlegar vísindalegar rannsóknir til að sjá að umhverfið innan fyrirtækja og meðal fjárfesta er mjög karllægt. Hvernig getum við stuðlað að breytingum á því þannig að bæði kynin njóti sín? Þar kemur ekki síst til kasta fjárfesta sem víða um heim hafa í auknum mæli tekið mið af fleiri breytum en hreinum fjárhagsbreytum við val á fjárfestingakostum. Þetta hafa fjárfestar m.a. gert vegna siðferðissjónarmiða en ef til vill ekki síður vegna þess að aðrar mælistikur en fjárhagslegar, þ.m.t. kynjahlutföll, gefa vísbendingar um skilvirkni í rekstri og framtíðarhorfur.

Jafnrétti kynjanna er markmið í sjálfu sér en þar felst líka gífurlegt tækifæri til að ná auknum árangri og skapa meiri verðmæti. Þau fyrirtæki þar sem fyrirtækjamenning byggir á fjölbreytni og fjölbreytt sjónarmið eru lögð til grundvallar í ákvarðanatöku standa sig alla jafna betur og rekstur þeirra er áhættuminni. Síðast en ekki síst eru slík fyrirtæki góðir og eftirsóknarverðir vinnustaðir þar sem öllum líður betur, ekki bara konum.

**Konur eru um 40% sérfræðinga í fyrirtækjum, um þriðjungur forstöðumanna, rétt rúmur fjórðungur framkvæmdastjóra og einungis um einn forstjóri af tíu. Þetta eru sláandi tölur.**

# PISA og Reykjavík



Skúli Helgason
formaður Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur og borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Mikil umræða hefur verið um skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumarkaðs- og menntamál á Norðurlöndum þar sem m.a. er borinn saman árangur í PISA-könnunum. Þar kemur fram að staða íslenskra nemenda sé lakari en jafnaldra þeirra á Norðurlöndunum. Sumir hafa beint sjónum að Reykjavík í þessu sambandi án þess að vitna í réttar upplýsingar.

Því er mikilvægt að varpa ljósi á stöðuna í Reykjavík. Þá kemur í ljós að í síðustu PISA-könnun sem reyndar er þriggja ára gömul kom fram að reykvískir nemendur standa betur en nemendur víðast hvar á landinu og eru ýmist í 1. eða 2. sæti í samanburði nemenda milli landshluta. Staða reykvískra nemenda er í öllum tilvikum yfir meðaltali nemenda á Íslandi. Í náttúruvísindum koma nemendur í Reykjavík best út á landinu öllu en árangurinn er þó nokkuð undir meðaltali nemenda í OECD-ríkjunum. Árangur nemenda á landsbyggðinni er að meðaltali 13 stigum undir árangri nemenda í Reykjavík. Íslenskir nemendur standa verst að vígi í náttúruvísindum í norrænum samanburði og þar er brýnast að gripið verði til aðgerða af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Mikill skortur er á faggreinakennurum í náttúruvísindum, alltof fáir velja þær greinar í kennaranáminu og þarf verulegt átak til að snúa þeirri þróun við.

**Stærðfræði og lesskilningur**

Árangur reykvískra nemenda í stærðfræði er ágætur, vel yfir meðaltali OECD-ríkjanna, yfir meðaltali nemenda í Svíþjóð og sjónarmun undir meðaltali nemenda í Noregi. Nemendur í Reykjavík og öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu komu best út í stærðfræði. Það er hins vegar áhyggjuefni að árangur nemenda í öðrum landshlutum er að meðaltali rúmlega 20 stigum lægri sem undirstrikar verulegan mun á árangri nemenda eftir búsetu, landsbyggðinni í óhag. Mikilvægt er að menntamálayfirvöld bregðist sérstaklega við þeirri stöðu.

Árangur reykvískra nemenda er næstbestur á landinu þegar kemur að lesskilningi og að meðaltali er árangurinn í Reykjavík 17 stigum hærri en í landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins. Reykvískir nemendur eru rétt undir meðaltali OECD-ríkjanna og ekki hafa orðið marktækar breytingar á árangri þeirra frá 2012 en hins vegar er marktæk niðursveifla í nágrannasveitarfélögunum: Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæ.

**Samræmd próf**

Eðlilegt er að taka niðurstöður PISA alvarlega og það gerum við í Reykjavík en við viljum horfa til fleiri mælikvarða jafnframt. Þar má helst nefna samræmdu prófin sem sýna í megindráttum sömu niðurstöður og PISA, þ.e. sterka stöðu nemenda úr Reykjavík og af höfuðborgarsvæðinu borið saman við stöðu nemenda á landsbyggðinni. Þetta á bæði við um samræmd próf í íslensku og stærðfræði hvort sem litið er á niðurstöður úr 7. eða 10. bekk á árinu 2017. Reykvískir nemendur raða sér í 1. eða 2. sæti í samanburði milli níu landshluta í öllum þessum prófum.

**Gripið til aðgerða**

Læsi og málefni barna með annað móðurmál en íslensku hafa verið í sérstökum forgangi á þessu kjörtímabili og frá því síðasta PISA-könnun var gerð í mars 2015 hefur verið gripið til fjölmargra aðgerða í læsismálum, þ.m.t. er stóraukin kennsluráðgjöf við leikskóla og grunnskóla á vegum Miðju máls og læsis, tvöfölduð framlög til íslenskukennslu barna af erlendum uppruna á síðasta ári og rúmlega tvöfölduð framlög til fjölmenningarlegs leikskólastarfs á þessu ári. Þá er nú tryggt að stuðningur sé mestur við þau börn sem koma lægst út á málkönnunarprófi og að leikskólar með hæst hlutfall barna af erlendum uppruna fái hæstu framlögin af fjárveitingum til fjölmenningar. Fjölmenningarstefnan Heimurinn er hér sem samþykkt var 2014 er leiðarljós vinnunnar en hún hefur hlotið lof innlendra og erlendra sérfræðinga sem framsækin og heildstæð stefna sem mæti vel þörfum barnanna.

**Framlög til íslenskukennslu og fjölmenningarstarfs hafa verið tvöfölduð.**

**18. MARS** 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## GESTAHLJÓMSVEIT

# GAUTABORGAR SINFÓNÍAN

## Á ÍSLANDI



**Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar**

**Santtu-Matias Rouvali** hljómsveitarstjóri

**Hélène Grimaud** einleikari

**Richard Strauss**
**Svíta úr Rósarriddaranum**

**Ludwig van Beethoven**
**Píanókonsert nr. 4**

**Jean Sibelius**
**Sinfónía nr. 1**

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í tónleikahúsinu í Gautaborg í apríl síðastliðnum við frábærar undirtektir og nú er komið að Gautaborgarsinfóníunni að endurgjalda heimsóknina.

Einleikari á tónleikunum er hin franska Hélène Grimaud sem hefur um áratuga skeið verið í hópi fremstu píanista heims. Hún hefur hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon og hlotið öll helstu verðlaun klassíska tónlistarheimsins. Þetta er í fyrsta sinn sem Grimaud leikur á Íslandi og er það mikið tilhlökkunarefni. Hljómsveitarstjóri er hinn finnski Santtu-Matias Rouvali, einn eftirsóttasti ungi stjórnandi heims um þessar mundir en hann tók við stöðu aðalstjórnanda í Gautaborg haustið 2017.

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA

# Viltu fræðast um Vináttu?



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
verkefnastjóri hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

Það var á vordögum 2014, sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi gengu til samstarfs við systursamtök Barnaheilla, Red barnet – Save the Children og Mary Fonden í Danmörku, um þýðingu og útgáfu á Fri for mobberi námsefninu. Efnið fékk nafnið Vinátta á íslensku og strax um haustið var það tilbúið til notkunar og tilraunakennt í sex leikskólum í jafnmörgum sveitarfélögum veturinn 2014-2015. Að því loknu var það yfirfarið, gefið út að nýju og boðið öllum leikskólum til notkunar í byrjun árs 2016. Nú eru rúmlega 100 leikskólar um allt land að vinna með Vináttu og eru það um 40% leikskóla landsins. Jafnframt hófu 15 grunnskólar tilraunavinnu með efnið haustið 2017.

Mikil ánægja er með Vináttu enda einstaklega handhægt efni og skilar góðum árangri í að draga úr einelti og félagslegri útilokun meðal barna, í að þjálfa börn í jákvæðum samskiptum og félagsfærni og að byggja upp góðan skólabrag. Táknmynd Vináttu er fjólublái bangsinn Blær sem huggar og hughreystir börnin og gefur þeim rödd. Lögð er áhersla á gildi margbreytileikans og að hvert og eitt barn sé virt og fái að njóta sín á eigin forsendum.

Vinátta (Fri for mobberi) byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og er reglulega tekið út. Efnið byggist ekki síst á rannsóknum eXbus rannsóknarhópsins (Exploring Bullying in School) sem hefur rannsakað einelti og félagslega útilokun meðal barna og ungmenna frá árinu 2007. Á þeim tíma var dr. Dorte Marie Søndergaard, prófessor í félagslegri sálfræði við háskólann í Árósum, forstöðumaður rannsóknarhópsins. Niðurstöður þessara rannsókna lögðu grunn að hugmyndafræði Vináttu – Fri for mobberi. Samkvæmt þeirri hugmyndafræði er einelti félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein en ekki einstaklingsbundinn vandi. Því skal alltaf vinna með hópinn í heild og skoða það umhverfi og aðstæður þar sem einelti eða útilokun nær að festa rætur og þrífast. Vinátta hefur fengið einstaklega góð viðbrögð hjá þeim skólum sem hafa tekið efnið til notkunar á Íslandi. Umsagnir eins og „verkefnið er eins og himnasending til okkar“ og „besta efni sem ég hef unnið með“ eru orð leikskólakennara sem vinna með Vináttu. „Foreldrar eru rosalega ánægðir með Vináttu og börnin líka,“ eru orð grunnskólakennarans.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru þakklát fyrir þær góðu viðtökur sem Vinátta hefur fengið til þessa og vonast til að með þátttöku sem flestra leik- og grunnskóla í verkefninu muni einelti í skólum verða hverfandi. Þú getur fræðst nánar um vináttu á barnaheill.is.










# Loforðið um 300 þúsund króna lífeyri aldraðra svikið!



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

Árið 2016 var lagt fram á Alþingi lagafrumvarp um almannatryggingar. Ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins var þá við völd. Málið hafði verið rúman áratug í undirbúningi en eftirtekjan var ekki eftir því. Hún var rýr. Til dæmis var ekki gert ráð fyrir einnar krónu hækkun á lægsta lífeyrinum, þ.e. lífeyri þeirra, sem einungis höfðu lífeyri frá almannatryggingum. Lífeyrir þeirra átti að hækka um 0 krónur.

Mikil óánægja braust út meðal aldraðra með frumvarpið. Náði hún hámarki á 1.000 manna mótmælafundi í Háskólabíói en FEB í Reykjavík hélt þann fund. Mótmælin leiddu til þess að ríkisstjórnin lét undan og gerði örlitlar breytingar á frumvarpinu, m.a. þá að ákveðið var að setja inn litla hækkun á lægsta lífeyrinum, eða um 12.000 kr. á mánuði eftir skatt!

Í tengslum við framlagningu frumvarpsins var því lýst yfir, að lífeyrir aldraðra og öryrkja yrði hækkaður í 300 þúsund á mánuði fyrir skatt 1. janúar 2018. Landssamband eldri borgara fagnaði þessari yfirlýsingu en þing sambandsins hafði gert kröfu til þess að fá framgengt sömu upphæð eins og nam lágmarkslaunum verkafólks, þ.e. 300 þúsund á mánuði fyrir skatt. Það var krafa verkalýðshreyfingarinnar 2015.

### Ekki staðið við loforðið

En loforðið reyndist innantómt slagorð. Það var ekki staðið við það nema gagnvart mjög litlum hluta aldraðra og öryrkja. Aðeins 20% aldraðra eða rúmlega það fengu 300 þús. kr. fyrir skatt 1. janúar 2018. Hinir fengu aðeins 239 þúsund á mánuði fyrir skatt. Aðeins 29% öryrkja fengu 300 þús. kr. á mánuði fyrir skatt 1. janúar 2018. Hinir fengu aðeins 239 þús. kr. á mánuði. Síðan tekur ríkið 15-20% af þessum fjárhæðum í skatt. Ríkið tekur 57 þús. kr. af 300 þús. krónunum, þannig að aðeins 243 þús. kr. verða eftir og ríkið fær 35 þús. kr. af 239 þús. krónunum; 204 þús. kr. verða eftir.

Þessar upphæðir eru ekki til þess að hrópa húrra fyrir. Það er engin leið að lifa mannsæmandi lífi af þessari hungurlús og tæplega tilefni fyrir stjórnarherra að stæra sig af þessum „afrekum“ eins og þeir hafa gert.

### Örlítið minni skerðingar

Örlítið var dregið úr skerðingum í nýja frumvarpinu um almannatryggingar. Upphaflega var frumvarpið lagt fram með afnámi frítekjumarks. En vegna mótmæla eldri borgara var 25 þúsund kr. frítekjumark sett inn í frumvarpið og átti það að gilda sameiginlega fyrir allar tekjur, þar á meðal atvinnutekjur og greiðslur úr lífeyrissjóði. Enginn friður varð þó um þetta frítekjumark. Þeim sem voru á vinnumarkaðnum fannst ósanngjarnt, að þeir sættu mikilli skerðingu tryggingalífeyris vegna þess að þeir væru að reyna að stunda atvinnu. (Frítekjumarkið hafði verið 109 þús. á mánuði). Sama má segja um skerðingu vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Óánægjan með skerðingarnar hefur stöðugt aukist enda telja sjóðfélagar sig eiga lífeyrinn í lífeyrissjóðunum. Ekki megi skerða tryggingalífeyri vegna lífeyrissjóðanna. Ég er sammála því.

**Þessar upphæðir eru ekki til þess að hrópa húrra fyrir. Það er engin leið að lifa mannsæmandi lífi af þessari hungurlús og tæplega tilefni fyrir stjórnarherra að stæra sig af þessum „afrekum“ eins og þeir hafa gert.**

# Despacito á Íslandi



**Heiðar Guðjónsson**
hagfræðingur

Mikið hefur verið talað um fjórðu iðnbyltinguna síðustu misseri en hún byggir nær alfarið á fjarskiptakerfum og reiknigetu. Það þarf mikla orku til að reka tölvur og talið er að um 7 prósent af heimsframleiðslu rafmagns hafi farið á síðasta ári til gagnavera. Hófsamar spár gera ráð fyrir þreföldun gagnavera á næstu fimm árum og því mun sá iðnaður verða sá raforkufrekasti í heiminum þegar fram líða stundir.

Rafmagnsframleiðsla á Íslandi er einstök, algerlega endurnýjanleg, en hún er að mestu í gegnum vatnsorku og að hluta í gegnum jarðvarma. Í heiminum eru kol langstærsti orkugjafi rafmagns og ásamt gasi stendur það fyrir tæplega 2/3 hlutum framleiðslunnar. Kjarnorka kemur þar næst með um 13 prósent framleiðslunnar en endurnýjanlegir orkugjafar eru svipaðir að umfangi.

Þegar einstaklingur ákveður að leita, með hjálp Google, að laginu Despacito fara 6-8 gagnaver í gang víðs vegar um heiminn, sem skila leitarniðurstöðu á broti úr sekúndu. Ef viðkomandi ákveður að horfa síðan á myndbandið á YouTube þá bætist ein spilun við þá tæpu 5 milljarða sem myndbandið hefur fengið.

Kolefnisfótspor lagsins Despacito er gríðarlegt og jafnast á við akstur 150 þúsund leigubíla á einu ári. Til samanburðar eru 15 þúsund gulir leigubílar inni á Manhattan.

Ísland er í einstakri stöðu til að hýsa gagnaver. Við eigum endurnýjanlega orku auk þess sem lega landsins á milli heimsálfa og meðalhiti yfir árið, sem er sá sami og ísskápurinn heima hjá mér er stilltur á, gera það að verkum að vandfundinn er betri staður. Hér er tækifæri sem uppfyllir allar kröfur, hagrænar, umhverfislegar og samfélagslegar. Við og heimurinn eigum að grípa það.

**Kolefnisfótspor lagsins Despacito er gríðarlegt og jafnast á við akstur 150 þúsund leigubíla á einu ári. Til samanburðar eru 15 þúsund gulir leigubílar inni á Manhattan.**

bauhaus.is

# BAUHAUS®






## ÞÚ GETUR ENN NÁÐ AÐ GERA FRÁBÆR KAUP UM HELGINA

# 25%

**AFSLÁTTUR AF FJÖLMÖRGUM VÖRUFLOKKUM - T.D. AF JOTUN MÁLNINGU, PLAST-KÖSSUM , HARÐPARKETI OG GROHE BLÖNDUNARTÆKJUM**






Afslátturinn gildir til og með 11. mars 2018.
Opnunartímar: mánudaga til föstudaga 8-19 * laugardaga og sunnudaga 10-18

## Öruggur Valssigur á Íslands- og bikarmeisturunum



**Ekki í mínu húsi** Valur átti ekki í miklum vandræðum með að leggja Íslands- og bikarmeistara Keflavíkur að velli, 89-66, í Domino's deild kvenna í gær. Hér sést Valskonan Guðbjörg Sverrisdóttir stöðva Keflvíkinginn Brittanny Dinkins. Valskonur hafa verið frábærar á heimavelli í vetur og unnið 11 af 12 deildarleikjum sínum þar. Valur er í 2. sæti deildarinnar með 34 stig, tveimur stigum á eftir toppliði Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Stelpurnar ískaldar á punktinum

**Ísland endaði í 9. sæti á Algarve-mótinu eftir sigur á Danmörku í vítakeppni í gær. Íslenska liðið var taplaust í þremur leikjum gegn liðunum sem léku til úrslita á EM í fyrra. Hlín Eiríksdóttir minnti á sig á mótinu.**

**FÓTBOLTI** Leikmenn íslenska kvennalandsliðsins geta verið sáttir með eigin frammistöðu á Algarve-mótinu sem lauk í gær. Þá vann Ísland Danmörku í vítaspyrnukeppni, 5-4, eftir að staðan eftir venjulegan leiktíma var 1-1. Sanne Troelsgaard-Nielsen kom Dönum yfir á 63. mínútu en sjö mínútum síðar jafnaði Hlín Eiríksdóttir metin með skalla eftir hornspyrnu Hallberu Gísladóttur. Þetta var fyrsta mark Hlínar í fimmta landsleiknum. Hlín er aðeins 17 ára og er fyrsti leikmaðurinn sem er fæddur á þessari öld til að skora fyrir íslenskt A-landslið í fótbolta.

„Leikurinn var spilaður við mjög erfiðar. Það var grenjandi rigning allan tímann, völlurinn þungur og bauð ekki upp á mikinn fótbolta. Við lögðum upp með að vera sterkar í slagsmálunum og reyna að fara fram völlinn með fáum sendingum,“ sagði Ásmundur Haraldsson í samtali við Fréttablaðið eftir leik. Hann stýrði íslenska liðinu í fjarveru Freys Alexanderssonar.

**»Hlín Eiríksdóttir er fyrsti leikmaðurinn sem er fæddur á þessari öld sem skorar fyrir íslenskt A-landslið í fótbolta.**

Ísland mætti Danmörku í fyrsta leiknum á mótinu og honum lyktaði með markalausu jafntefli. Sömu úrslit urðu í leik Íslands og Hollands á mánudaginn. Íslenska liðið var því ósigrað í þremur leikjum gegn liðunum sem léku til úrslita á EM á síðasta ári.

„Við vorum búnar að mæta þeim áður og vissum nokkurn veginn hvernig þær myndu spila. Stelpurnar leystu það sem við lögðum upp með. Við pressuðum á þær, lokuðum svæðunum inni á miðjunni og sóttum hratt,“ sagði Ásmundur.

Íslenska liðið var ógnandi í hornspyrnum og í fyrri hálfleik átti Sara Björk Gunnarsdóttir skalla í stöng. Jöfnunarmarkið kom svo eftir hornspyrnu eins og áður sagði.

„Þetta var frábært mark. Hlín stangaði boltann í netið eftir frábæra hornspyrnu Hallberu,“ sagði Ásmundur. Hann segir að frammistaða Hlínar sé einn af ljósustu punktunum við Algarve-mótið í ár.

„Hún var sultuslök með þetta allt. Hún leggur sig gríðarlega mikið fram og það gerist alltaf eitthvað þegar hún fær boltann. Hún heldur boltanum mjög vel og hefur komið gríðarlega sterk inn. Hún átti skilið að skora þetta mark.“

Að sögn Ásmundar var íslenska liðið ekki búið að undirbúa sig fyrir vítakeppnina.

„Við óskuðum eftir spyrnumönnum og stelpurnar stigu fram og kláruðu þetta bara sjálfar,“ sagði Ásmundur. Ingibjörg Sigurðardóttir, Rakel Hönnudóttir, Anna Björk Kristjánsdóttir, Agla María Albertsdóttir og Andrea Rán Hauksdóttir skoruðu úr spyrnum Íslands og Sonný Lára Þráinsdóttir varði eina spyrnu Dana. **ingvithor@frettabladid.is**

### Vináttulandsleikur

Ísland 1 - 1 Danmörk (5-4)

**0-1** Sanne Troelsgaard-Nielsen (63.), **1-1** Hlín Eiríksdóttir (70.).

**Byrjunarlið Íslands (3-5-2):** Sonný Lára Þráinsdóttir; Glódís Perla Viggósdóttir (63. Ingibjörg Sigurðardóttir), Guðný Árnadóttir, Anna Björk Kristjánsdóttir; Svava Rós Guðmundsdóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir (46. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir), Katrín Ásbjörnsdóttir (63. Rakel Hönnudóttir), Andrea Rán Hauksdóttir, Hallbera Gísladóttir (74. Anna Rakel Pétursdóttir); Hlín Eiríksdóttir (74. Sandra María Jessen), Fanndís Friðriksdóttir (63. Agla María Albertsdóttir).

Nýjar vörur frá geoSilica

Kísill Íslenskt kísilsteinefni

Renew Fyrir húð, hár og neglur

Recover Fyrir vöðva og taugar

Repair Fyrir bein og liði



Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

geoSilica ICELAND

## Nýjast

### Dominos-deild kvenna

**Valur - Keflavík 89-66**

**Valur:** Aalyah Whiteside 18/16 fráköst/6 stoðs., Guðbjörg Sverrisdóttir 16/10 fráköst/6 stoðs., Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 12, Bergþóra Holton Tómasdóttir 12, Hallveig Jónsdóttir 10, Dagbjört Samúelsdóttir 9, Ragnheiður Benónísdóttir 7.

**Keflavík:** Thelma Dís Ágústsdóttir 16/7 fráköst, Brittanny Dinkins 13/15 fráköst/10 stoðs., Erna Hákonardóttir 11, Elsa Albertsdóttir 8, Birna Valgerður Benónýsdóttir 7, Kamilla Sól Viktorsdóttir 4, Anna Ingunn Svansdóttir 3, Irena Sól Jónsdóttir 2, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 2/8 fráköst.

**Breiðablik - Stjarnan 57-63**

**Breiðablik:** Whitney Knight 21/7 fráköst, Auður Íris Ólafsdóttir 15/11 fráköst, Isabella Ósk Sigurðardóttir 8/14 fráköst, Telma Lind Ásgeirsdóttir 6, Lovísa Falsdóttir 3, Sóllilja Bjarnadóttir 2, Marín Laufey Davíðsdóttir 2/8 fráköst.

**Stjarnan:** Danielle Rodriguez 32/20 fráköst/6 stoðs., Jenný Harðardóttir 14/11 fráköst, Bríet Sif Hinriksdóttir 10, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 3, Aldís Erna Pálsdóttir 2, Sunna Margrét Eyjólfsdóttir 2

**Njarðvík - Haukar 75-85**

**Njarðvík:** Shalonda R. Winton 31/22 fráköst/6 stoðs., Hrund Skúladóttir 18, María Jónsdóttir 11, Hulda Bergsteinsdóttir 10, Björk Gunnarsdótir 5/7 stoðs.

**Haukar:** Whitney Michelle Frazier 24/16 fráköst/7 stoðs., Helena Sverrisdóttir 23/8 fráköst/16 stoðsendingar, Rósa Björk Pétursdóttir 10, Fanney Ragnarsdóttir 8, Sigrún Björg Ólafsdóttir 8, Anna Lóa Óskarsdóttir 5, Þóra Kristín Jónsdóttir 5/6 stoðs., Ragnheiður Björk Einarsdóttir 2.

### Meistaradeild Evrópu, 16-liða úrslit, seinni leikir

**Tottenham - Juventus 1-2**

1-0 Son Heung-Min (39.), 1-1 Gonzalo Higuaín (64.), 1-2 Paulo Dybala (67.).

*Juventus vann einvígið 4-3 samanlagt.*

**Man. City - Basel 1-2**

1-0 Gabriel Jesus, 1-1 Mohamed Elyounoussi (17.), 1-2 Michael Lang (71.).

*Man. City vann einvígið 5-2 samanlagt.*



**Díana Dögg Magnúsdóttir hefur spilað vel fyrir Val í Olís-deildinni í vetur.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Díana Dögg eini nýliðinn

**HANDBOLTI** Valskonan Díana Dögg Magnúsdóttir er eini nýliðinn í íslenska kvennalandsliðinu í handbolta sem mætir Slóveníu í tveimur leikjum í undankeppni EM síðar í mánuðinum.

Landsliðsþjálfarinn Axel Stefánsson valdi 16 leikmenn í íslenska hópinn. Fyrirliðinn, Karen Knútsdóttir, kemur aftur inn í hópinn en hún er komin af stað á nýjan leik eftir að hafa slitið hásin síðasta haust. Þrír markverðir eru í hópnum; Elín Jóna Þorsteinsdóttir, Hafdís Renötudóttir og Guðný Jenný Ásmundsdóttir.

Ísland mætir Slóveníu í Laugardalshöllinni 21. mars og liðin mætast svo ytra fjórum dögum síðar. Ísland er án stiga eftir fyrstu tvo leikina í riðlinum. **– iþs**

# Fólk
Tíska

FIMMTUDAGUR 8. MARS 2018

# Hefur blandaðan fatastíl

Helsta tískufyrirmynd Bojans Stefáns er UFC-bardagakappinn Conor McGregor. →2



Hér klæðist Bojan jakkafötum og bindi frá Sand. Skyrtan, klútur, sokkar og skór eru frá Hugo Boss. MYNDIR/STEFÁN



**Kristín Karlsdóttir og Valdís Steinarsdóttir hanna úr hrosshúð. Þær fengu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna síðasta sumar og sýna afraksturinn á HönnunarMars.** →4



KONUKVÖLD
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!
Opið til kl. 23 í kvöld
comma,
SMÁRALIND




Dökkgrái frakkinn er uppáhaldsflík Bojans sem hann notar mikið við ólík tilefni. Gallajakkinn er frá Calvin Klein.









Framhald af forsíðu ➺


Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is




Knattspyrnumaðurinn Bojan Stefán Ljubicic úr Keflavík elskar að klæðast fallegum jakkafötum og er helsta tískufyrirmynd hans af óvenjulegri gerðinni, sjálfur UFC-bardagakappinn Conor McGregor. „Hann setti á fót fatamerkið August McGregor á síðasta ári ásamt David Heil frá fatamerkinu þekkta David August. Jakkafatalína þeirra er mjög flott og það er alltaf gaman að sjá hverju hann klæðist fyrir viðburði.“

## Blandaður stíll

Sem íþróttamaður klæðist hann eðlilega oft íþróttafatnaði og hefur því nokkuð blandaðan stíl að eigin sögn. „Ég myndi segja að fatastíll minn sé mjög fjölbreyttur, allt frá jakkafötum yfir í íþróttafatnað. Flottar yfirhafnir, t.d. frakkar, og skór eru í uppáhaldi hjá mér. Þannig er hefðbundinn hversdags fatnaður hjá mér yfirleitt frakki, gallabuxur og svo annaðhvort strigaskór eða grófir skór við en það fer svolítið eftir veðri.“

Bojan er 25 ára gamall og býr í Keflavík þar sem hann spilar fótbolta með heimamönnum. „Utan þess að spila fótbolta þá stunda ég nám í sálfræði við Háskóla Íslands og vinn einnig í herrafataverslun í Leifsstöð. Helstu áhugamál mín eru tíska, íþróttir og að vera í góðum félagsskap.“

## Áhuginn aukist

Tískuáhugi hans hefur aukist mikið á undanförnum 3-4 árum að eigin sögn. „Ég hef alltaf haft gaman af því að fylgjast með tískunni en síðustu árin hefur sá áhugi þróast í að verða frekar stórt áhugamál hjá mér. Þeir miðlar sem ég skoða helst eru Instagram og Pinterest en þaðan er fínt að fá hugmyndir til að mixa saman við minn persónulega stíl.“

Fram undan er undirbúningur fyrir komandi tímabil með Keflavík í fótboltanum og að klára fyrsta árið í sálfræðinni. „Stefnan er sett á að klára BS-námið hérna heima og taka svo master í íþróttasálfræði erlendis. Svo væri draumur að opna fatabúð eða jakkafatabúð, annaðhvort hér heima eða erlendis, og bara að njóta og lifa lífinu.“

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn þá?* Það eru Dr. Martens skórnir mínir en þá nota ég heilan helling við alls konar samsetningar.

*Hvaða litir eru helst í uppáhaldi?* Ég klæðist oft dökkbláum og gráum fötum. Svo er ljós- og dökkbrúnn klæðnaður í miklu uppáhaldi hjá mér sem og vínrauður og mosagrænn.

*Áttu minningar um gömul tískuslys?* Veit ekki hvort það sé tískuslys en stutterma rúllukragabolurinn var ekki alveg að gera sig.

*Áttu þér eina uppáhaldsflík?* Ætli það sé ekki dökkgrái frakkinn minn, geng í honum dagsdaglega. Hann er í miklu uppáhaldi hjá mér því það er hægt að nota hann á ýmsan hátt.

*Bestu og verstu fatakaupin?* Það er klárlega dökkgrái frakkinn og svo eru ljósbrúnu Dr. Martens skórnir mínir ofarlega á listanum, ég er búinn að ganga í þeim þó nokkra kílómetra.

*Hvað einkennir klæðnað ungra karla í dag?* Mér finnst ekkert eitt einkenna fatastíl þeirra heldur eru alls konar „trend“ í gangi. Margir blanda ólíkum fötum saman og finna sinn eigin stíl. Hettupeysur, strigaskór og fínir frakkar fara t.d. vel saman.

*Eyðir þú miklu í föt miðað við jafnaldra þína?* Ég mundi ekki segja það, frekar reyni ég að kaupa eina og eina góða flík sem ég get notað lengi, í staðinn fyrir að kaupa föt sem ekki endast.

*Notar þú fylgihluti?* Ég elska að vera með úr á mér, mér finnst flott úr gera mikið fyrir heildarútlitið.



Vestið er frá Ralph Lauren og trefillinn er frá Sand. Buxurnar eru frá Berskha en skórnir frá Hugo Boss.




# BIOTHERM KYNNING

## LYFJU LÁGMÚLA, LAUGAVEGI, SMÁRALIND, SMÁRATORGI OG REYKJANESBÆ 7.-10. MARS.




# 20%

## AFSLÁTTUR AF

ÖLLUM BIOTHERM DÖMU- OG HERRA-VÖRUM.

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 kr eða meira á meðan birgðir endast.

**PURIFYING & CLEANSING BODY FOAM** er þétt og rík hreinsifroða sem gefur húðinni mýkt. Froðan slípar húðina, fjarlægir dauðar húðfrumur, frískar og jafnar áferð húðarinnar.

**INSTANT SMOOTHING & MOISTURIZING BODY TREATMENT** er létt líkamsgel sem gefur samtundis raka. Það er einstaklega frískandi, mýkir, róar og rakanærir húðina.

**FIRMING & RECOVERY BODY EMULSION** kremið er kælandi, styrkjandi og þéttir húðina. Gefur frískandi og góðan raka. Inniheldur kamforu sem hjálpar þreyttum og stífum vöðvum með verkjastillandi og bólgueyðandi eiginleikum

**FULLKOMNAÐU LÍKAMSRÆKTINA MEÐ STINNARI OG FALLEGRI HÚÐ.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM KYNNINGUNA ER Á LYFJA.IS

lyfja.is

LYFJA
– Lifið heil












Pels, inniskór, hárskraut og rugguhestur eru meðal þess sem Studio Trippin hannar úr hrosshúð.

# Þarfasti þjónninn verður að pels

## Kristín Karlsdóttir og Valdís Steinarsdóttir hanna úr hrosshúð. Þær fengu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna síðasta sumar og sýna afraksturinn á HönnunarMars.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@frettabladid.is



Við notum aðallega sútaðar og loðnar hrosshúðir og búum til ýmiss konar hönnunarvöru úr þeim, til dæmis rugguhesta, pels, inniskó, hárskraut og fleira, Á HönnunarMars munum við því bjóða gestum upp á nýja sýn á íslenska hestinn í bíósalnum á Hótel Marina og gera tilraun til að færa fólk nær honum, bjóða því að snerta, lykta og hlusta á íslenska hestinn eins og við upplifum hann,“ segir Kristín Karlsdóttir fatahönnuður en hún og Valdís Steinarsdóttir vöruhönnuður hanna úr hrosshúðum undir heitinu Studio Trippin.

Þær hlutu styrk úr Nýsköpunarsjóði til verksins og hafa sjálfar sútað skinn í vinnsluna en fá einnig efnivið frá Sauðárkróki og Hjalteyri.

„Karl Bjarnason, sútari á Sauðárkróki, hefur verið rosalega hjálplegur í gegnum ferlið, og Lene Zachariassen, sútari á Hjalteyri, er líka búin að kenna okkur margt. Við vonumst til þess að það styttist í að við getum komið bæði flíkum og innanstokksmunum í sölu,“ segir Kristín.



Kristín Karlsdóttir og Valdís Steinarsdóttir sýna fatnað og fylgihluti úr hrosshúð á komandi HönnunarMars.

Hugmyndin að Studio Trippin kviknaði út frá áfanga í Listaháskóla Íslands og segir Kristín að þær hafi nánast fengið hrosshúðir á heilann. Þetta er fyrsta samvinnuverkefni þeirra sem hönnuða en þær hafa þekkst frá því þær voru unglingar.

„Við höfum brallað margt saman gegnum tíðina en hugmyndin að verkefninu kviknaði þegar Valdís var að vinna hópverkefni um íslenska hestinn með bekknum sínum í vöruhönnun í LHÍ. Hún hljóp oft yfir til mín í fatahönnuninni og sagði mér frá og upp frá því byrjuðum við að ræða útfærslur og möguleika sem okkur duttu í hug. Ef við förum út á kaffihús eða út með vinum okkar var þetta það eina sem hægt var að tala við okkur um. Við vorum því komnar með margar hugmyndir og pælingar að vörum strax frá byrjun þeirrar vinnu sem við unnum í sumar,“ segir Kristín.

Hvernig er flíkum úr hrosshúð tekið?„Mjög vel, enn sem komið er. Fólk virðist almennt vera hrifið af hugmyndinni um fullnýtingu, og því að nota afgangsafurðir af íslenska hestinum, sem býr jafnan við gott atlæti. Auðvitað eru sumir mótfallnir því að borða hrossakjöt, og þ.a.l. hugmyndinni um að nota húðirnar. Við berum virðingu fyrir mismunandi skoðunum, en okkar skoðun er sú að mesta virðingin við skepnuna felist í því að fullnýta það sem til fellur af henni.“










ZIKZAK
TÍSKUHÚS

**KRINGLUKAST OG GLERÁRHLAUP!**

Skoðaðu úrvalið á **www.zikzakverslun.is**

**20-50%**

afsláttur af völdum vörum **dagana 8-12.mars**










Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# Sköpunarkraftur úr fyrra lífi

Akureyringurinn Áslaug Ásgeirsdóttir býr yfir sköpunarkrafti frá tískuborginni París og vekur hvarvetna athygli fyrir fallegar prjónakápur sem eru allar einstakar og bera sitt eigið nafn.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is





Áslaug prjónar húfur og trefla í stíl við litríkar ullarkápurnar sínar.

Hönnun mín ræðst að einhverju leyti frá fyrra lífi, virðist vera. Það spyrja mig margir hvort ég hafi búið í París og þaðan er sköpunarkrafturinn sennilega kominn því ég kannast mjög vel við borgina þótt ég hafi aldrei komið til Parísar. Draumurinn er þó að fara þangað í afmælisferð þegar ég verð 65 ára í sumar þótt ég sé alls ekki að gera tilkall til þess,“ segir Áslaug sem lætur tilfinningarnar ráða þegar kemur að hönnun og prjónaskap.

„Ég kann engin munstur og prjóna eftir eigin breiddargráðum, en franski innblásturinn fylgir mér líka í myndlist því ég á teikningar af turnum Parísarborgar,“ segir Áslaug í litríkri kápu úr eigin smiðju.

„Ég hef þurft að snúa mér í marga hringi fyrir konur í mínum heimabæ og margir dást að kápunum og spyrja hvar ég hafi fengið þær. Þær hafa vakið athygli hér á Akureyri og ein er farin til Reykjavíkur og er í eigu Ragnhildar Sverrisdóttur, djákna á Biskupsstofu, sem er mikið spurð um peysuna,“ segir Áslaug sem hefur meðal annars sýnt prjónaflíkur sínar á HönnunarMars nyrðra.

„Hver og ein kápa er einstök í litum, sniði og munstri og þær eiga allar sitt nafn. Þannig á ég Dag og Nótt, Sólina og Jörðina, Hálendið og Eyjafjallajökul, Marmara, Undir regnboga og Ástina með rauðum tónum, og húfur og trefla í stíl við hverja einustu flík.“

## Litríkur prjónaskáldskapur

Fyrsta kápan sem Áslaug prjónaði var Undir regnboga árið 2010.

„Þá var ég á ferð um Skagafjörð og greindi regnboga með annan lítinn á ská undir. Ég tók það upp hjá sjálfri mér að prjóna og koma þessum myndum í prjón. Í handavinnutímum grunnskólans tókst mér ekki einu sinni að prjóna vettlinga en það ekki er langt síðan ég sýndi gamla handavinnukennaranum mínum kápurnar mínar og honum þótti þær stórmerkilegar. Það fannst mér sjálfri ótrúlega merkilegur dagur,“ segir Áslaug og brosir að minningunni.

„Í prjónaskáldskapinn hef ég til reiðu fullt af litum og byrja alltaf að prjóna ofan frá. Hönnunin verður því ekki til fyrr en neðst en þá kemur kúnstin hvernig ég túlka flíkina í heildina. Því eru kápur mínar og peysur ólíkar að lit og lögun, kannski með skásniði eða kögri, og allt þar á milli.“

Áslaug er ættuð frá Dalvík og segist alltaf mæta á Fiskidaginn mikla í nýrri prjónaflík.

„Ég hef gaman af því að klæðast fallegum kjólum og peysum í svipuðum dúr, og er alveg óhrædd við liti. Nú er ég að stúdera gula peysu fyrir næsta Fiskidag vegna þess að gulur talar til mín. Ég á líka sólgulan kjól sem ég saumaði inni í skáp og hef því eðlilega mikinn áhuga á að töfra fram gula peysu í stíl.“

Þeir sem hafa áhuga á að eignast kápu frá Áslaugu geta haft samband við hana í síma 6946509.



Áslaug er glæsileg í eigin hönnun enda vekur hún athygli fyrir flottar ullarflíkur sínar.



SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS



SKÓDAGAR
ICEWEAR MAGASÍN
LAUGAVEGI 91 - 2. HÆÐ
1.-12. mars
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓM
ASOLO
FJALLGÖNGUSKÓR
LÉTTIR GÖNGUSKÓR
HVERSDAGSSKÓR
BARNASKÓR
TPS 520 GV
~~Kr. 29.990.-~~
Nú kr. 22.492.-
Herra/Dömu
Lagazuoi GV
~~Kr. 31.990.-~~
Nú kr. 23.993.-
Herra/Dömu
Enforce GV BARNASKÓR
~~Kr. 11.990.-~~
Nú kr. 8.992.-
Barnaskór
Blade GV
~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-
Herra
Blade GV
~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-
Dömu
Falcon GV
~~Kr. 27.490.-~~
Nú kr. 20.618.-
MEGAGRIP
Dömu
Bajura NBK GV
~~Kr. 34.990.-~~
Nú kr. 26.243.-
Herra
Drifter GV
~~Kr. 29.990.-~~
Nú kr. 22.493.-
Dömu
Myth GV
~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-
Herra
Myth GV
~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-
Dömu
Falcon GV
~~Kr. 27.490.-~~
Nú kr. 20.618.-
MEGAGRIP
Herra
Shiver GV
~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-
Dömu, margir litir til
Shiver GV
~~Kr. 19.990.-~~
Nú kr. 14.993.-
Herra, margir litir til
SALEWA
HLAUPASKÓR
LÉTTIR GÖNGUSKÓR
ULTRA FLEX MID
HERRA
Framúrskarandi grip og stöðugleiki. Michelin® sóli tryggir fullkomiðjafnvægi á tæknilegum hlaupaslóðum um fjalllendi.
~~Kr.26.490.-~~
Nú kr. 19.868.-
ALPENROSE ULTRA MID GTX
DÖMU
Gore-Tex® vatnsheldir skór, sem veita gott grip og stöðugleika við mismunandi aðstæður. Góður stuðningur við ökkla, sérstaklega niður í móti. Michelin® sóli tryggir fullkomið jafnvægi.
~~Kr.26.490.-~~
Nú kr. 19.868.-
LIGHT TRAIN
DÖMU
Framúrskarandi grip og stöðugleiki. Michelin® sóli tryggir fullkomið jafnvægi á tæknilegum og krefjandi hlaupaslóðum.
~~Kr. 18.990.-~~
Nú kr. 14.242.-
kamik
KULDASKÓR
BARNASKÓR
INDIANA BARNASKÓR
Vetrarskór sem halda fótunum þurrum og hlýjum í vætu og snjó. 100% vatnsheldir með DriDefence® KAMIK sóla með miklu slitþoli og sterku NiteRays® endurskini.
~~Kr. 12.990.-~~
Nú Kr. 9.743.-
SOUTHPOLE 4 BARNA VETRARBOMSUR
Kamik Southpole 4 eru vinsælustu barnastígvélin í Kamik línunni. Stígvélin eru hönnuð fyrir börn til að leika sér í snjónum. Vatnsþétt nælon og teygjureimar þétta skóinn bæði við kálfa og við ökkla, sitja vel á fæti.
~~Kr. 9.490.-~~
Nú Kr. 7.117.-
YUKON 6 HERRASKÓR
Laufléttir og sterkir sem stál. Fullkomnir fyrir íslenskar aðstæður, gönguferðir og hverskyns útivist. Vatnsheldir og einstaklega hlýjir.
~~Kr. 21.990.-~~
Nú Kr. 16.493.-
VERIÐ VELKOMIN Á SKÓDAGA ICEWEAR MAGASÍN
Á LAUGAVEGI 91 OG GERIÐ GÓÐ KAUP
ICEWEAR MAGASÍN
LAUGAVEGI 91 - 2. HÆÐ







FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.

*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.



Í dag er algengast að tölur séu úr plasti en einnig finnast tölur úr málmi, skel eða viði.

# Hnöppum að hneppa

**Ekki týna tölunni þótt þú hafir öðrum hnöppum að hneppa. Tölur eru eitt af stóru verkfræðilegu undrum mannsandans og ótrúlegt hvað þessi litlu fyrirbæri hafa orðið mannkyninu að miklu gagni.**

Þessi einfalda aðferð til að festa utan á sig föt, að sníða gat og stinga hnappi í gegnum það, eru þó ekki fyrstu notin sem mannfólk fann fyrir hnappa sem hafa fylgt mannkyninu árþúsundum saman. Fornleifarannsóknir benda til þess að hnappar úr skeljum hafi verið notaðir í Indusdalnum 2800 árum fyrir Krists burð en einnig bæði á bronsöld í Kína og í Rómaveldi. Þá hafa tölur fundist frá landnámsöld hérlendis. Tölur virðast fyrst hafa verið notaðar sem skraut og gjaldmiðlar og þá saumaðar í föt eða þræddar upp á festar. Þessar elstu tölur eru úr skeljum, málmum og fallegum leir. Sú aðferð að nota þessa skrautmuni til að halda fötum saman eða láta þau falla betur virðast hafa skotið upp kollinum í Þýskalandi á 13. öld og öld síðar eru tölur algengar í Evrópu. Tölurnar gerðu kleift að draga fram líkamsvöxt með því að hafa föt þröng eða aðsniðin og ollu þannig byltingu í klæðaburði.

Tölur hafa verið gerðar úr nánast öllu mögulegu, bæði náttúrulegu efni og gerviefnum. Til eru dæmi um tölur sem hafa verið búnar til úr steingervingum. Til eru ástríðufullir hnappasafnarar sem eiga tölur af öllum stærðum og gerðum, lit og lögun og ásælast eldri og sjaldgæfa hnappa á sama hátt og aðrir safnarar einstaka safngripi.

Koumpounophobia, eða óttinn við hnappa, er líka furðu algeng fælni og Steve Jobs er einn af þeim sem þjáðust af henni. Þeim sem eiga við hnappafælni að stríða finnst tölur ógeðslegar og geta ekki gengið í fötum þar sem tölur koma við sögu, finnst tölur skítugar og jafnvel vond lykt af þeim.

Víða um heim eru starfrækt hnappasöfn þar sem má sjá sannkölluð tölulistaverk, fallegar



Skrauthnappar tíðkuðust mjög á fyrri öldum og voru margir mikil listaverk.

myndir eru málaðar á hnappinn og jafnvel glerjað yfir. Slíkar skrauttölur voru notaðar á sautjándu og átjándu öld jöfnum höndum til að skreyta fatnað og leggja áherslu á einhvern ákveðinn líkamsvöxt. Enn eru tölur öðrum þræði hugsaðar til skrauts og margir hönnuðir leggja mikið kapp á að tölurnar séu fallegar, sérstakar eða beri jafnvel vörumerki hönnuðarins eins og tíðkast til dæmis mjög á gallabuxnatölum. Árið 1918 lét ríkisstjórn Bandaríkjanna gera stóra rannsókn á tölum og kom í ljós að þá voru framleiddar tölur úr um þrjátíu mismunandi efnum, en meðal þeirra voru postulín, dýrahorn sem hefur lengi verið nýtt til tölugerðar, gler og pappamassi. Í dag er algengast að tölur séu úr plasti, skeljum, málmi og tré. Yfir 60% af tölum heimsins eru framleidd í Qiaotou í Yongjia-héraði í Kína.

Tískuhönnuðurinn heimsfrægi Izaac Mizrahi er ekki einn af þeim sem fælast tölur heldur segir hann



Algengast er að festa tölur á föt með nál og þræði og til þess að tölurnar týnist síður og standi ekki út í loftið eru á þeim tvö til fjögur göt til að sauma tölurnar kyrfilega fastar.

að það séu engar slæmar tölur, aðeins slæmt fólk. Hann gerði á dögunum stutt myndband þar sem hann lofar hönnun og fegurð hnappsins og ekki síst hnappagatsins sem hann telur eina merkustu uppgötvun tískusögunnar.

Áhugafólki um tölur og hnappa er bent á að hægt er að horfa á myndbandið á Facebook-síðunni Small thing Big idea.


Brandenburg | SÍA
39.990 KR.
ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT & SUND
ENGIN BINDING
STINGDU ÞÉR TIL SUNDS Í KÓPAVOGI
Kortin fást í afgreiðslum sundlauga Kópavogs.
Salalaug · Kópavogslaug · reebokfitness.is
Reebok
FITNESS

## Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**






### Hjólbarðar




**NÝJU ÞAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

### Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Heilsuvörur



Ný 6m. lúxus sauna. Með fullt af aukahlutum. Ósamsett. Verð. 1.200.000 -Skoða skipti á bíl ódýrari/dýrari S.6986083











# HÚSBÍLAÆÐI !



**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**
**Verð nú 4.250.000.**




**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast.
**Verð 4.990.000.-**
**Tilboð 3.350.000.**




**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.
**Verð 4.990.000,**
**Tilboð 3.350.000.**




**Dacia Dokker 1.5 diesel**
árg 2016 ekinn 28 þ km 5 gíra svefnpláss fyrir 2 sólarsella og öndun á topp, klár í notkun
**Verð 1.990.000**
**Tilboð 1.700.000**




**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**
**Tilboð 4.450.000.**




**Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4
**Verð 7.990.000.**
**Tilboð 6.990.000**
Bíllinn er í Keflavík
Uppl. síma 776 7600




**Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2
**Verð 7.490.000.**
**Tilboð 6.490.000**
Bíllinn er í Keflavík
Uppl. síma 776 7600
**Fiat Ducato 2.3 diesel**

TOURINGCARS
gummi@touringcars.eu

**Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600**

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

## Löggiltur málarameistari

Gerum föst verðtilboð í utanhússmálun og endurmálun sameigna fyrir húsfélög og fleira.
Vönduð vinnubrögð og notum einungis topp efni.

Vaskir Drengir ehf

vaskirdrengir@gmail.com
sími 844-9188

## Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

## WORK NORTH

HÚSARIF • JARÐVINNA • MÚRBROT
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN

Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

## EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

## Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

## Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

## viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

## Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.

Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

## Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

---

**Kjöreign ehf**

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is






# OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 16:00-18:00

## Íbúðir til leigu.
## Laugarvegur 59, Kjörgarður

Til leigu 8 íbúðir á 3.4. og 5. hæð við Laugaveg 59, Kjörgarði.

Íbúðirnar eru allar nýjar og afhendast fullfrágengnar með öllum tækjum í eldhúsi, einnig þvottavél og þurrkara.

Allur frágangur er vandaður. Mikið útsýni úr íbúðunum.

Svalir á 3. og 4. hæðinni eru innbyggðar með svalaloku.
Stórar þaksvalir eru á 5. hæðinni og eru heitir pottar á svölum stærri íbúðanna.

Bílastæði í bílageymslu Reykjavíkurborgar geta fylgt hverri íbúð.

**Stærðir íbúða er 2ja, 3ja og 4ra herbergja. Stærðir frá 78 fm. - 138 fm.**

**Verð frá 290 þús.**

**Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar.**

**Uppl. gefur Dan V S Wiium hdl. og lögg.fasteignasali í s: 896-4013**

Dan V.S. Wiium - hdl., og löggiltur fasteignasali

# Fréttamenn sem standa undir nafni

Fréttablaðið var stofnað árið 2001 og hefur verið mest lesna dagblað landsins frá upphafi. Þar starfa hátt í 100 hæfileikaríkir einstaklingar sem allir leggja hönd á plóg við að gera Fréttablaðið að einum stærsta fjölmiðli landsins. Á meðal þeirra er Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.

Gunnþóra Gunnarsdóttir

Gunnþóra Gunnarsdóttir
*fréttamaður*






Fréttir og ítarleg umfjöllun á frettabladid.is

FRETTABLADID.IS FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ

Útgefandi og aðalritstjóri: Kristín Þorsteinsdóttir, kristin@frettabladid.is

# Skandall ef Fram verður ekki meistari

**Undanúrslit bikarsins í kvennahandboltanum fara fram í dag. Annars vegar mætast topplið Olís-deildarinnar, Fram og ÍBV en í seinni leiknum mæta Haukar liði KA/Þórs úr 1. deildinni. Fréttablaðið fékk Kristínu Guðmundsdóttur til að rýna í leikina tvo og spá í spilin.**

**HANDBOLTI** Úrslitahelgi Coca-Cola-bikarsins er um helgina en undanúrslitin í kvennaflokki fara fram í Laugardalshöll í kvöld. Annars vegar mætast lið Fram og ÍBV en í seinni leiknum mætir 1. deildar lið KA/Þórs liði Hauka. Fyrirfram er meiri spenna fyrir leik Fram og ÍBV en KA/Þór hefur þegar slegið út eitt Olís-deildarlið á leið sinni í Höllina. Er þetta í fyrsta sinn sem KA/Þór leikur í undanúrslitum bikarsins í kvennaflokki frá árinu 2009.

### Setur enginn pening á okkur

Jónatan Þór Magnússon, þjálfari KA/Þórs, var brattur þegar Fréttablaðið hitti á hann í vikunni en hann sagði að það myndi henta liðinu vel að fara án pressu í leikinn og að stelpurnar hans væru spenntar fyrir komandi verkefni.

„Það er mikil eftirvænting fyrir þennan leik, flestir í liðinu hafa aldrei tekið þátt í leik af þessari stærðargráðu. Við erum með tvo reynslubolta sem hafa unnið þetta, Mörthu og Ásdísi, og þær draga vonandi vagninn fyrir yngri leikmennina,“ segir Jónatan sem telur leikinn góða mælistiku á lið sitt.

„Við höfum ekki spilað við lið af þessu kaliberi síðan ég tók við liðinu og við erum virkilega spennt að sjá hvar við stöndum. Það gæti hentað okkur að það býst enginn við neinu af okkur, það myndi enginn setja pening á okkur,“ segir hann en hefur þó fulla trú á verkefninu.

„Á góðum degi getum við unnið Hauka, við erum með góða vörn og spilum fullar sjálfstrausts og vonandi getum við stolið sigrinum.“

### Ótrúlegur kraftur í Akureyringum

Fréttablaðið heyrði í Kristínu Guðmundsdóttur, fyrrverandi landsliðskonu og núverandi leikmanni Vals, til að fá hennar álit á viðureignunum tveimur.

Valsliðið mætti KA/Þór í æfingarleik fyrir tímabilið og hreifst Kristín af Akureyringunum.

„Þær komu okkur svakalega á óvart, þær eru með öflugt þjálfarateymi sem hefur sett saman flott lið af reynsluboltum og yngri leikmönnum. Svo eru þær bara í þvílíku formi, margar sem hættu í handbolta og tóku stutta törn í CrossFit og sneru til baka í mun betra formi. Það er ekki algengt að sjá lið í 1. deildinni sem er í svona góðu formi, þær keyrðu á fullu á okkur. Svo hafa þær engu að tapa í þessum leik,“ sagði Kristín sem fannst hlutverk Hauka ekki öfundsvert, að mæta liði sem er fullt sjálfstrausts þótt það sé deild neðar.




Þetta er annað árið í röð sem Haukar og Fram leika í undanúrslitum bikarsins en KA/Þór hefur ekki komist í undanúrslitin frá árinu 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Haukar eiga að vinna

„Það getur verið svakalega erfitt að mæta svona liði, þær eru með þokkalega reynslu, í flottu formi og hafa engu að tapa. Á pappírnum er það skandall ef Haukar tapa, en Haukum hefur þó ekki gengið allt of vel í Höllinni í gegn um tíðina. Ég á von á spennandi leik, maður heyrir að Haukaliðið sé svolítið lemstrað og það gæti spilast upp í hendurnar á Akureyringum. KA/Þór getur alveg unnið þennan leik.“ Kristín átti von á spennandi leik en taldi aðeins annað liðið geta staðið í mótherjunum í úrslitaleiknum, sama hvort Fram eða ÍBV færi áfram úr hinu einvíginu.

„Ég held að ef KA/Þór kemst áfram þá eigi þær því miður ekki möguleika í úrslitaleiknum, Haukar geta á góðum degi unnið öll lið en ég sé ekki KA/Þór vinna besta lið landsins í dag, hvorki Fram né ÍBV. Haukarnir munu alltaf gefa andstæðingnum leik en ég hef smá áhyggjur af úrslitaleiknum ef Akureyringar komast áfram.“

> Ég held að Stefán sé hræddur við að leika gegn Hrafnhildi.
>
> Kristín Guðmundsdóttir, leikmaður Vals

### Yfirvegun lykilinn að sigri ÍBV

Í fyrri leik dagsins mætast topplið Fram og ÍBV í leik sem fyrirfram er meiri spenna í. Framarar hafa unnið sjö leiki í röð í Olís-deildinni en ÍBV er aðeins tveimur stigum á eftir í 3. sæti deildarinnar. Kristín á von á því að sigurvegari leiksins hampi titlinum.

„Þarna eru tvö af sterkustu liðum landsins að mætast og það hefði auðvitað verið frábært að fá þetta sem úrslitaleik sem auglýsingu fyrir kvennahandboltann. Takist Haukum að fara áfram þá verður það hörkuleikur en ekki jafn skemmtilegur og ef þetta hefði verið úrslitaleikurinn að mínu mati.“ Yfirvegun í sóknarleiknum er að mati Kristínar lykillinn að sigri ÍBV.

„Fram er vissulega á skriði í deildinni og hefur unnið báða leikina gegn ÍBV til þessa en Eyjakonur hafa verið á flottri siglingu undanfarnar vikur. ÍBV getur alltaf spilað góða vörn en þær verða að spila góðan sóknarleik og stjórna hraða leiksins til að vinna í dag. Fram nærist á mistökum annarra og þannig vinna þær oft leikina en ef þú nærð að halda sóknarmistökunum í lágmarki þá geturðu unnið Fram,“ sagði Kristín sem telur Ester geta ráðið úrslitum leiksins. „Hún verður að leiða liðið, ef þær fara að hengja haus verður hún að smita liðsfélaga sína af stemmingunni sem umlykur hana. Svo ef hún kemst í ham þá er þetta einn erfiðasti leikmaður landsins að spila á móti.“

### Refskák á hliðarlínunni

Á hliðarlínunni mætast Stefán Arnarson og Hrafnhildur Ósk Skúladóttir sem unnu ásamt Kristínu saman hjá Val um árabil og unnu fjölmarga titla saman. Kristín á von á því að Hrafnhildur geti nýtt sér það. „Ég held að Stefán sé hræddari við Hrafnhildi en hún við hann. Við erum búin að þekkja hann svo lengi að hann veit að krúsídúllusálfræði hans gengur ekki gegn okkur Hrafnhildi og okkar leikmönnum. Hún þekkir hann og hans handbragð,“ sagði Kristín sem vildi að lokum setja smá pressu á Stefán, gamla þjálfarann sinn: „Ég ætla að setja smá pressu á Stebba, það er meiri pressa á honum að vinna en Hrafnhildi og það yrði meira talað um það ef hann tapaði. Hann er með betra liðið í dag og það yrði skandall ef Fram yrði ekki bikarmeistari,“ sagði Kristín hlæjandi að lokum.

kristinnpall@frettabladid.is

FERMINGARGJAFIR

Fimmtudaginn 15. mars gefur Fréttablaðið út bráðsniðugt aukablað sem inniheldur ótal hugmyndir að fjölbreyttum fermingargjöfum.

Allir sem hafa fermst vita að dagurinn og ekki síst gjafirnar lifa í minningunni um aldur og ævi.

**Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.**



**Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512 5402 eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




**1490.-**




**1690.-**




**1490.-**



# BÓKAMARKAÐURINN

## *Laugardalsvelli*

OPIÐ KL. 10 – 21 ÖLL KVÖLD

# SÍÐASTA HELGIN!

ÓTRÚLEGT ÚRVAL

ÞÚSUNDIR TITLA






**2499.-**




**1990.-**




**690.-**




**2999 .- saman**




**2499.-**




**690.-**




**1990.- pakkinn**




**490.-**

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
8. MARS 2018 FIMMTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1971** Bardagi aldarinnar fer fram; Joe Frazier sigrar Muhammad Ali í hnefaleikum í Madison Square Garden.

**1973** IRA stendur fyrir sprengjutilræðum í Whitehall og Old Bailey í London.

**1973** Íbúar Norður-Írlands kjósa að vera áfram hluti af Bretlandi. Írskir þjóðernissinnar hvöttu fólk til að sniðganga kosningarnar.

**1974** Charles de Gaulle-flugvöllur opnaður í París.
**1979** Hollenska fyrirtækið Philips kynnir geisladiskinn opinberlega.
**1980** Íslenska kvikmyndin Veiðiferðin frumsýnd.
**1980** Fyrsta rokkhátíðin í Sovétríkjunum hefst í Tbilisi.
**1983** Alþingi lögfestir „Lofsöng“ („Ó Guð vors lands“) sem þjóðsöng Íslendinga.
**1983** IBM setur tölvuna IBM PC XT á markað.
**1983** Ronald Reagan kallar Sovétríkin „heimsveldi hins illa“.
**1985** Bilsprengja, sem beint er gegn íslamska klerkinum Sayyed Mohammad Hussein Fadlallah, springur í Beirút með þeim afleiðingum að 80 deyja.
**1986** Japanska könnunarfarið Suisei flýgur fram hjá halastjörnu Halleys.
**1990** Samtökin Stígamót stofnuð.
**2008** Hljómsveitin Jakobínarína heldur sína síðustu tónleika á Organ.


Þótt verkin á sýningunni tilheyri flest textíl eru þau unnin með margs konar tækni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Aldurinn gefur aukið frelsi

**Myndlistarkonan Þórey Aðalsteinsdóttir opnaði nýlega sýningu í Galleríi Vest á Hagamel 67. Þar er hún aðallega með textílverk sem hún hefur unnið á síðustu misserum.**

Myndvefnaður, útsaumur, skúlptúrar og fleiri tegundir textílverka einkenna sýningu sem Þórey Aðalsteinsdóttir myndlistarkona er með í Galleríi Vest á Hagamel 67 í Reykjavík. Þar koma ýmis efni við sögu, svo sem mannshár og minkaskinn. „Ég er alltaf að leika mér og finnst það æðislega gaman. Aldurinn gefur manni aukið frelsi til að skapa það sem mann langar til,“ segir Þórey glaðlega. „Það var ekki fyrr en eftir sjötugt sem ég eignaðist vinnustofu til að vefa í. Stelpurnar mínar segja að það hafi verið kominn tími til.“

Eitt verkið tengist heilanum og færni mannsins, það er saumað. Annað svolítið svipað fjallar um kvenlíkamann og heitir Áfram konur. Sólarlag á norðurslóðum er ofið í vefstól, athygli vekur verk sem Þórey gerði úr fléttu sem hún fékk úr hári Kristínar dóttur sinnar. Þar hefur hún líka blandað inn í minka- og kanínuskinni. „Það var æðisleg spennandi að búa þetta til,“ segir hún sannfærandi.

Flest verkin eru unnin á síðustu mánuðum, að sögn Þóreyjar. Þar á meðal Blóm í túni sem hún útskýrir svo: „Tengdasonur minn er leiðsögumaður og hann gaf mér fullt af sárabindum sem voru að úreldast og hann sagði við mig: „Ef þú getur ekki notað þetta þá getur það enginn. Heyrðu, ég litaði fullt af þessum sárabindum og þannig varð verkið Blóm í túni til.“

Sýningin í Galleríi Vest stendur út mars og er opin frá 14 til 17 alla daga nema mánudaga.

**gun@frettabladid.is**



✝
Faðir minn, sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,
**Jóhann Jóhannsson**
tónskáld,
sem lést í Berlín níunda febrúar sl. verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn níunda mars kl. 3 e.h.
Þeim sem kynnu að vilja minnast Jóhanns skal bent á að stofnaður hefur verið minningarsjóður í nafni hans: http://johann-johannsson-memorial-fund.org/
**Karólína Jóhannsdóttir, Edda Þorkelsdóttir, Jóhann Gunnarsson og fjölskylda.**


✝
Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Ævar Jóhannesson**
tækjafræðingur,
lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 3. mars síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 14. mars.
**Jóhannes Örn Ævarsson** **Sif Garðarsdóttir**
**Sigríður Ævarsdóttir** **Benedikt Líndal**
**Þórarinn H. Ævarsson** **Barbara Ómarsdóttir**
**Ólöf Ævarsdóttir** **Björn Bögeskov Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**


✝
**Sigurveig Georgsdóttir**
hjúkrunarfræðingur
lést 4. mars.
Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju föstudaginn 9. mars kl. 11.
**Lárus Þorv. Guðmundsson**
**Georg Kr. Lárusson** **Vala Agnes Oddsdóttir**
**Ragnheiður Lárusdóttir**
**Özur Lárusson** **Margrét Ása Sigfúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


✝
Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,
**Magnús Heimdal Magnússon**
Bryne, Noregi
(áður til heimilis að Hagaflöt 8, Garðabæ)
andaðist í Bryne 21. febrúar. Útförin fór fram 28. febrúar.
**Sissel Sørdal Magnússon og fjölskylda.**


✝
Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls móður okkar, ömmu og langömmu,
**Jónínu Ásdísar Kristinsdóttur**
**(Stellu)**
Hlíðarhúsum 7.
Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir, 2. hæð suður, fyrir hlýja og góða umönnun.
**Jóna G. Alexandersdóttir** **Davíð Löve**
**Söfus A. Alexandersson** **Guðrún Ágústsdóttir**
**Áslaug Alexandersdóttir** **Þorgeir Kjartansson**
**Kristín H. Alexandersdóttir** **Ásgeir J. Þorvaldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


✝
Elskulegur eiginmaður minn, faðir, bróðir, tengdafaðir og afi,
**Páll Kai Gunnarsson**
lést í Lundi í Svíþjóð 2. febrúar sl. Jarðarförin hefur farið fram.
**Esther Þorgrímsdóttir**
**Gunnar Karl Pálsson** **Cherilyn Huerto**
**María Pálsdóttir** **Terry Calhoun**
**Lísa Pálsdóttir** **Jón Árni Bjarnason**
**og barnabörn.**
**Guðmundur Gunnarsson** **Bjarma Didriksen**
**Sigurður Daníel Gunnarsson** **Anna Sk. Gunnarsdóttir**
**Oddur Gunnarsson** **Áslaug Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**


✝
Ástkær móðir okkar,
**Petrína Fransiska Jónsson**
Ninna,
frá Kvívík í Færeyjum,
andaðist á Sólvangi Hafnarfirði, laugardaginn 3. mars. Útför hennar verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 13. mars kl. 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.
**Gunnþór, Margrét Halldóra og Hjördís María Ingabörn**


✝
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
**Hólmfríður Gestsdóttir**
Hraunbraut 32, Kópavogi,
lést á Landakoti laugardaginn 3. mars.
**Kristrún Tómasdóttir** **Pétur Oddgeirsson**
**Jóhanna Tómasdóttir**
**Guðlaug Tómasdóttir** **Steingrímur Sigurðsson**
**Tómas Þórarinn, Arnar Oddgeir, Marta, Sindri Þór, Steinar Páll, Sara og Tómas Breki**

THULE® SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar




Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðaustan gola eða kaldi með éljum í dag, en lengst af léttskýjað sunnan og vestan til. Frost 0 til 8 stig, mildast með suður- og suðvesturströndinni.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -4° | -4° |
| ← 10 | ↖ 12 | ↑ 1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | -2° | -7° |
| ↓ 9 | ↙ 7 | ↙ 5 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -3° | -6° |
| ← 9 | ← 15 | ↘ 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | -1° | -7° |
| ↓ 6 | ↙ 10 | ↙ 6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | | 2 | | | |
| | | | | 7 | 5 | 6 | 9 | |
| | 5 | | 8 | | 4 | | | 7 |
| | 9 | 3 | 4 | | 8 | | | 5 |
| 4 | 8 | 1 | | | 3 | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | 3 | 4 | |
| | | 8 | 5 | | | | | |
| | 3 | | 1 | | 9 | | 5 | |
| 1 | | | | 8 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 9 | 2 | | 5 | | | |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | | | | |
| 9 | | | | 5 | 3 | | | |
| | 2 | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | | | | | | 6 | | 9 |
| 5 | | 4 | | 7 | | 2 | | 6 |
| | | 1 | | | | 7 | 4 | |
| | | | | | 8 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 3 | | |
| 7 | | | 6 | | | | 9 | 4 |
| | | 1 | | 4 | | | | 6 |
| | | 4 | | 2 | 5 | | 8 | |
| 6 | | | | | | 9 | 5 | |
| | | 5 | 3 | | 9 | | | |
| | | | | 7 | | | | |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| | 5 | 6 | | | | 2 | | 1 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. hrísluskógur
5. í viðbót
6. kraðak
8. útvega
10. í röð
11. lykt
12. snöggur
13. band
15. sköpun
17. plata

**LÓÐRÉTT**
1. slengjast
2. bættu við
3. mjaka
4. mögla
7. samtal
9. guðsgaffall
12. viðskipti
14. málmur
16. tveir eins




**LÁRÉTT:** 1. kjarr, 5. auk, 6. ös, 8. skaffa, 10. tu, 11. ilm, 12. snar, 13. stag, 15. tilurð, 17. narra.
**LÓÐRÉTT:** 1. kastast, 2. juku, 3. aka, 4. röfla, 7. samræða, 9. fingur, 12. sala, 14. tin, 16. rr.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**
Undrabarnið Praggnanandhaa Rameshbabu (2507) hafði hvítt gegn Matthieu Cornette (2620) í 3. umferð GAMMA Reykjavík Open í gær. Síðasti leikur var **26. – Hd1+?** sem svarað var með **26. Hxd1?** uppskiptum og síðan jafntefli. **26. Bf1!** vinnur hins vegar enda allir svörtu mennirnir í uppnámi.

Mustafa Yilmaz og Suri Vaihav eru efstir eftir þrjár umferðir. Fjórða umferð hefst í dag kl. 17.00.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










LG Life's Good

# LG DAGAR

LG Á HEIMA
Í RAFLANDI



## ALLAR LG VÖRUR Á 10–50% AFSLÆTTI

KÆLISKÁPAR · ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · FARSÍMAR · OLED SJÓNVÖRP · SUHD SJÓNVÖRP · LED SJÓNVÖRP
HLJÓMTÆKI · ÞRÁÐLAUSIR HÁTALARAR · BLU-RAY SPILARAR · HEIMABÍÓ HÁTALARAR

**BETRA BORGAR SIG**
Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# BÍLAR




**Þarna fer minnsti bíllinn í jeppa/jepplingaflokki Lexus en fyrir eru bílarnir RX og NX og nafnið UX því í rökréttu framhaldi en U í UX stendur fyrir Urban.**

# Lexus UX prýddi pallana í Genf

Lexus kynnti glænýjan smáan UX borgarjeppling sem ekki verður löng bið eftir.

Fréttablaðið brá sér á bílasýninguna sem nú stendur yfir í Genf og á fyrsta degi hennar á þriðjudaginn var mikið um dýrðir og kynningar á glænýjum bílum. Ein fyrsta kynningin var snemma dags þar sem Lexus kynnti nýjan og snaggaralegan jeppling í Compact Crossover flokki og mun hann bera nafnið Lexus UX. Vakti bíllinn eðlilega mikla athygli og dró að sér mikinn fjölda sýningargesta. Þarna fer minnsti bíllinn í jeppa/jepplingaflokki Lexus en fyrir eru bílarnir RX og NX og nafnið UX því í rökréttu framhaldi en U í UX stendur fyrir Urban því hér fer sannkallaður borgarjepplingur sem er af smærri gerðinni. Hann er meira að segja 13 cm styttri en Toyota Corolla, eða 4,5 metrar og því ætti að vera auðvelt að finna honum stæði í þröngri borgarumferð.

**Mun öflugri en Toyota CH-R**

Bíllinn er, eins og eðlilegt má teljast með Lexus bíla, stórglæsilegur að innan og hinn vandaðasti í alla staði. Hann mun bjóðast bæði sem Hybrid-bíll og án Hybrid-aðstoðar og báðar gerðir verða með nýrri 2,0 lítra bensínvél og heita þessar gerðir UX 250h og UX 200. Þessi 2,0 lítra vél er 168 hestöfl og því 24 hestöflum öflugri en vélin í Toyota CH-R sem er ámóta stór borgarjepplingur úr smiðju systurmerkisins. Með Hybrid-kerfinu er bíllinn 176 hestöfl og þar sem rafmótorinn er að aftan er bíllinn fyrir vikið fjórhjóladrifinn þegar nægt afl er á rafhlöðunum. Lexus UX er með lægsta þyngdarpunktinn í sínum flokki bíla í heiminum og mikla stífni í undirvagni og yfirbyggingu. Hann á að vera með akstursegiginleika á við fólksbíl. Lexus UX á að koma á markað í haust í Bandaríkjunum og vonandi einnig hér á landi.

**ÞESSI ÞRÓUN KÆMI EKKI MIKIÐ Á ÓVART Í LJÓSI ÞESS AÐ FLESTIR BÍLAFRAMLEIÐENDUR ERU AÐ FJÖLGA MJÖG Í JEPPA/JEPPLINGAFLOKKI Á KOSTNAÐ FÓLKSBÍLA, ENDA EFTIRSPURNIN MEST ÞAR.**

**Ógnarfallegur LF-1 Limitless Concept tilraunabíll**

Lexus kynnti ekki bara nýjan UX heldur hrikalega fallegan tilraunabíl, LF-1 Limitless Concept, á pöllunum í Genf. Þarna er kominn háfættur og stór, en umfram allt áberandi fallegur bíll sem ætti ekki að hræðast torfærurnar. Þessi bíll fer vonandi í framleiðslu hjá Lexus sem fyrst, þótt ekki sé hægt að slá því föstu. Hann yrði þá fjórði bíllinn í framleiðslulínu Lexus sem ekki telst fólksbíll og líklegast sá allra glæsilegasti. Þessi þróun kæmi ekki mikið á óvart í ljósi þess að flestir bílaframleiðendur eru að fjölga mjög í jeppa/jepplingaflokki á kostnað fólksbíla, enda eftirspurnin mest þar. Lexus kynnti einnig lengri gerð RX jeppans sem fær stafinn L í endann, enda bíllinn 11 cm lengri og með þrjár sætaraðir. RX 450hL verður enginn letingi með sína 313 hestafla drifrás, en þessi bíll verður bæði markaðssettur í Bandaríkjunum og Evrópu á næstunni.

# Audi frumsýndi nýjan A6

Audi fylgdi eftir nýjum A8 og A7 bílum með frumsýningu á nýjum Audi A6 og fær hann greinilega talsvert lánað frá ytra útliti A8 bílsins, enda hönnuður bílanna allra hinn nýi hönnuður Audi, Marc Lichte. Það er ekki leiðum að líkjast þar og vakti gripurinn eðlilega mikla athygli. Einna athygliverðast við nýjan Audi A6 er að allar gerðir hans fá svokallað „mild-hybrid“ kerfi sem hjálpar brunavélunum og minnkar eyðslu og mengun.

Audi A6 mun bjóðast með 201 hestafls og 2,0 lítra dísilvél og 3,0 lítra V6 dísilvél í bæði 228 og 286 hestafla útgáfum. Hann verður líka í boði með 335 hestafla og 3,0 lítra V6 bensínvél. Seinna meir mun A6 líka bjóðast með 2,0 lítra bensínvél að sögn Audi manna í Genf. Það eru ekki bara mikil umskipti í vélaframboði því undirvagninn er nýr og gerður að miklu leyti úr áli og bíllinn mun einnig bjóðast á loftpúðafjöðrun. Þá mun hann einnig bjóðast með fjórhjólastýringu sem minnkar snúningshring bílsins um 1,1 metra og eykur stöðugleika hans á miklum hraða. Að innan minnir einnig margt á nýjan Audi A8 og mikið af nýrri tækni í bílnum er frá hinum stærri komið.




**Audi A6 mun bjóðast með 201 hestafls og 2,0 lítra dísilvél og 3,0 lítra V6 dísilvél í bæði 228 og 286 hestafla útgáfum.**




**Stóra frumsýningin hjá Toyota að þessu sinni var á þriðju kynslóð Auris og þar fer svo ánægjuleg breyting að leitun er að fallegri bíl í þessum stærðarflokki.**

# Toyota sýndi nýja Aygo og Auris

Ekki var minna um dýrðir hjá Toyota en hjá systurfyrirtækinu Lexus á bílasýningunni í Genf og sýndi Toyota bæði nýuppfærðan smábílinn Aygo sem og nýja þriðju kynslóð Auris, sem nú er orðinn gullfallegur bíll. Smábíllinn Aygo hefur slegið í gegn í Evrópu og seldist til að mynda í meira en 85.000 eintökum þar í fyrra og náði 6,6% af markaðshlutdeild í A-stærðarflokki.

Toyota ætlar að byggja á þessari velgengni og býður hann nú í miklu fleiri litríkum útfærslum. Hann er þó líka orðinn akstürshæfari bíll því talsvert hefur verið átt við undirvagninn og einnig ytra útlitið og á pöllunum stóðu margar ferlega flottar litaútfærslur hans.

**Þriðja kynslóð Auris gullfalleg**

Stóra frumsýningin hjá Toyota að þessu sinni var á þriðju kynslóð Auris og þar fer svo ánægjuleg breyting að leitun er að fallegri bíl í þessum stærðarflokki. Nokkuð þarf þó að bíða eftir þeim snoppufríða því hann mun ekki rata á göturnar fyrr en á nýju ári. Eitt það ánægjulegasta við nýja gerð Auris er 180 hestafla Hybrid-drifrásin sem í boði verður í bílnum og því verður þessi fremur netti bíll orðinn mjög sprækur. Toyota sýndi einnig keppnisútfærslu hins nýja Supra-sportbíls sem kemur út síðar í hefðbundinni útfærslu fyrir almenning, en á honum má sjá hvað kaupendur Supra eiga von á góðu. Þá var á pöllum Toyota einnig Dakar-keppnisbíll Tommi Hirvonen og þolakstursbíll Toyota úr Le Mans-keppninni, en Toyota hefur verið að auka þátttöku sína í keppnisakstri ýmiss konar á síðustu árum.


Í TILEFNI
FERMINGARDAGSINS
Nintendo
Fermingargjöfin 2018
NINTENDO SWITCH
Fjölnota leikjatölvan
Verð kr.: 49.900,-
Pioneer
Hljómtækjastæða
X-EM26-B / Bluetooth stæða / 2x10w
Verð kr.: 25.900,-
Pioneer Hljómtækjastæða
X-CM56-w / Bluetooth stæða / 2x15w
Verð kr.: 37.900,-
Skullcandy
Skull Candy Grind BT
Gæða bluetooth heyrnartól.
Verð kr.: 11.990,-
Skullcandy
Bluetooth SkullCandy,
Hesh 3.0 með Supreme Sound
hljómtækni.
Verð kr.: 16.900,-
Pioneer
SE-MJ771BT-K
Pioneer Bluetooht heyrnartól.
Fully Enclosed Dynamic
Verð kr.: 24.900,-
Pioneer
SE-MJ503-R
Fully Enclosed Dynamic
Headphones. Lengd
snúru: 1,2m
Verð kr.: 4.450,-
B&O PLAY
Góð hugmynd - magnaður hljómur
Beolit 17
kr. 69.900,-
A1
kr. 34.000,-
A2
kr. 45.900,-
H8
kr. 45.900,-
Fermingartilboð:
Verð áður 67.000,-
P2
kr. 21.500,-
Velkomin í glæsilega verslun Bang & Olufsen í Lágmúla 8 og heyrið hljóminn.
95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Netverslun
ORMSSON.IS
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# RISA LAGERSALA 40-90%

## AF ÖLLUM VÖRUM

## 7. MARS - 17. MARS

## FULLT AF NÝJUM VÖRUM
















verð : 69.990
nú : 41.995
verð : 69.990
nú : 34.995
verð : 19.900
nú : 9.950
verð : 39.990
nú : 19.995
verð : 22.900
nú : 13.740
verð : 49.990
nú : 24.995
verð : 21.990
nú : 8.990
verð : 19.900
nú : 9.950
verð : 69.990
nú : 34.995
CINTAMANI
OUTLET
AUSTURHRAUN 3, GARÐABÆ
BANKASTRÆTI 7, REYKJAVÍK

# Siðaskiptin voru afturför fyrir konur og alþýðuna

**Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur og höfundur bókarinnar Leitin að klaustrunum – klausturhald á Íslandi í fimm aldir, segir merkilegt hvað þessum þætti Íslandssögunnar hafi verið ýtt niður.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það er ekki á hverjum degi að fram kemur ný og breytt sýn á stóran hluta af sögu og menningu þjóðarinnar. Það má þó segja að sú hafi verið raunin með rannsóknum Steinunnar Kristjánsdóttur, prófessors í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafn Íslands, sem hún setur fram í bók sinni Leitin að klaustrunum – klausturhald á Íslandi í fimm aldir. Bók Steinunnar kom út síðastliðið haust og hefur síðan þá vakið mikla athygli, auk þess að vera tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og hljóta viðurkenningu Hagþenkis nú fyrir skömmu.



Steinunn Kristjánsdóttir segir að klaustrin hafi verið alhliða þjónustustofnanir með skóla fyrir bæði stráka og stelpur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Margt sem kom á óvart

Sjálf segir Steinunn að verkið hafi reynst meiri vinna en hún gerði sér grein fyrir í upphafi. „Það var alltaf sagt að það væri ekkert til um klaustrin, búið að lesa það allt og leit mín að einhverju efni væri því eiginlega tilgangslaus. Allt týnt og horfið. Það hafði vissulega smá áhrif á mig en svo kom í ljós að það er gríðarlega mikið til um klaustrin og þá ekki síst skjöl sem hafa aldrei verið almennilega lesin. Það er áberandi hvað klaustrin eru lítt greinileg í Íslandssögunni, sjálf vissi ég ekkert um þau fyrr en ég fór að grafa á Skriðuklaustri og þá man ég að allt kom mér á óvart miðað við það sem ég taldi mig vita eftir að hafa lesið sömu Íslandssögu og allir aðrir,“ segir hún.

Steinunn segir að það hafi löngum verið talað um að klaustrin hafi verið fámennar stofnanir fyrir heldri menn og nunnurnar ekkjur sem hefðu ákveðið að setjast í helgan stein. „En það var nú aldeilis ekki þannig. Þarna voru abbadísir og ábótar þar sem þeir síðarnefndu voru í raun atvinnuklerkar. Þeir tóku ungir við sínu starfi eftir að hafa unnið við biskupsstól í ákveðinn tíma og þessir stjórnendur klaustranna störfuðu svo sumir í meira en 50 ár. Að auki var alls konar starfsemi í klaustrunum og langt frá því að allir væru vígðir inn í þau.“

### Fjölbreytt þorpssamfélög

Rannsóknir Steinunnar sýndu að það var mikið af leikmönnum, alþýðufólki, sem bjó og starfaði við klaustrin. „Fólk vann ýmis störf eins og við vefnað, járnsmíði, matseld, heyskap og margt fleira. En svo voru líka aðrir sem borguðu fyrir að vera þarna og þetta var alls konar fólk, líka fjölskyldur með börn, þannig að þetta var eins konar þorpssamfélag. Við flest klaustrin fékk fólk svo leyfi til þess að byggja lítil hús eða þá að klaustrin byggðu fyrir fólk. Í Reynisstaðaklaustri virðist óvígt fólk hins vegar hafa búið í sérstökum skála innan klaustursins.“

Steinunn segir að það hafi ekki síður komið henni á óvart hvað hún fann miklar upplýsingar um hvað varð um klaustrin. „Klaustur og klausturkirkjur voru rifnar, gripir fluttir úr landi og margt eyðilagðist við siðaskiptin. Þetta virðist hafa gerst strax um 1540 til 1550. Þannig eru til að mynda alþýðudýrlingar sem voru áberandi í klaustrunum allir glataðir en það hafa fundist tvö líkneski af þeim í jörðu sem eru þau einu sem eru eftir.“

### Passaði ekki ímyndinni

Þetta er allt önnur saga en flest okkar þekkja eftir almenna skólagöngu og Steinunn segir að svo virðist sem þessum þætti í sögu okkar hafi verið ýtt niður. „Á Íslandi ríkir frekar neikvæð hugmynd um hvað kaþólsk trú er. Það hef ég margoft orðið vör við og þá er talað um að allar kaþólskar stofnanir hafi alltaf verið ömurlegar. Að auki komu þessar stofnanir frá útlöndum og það virðist sem að á árum sjálfstæðisbaráttunnar, frá 1850 og fram á miðja síðustu öld, hafi verið ríkjandi neikvæðni gagnvart þessu útlenska. Ég sé í skrifum fræðimanna fyrir 1900 að það er ritað um klaustrin og kaþólskuna þannig að slíkt hafi ekki átt við hinn sterka Íslending. Þetta passaði ekki við ímyndina af hinni sjálfstæðu þjóð.“

Steinunn minnir á að á tíma klaustranna hafi líka höfðingjaveldið staðið gegn klaustrunum. Þegar Rómarkirkja vann svo staðamálin endanlega undir lok þrettándu aldar hafði sú deila staðið í öld eða lengur. „Þorlákur helgi biskup hafði lært í útlöndum og setið á skólabekk með verðandi páfa. Hann hefur að reka kirkjuvaldsstefnu páfa 1178 en hún miðaði að því að skilja á milli veraldlegs og andlegs valds. Við það misstu höfðingjarnir mjög stóran spón úr aski sínum því þeir máttu ekki lengur eiga kirkjur og hafa af þeim tekjur. Um það snerust staðamálin. En svo snerist þetta líka um að innleiða einkvæni, sem hefur verið litið skoðað því það er leitun að höfðingja sem átti bara eina konu. Margir höfðingjar áttu líka margar frillur og þetta var gert til þess að styrkja pólitísk völd. Snorri Sturluson átti til að mynda margar frillur og gaf allar dætur sínar höfðingjum til að styrkja stöðu sína. Síðasti liðurinn í páfastefnunni var svo að innleiða skírlífi á meðal manna kirkjunnar og það gekk líka illa um alla Evrópu.“

### Afturför fyrir konur

Rannsóknir Steinunnar fela í sér breytingu á söguskoðun á fimm öldum í Íslandssögunni. En skyldi Steinunn hafa mætt andstöðu í fræðasamfélaginu eða óánægju á almennum vettvangi vegna þessa? „Já, það hefur borið á því. Ég reyndar segi það ekki í bókinni en hef talað um það síðar að ég er mótfallin því að tala um siðbót eftir að klaustrunum er lokað. Það var margt sem versnaði og þá sérstaklega gagnvart almenningi. Klaustrin voru alhliða þjónustustofnanir með spítala og skóla fyrir bæði stráka og stelpur. Það hvarf við siðaskiptin og eftir þau eru bara skólar fyrir pilta. Þannig að það var margt jákvætt í samfélaginu sem hvarf, auk þess sem alls konar menningarverðmæti fóru forgörðum. Ég hef því beðið um að það verði notað eitthvert mildara orð eins og siðaskipti eða siðbreyting.

Steinunn segir að staða kvenna hafi versnað mikið við þessa breytingu og einnig hafi verið teknar upp dauðarefsingar. „Í kirkjuvaldi páfa tók kirkjan sér dómsvald sem var eitt af því sem tekist var á um. Kaþólska kirkjan leyfði ekki dauðarefsingar og við siðaskiptin var Stóri dómur tekinn upp. Teknar voru upp dauðarefsingar og limlestingar fyrir alls konar afbrot og þá ekki síst fyrir barneignir utan hjónabands. Oft voru þetta vinnukonur sem voru teknar af lífi og fólk skyldað til að horfa á til þess að læra af þessu. Fyrsta aftakan var auðvitað þegar Jón Arason og synir hans voru teknir af lífi án dóms og laga fyrir sína trú og það markaði upphafið að talsverðri grimmd sem varði næstu tvö til þrjú hundruð ár.“

### Ekki á móti þjóðkirkjunni

Steinunn segist hafa fundið fyrir gagnrýni frá fræðimönnum sem vilji meina að siðaskiptin hafi falið í sér siðbót. „En svo hef ég meira að segja fengið sendibréf þar sem var kvartað undan því að ég væri að tala niður þjóðkirkjuna með því að upphefja klaustrin. Það var alls ekki ætlun mín enda nefni ég aldrei þjóðkirkjuna í bókinni. Það sem ég geri þar er að skoða hvers vegna klaustrin hurfu og höfum í huga að kaþólskan var ekki leyfð hér fyrr en með nýrri stjórnarskrá 1874. Satt best að segja finnst mér þessi sýn að halda að ég sé að tala þjóðkirkjuna niður sýna skort á umburðarlyndi gagnvart annarri trúarskoðun. Það er margt gott við þjóðkirkjuna og margt gott við kaþólskuna. Það er gott og slæmt við allt og einkennilegt að fara svona í vörn.“

Steinunn segir að tilnefningar og viðurkenning Hagþenkis hafi aukna þýðingu við þessar aðstæður. „Ég átti satt best að segja ekki von á þessu því að auki fékk ég verðlaun bóksala og það gladdi mig mikið. Það voru talsverðar deilur um bókina á Facebook þar sem menn skiptust í tvo hópa, sumir með þjóðkirkjunni og aðrir með minni bók. Það var satt best að segja alveg ótrúlegt margt sem þar kom fram en ég var ekkert mikið að tjá mig þarna sjálf. En fyrir vikið þá hafa þessar viðurkenningar mikla þýðingu fyrir mig og segja mér að þó að efnið sé umdeilt þá sé í lagi að reyna að koma með eitthvað nýtt inn í söguna. Slíkt var alls ekki meiningin hjá mér í byrjun en þetta er það sem kom upp við þessa rannsókn.“

**TEKNAR VORU UPP DAUÐAREFSINGAR OG LIMLESTINGAR FYRIR ALLS KONAR AFBROT OG ÞÁ EKKI SÍST FYRIR BARNEIGNIR UTAN HJÓNABANDS. OFT VORU ÞETTA VINNUKONUR SEM VORU TEKNAR AF LÍFI OG FÓLK SKYLDAÐ TIL AÐ HORFA Á TIL ÞESS AÐ LÆRA AF ÞESSU.**

# BARNA DAGAR

## 8. MARS – 18. MARS

# 20%

## AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM




**Stafaseglar**

Verð með afslætti: 799 kr.
Verð áður: 999 kr.




**Trélitir, 60 stk.**

Verð með afslætti: 3.192 kr.
Verð áður: 3.990 kr.



**Burstakubbar**

Verð með afslætti: 3.591 kr.
Verð áður: 4.489 kr.




**Ferðapinnaspjald**

Verð með afslætti: 1.119 kr.
Verð áður: 1.399 kr.




**Litabækur í úrvali**

Verð með afslætti: 399 kr.
Verð áður: 499 kr.





**Djeco munnharpa**

Verð með afslætti: 951 kr.
Verð áður: 1.189 kr.




**Djeco púsl**

Verð með afslætti: 1.199 kr.
Verð áður: 1.499 kr.

**Djeco kubbar**

Verð með afslætti: 1.999 kr.
Verð áður: 2.499 kr.

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**

# Hvatning til fólks um að virða söguna, landið og umhverfið

**Tvær sýningar verða opnaðar í Listasafni Árnesinga á laugardag. Önnur er Þjórsá, sambland innsetningar, vídeós og texta- og hljóðverks eftir Borghildi Óskarsdóttur myndlistarkonu.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Forfeður mínir bjuggu á bökkum Þjórsár og þessi lengsta á landsins er mér hugstæð. Líka vegna hugmyndarinnar um að þar eigi að fara að umbreyta landinu vegna einnar virkjunarinnar enn,“ segir Borghildur um sýninguna Þjórsá sem hún opnar í Listasafni Árnesinga í Hveragerði á laugardaginn klukkan 14. Þar miðlar hún birtu, lit, hreyfingu, hljóðum, áferð, og öðrum eiginleikum umhverfisins, að því er segir í texta eftir Æsu Sigurjónsdóttur í sýningarskrá.

„Ég er með tvö vídeóverk á sýningunni, annað þeirra í tvennu lagi. Svo er löng þula sem verður textaverk á vegg og því fylgir hljóð. Eitt atriðið er átta metra langt gólfverk undir gleri, sjálf Þjórsá frá upptökum til ósa,“ lýsir Borghildur. Hún tekur fram að hún standi ekki ein í framkvæmdinni þó hugmyndirnar séu hennar. Hún sé með alls konar hjálp, meðal annars við að taka upp vídeóið og hljóðverkið.

Síðasta sýning Borghildar var í Ráðhúsi Reykjavíkur haustið 2016. Hún hét Umhverfismat vegna Skarðsels við Þjórsá. Hún segir Skarðsel vera tóftir eftir bæ forfeðra hennar og þær séu á því svæði sem Hvammsvirkjun er fyrirhuguð. Þar hafi verið búið fram á áratuginn 1930-40. „Hvammsvirkjun er fyrsta skrefið í að virkja neðri hluta Þjórsár og tóftirnar fara akkúrat undir stífluvegginn. Mér finnst það sárt.“

Í nýju sýningunni sleppir Borghildur þó frásögnum af fólkinu sínu en leggur áherslu á beina náttúrutengingu við fljótið langa sem kemur upp í Hofsjökli og fellur til sjávar vestan við Þykkvabæinn. Hún segir sýninguna vinsamlega hvatningu til fólks um að læra að þekkja og virða söguna, landið og umhverfið.



Eitt verkanna úr safni Valtýs Stefánssonar sem eru á safnsýningunni.

## Undirstaða og uppspretta

**Önnur sýning verður opnuð í Listasafni Árnesinga á laugardaginn, Undirstaða og uppspretta – sýn á safneign. Þar eru verk eftir nokkra listamenn. Nefna má Einar Jónsson, Kristin Pétursson, Jóhann Briem og Ólaf Lárusson en flest verkin eru þó úr nýlegri gjöf úr listaverkasafni Valtýs Stefánssonar.**



Borghildur að ganga frá gólfverki í Listasafni Árnesinga sem sýnir Þjórsá frá upptökum til ósa.



# Í faðmi hárra fjalla

**BÆKUR**

**Átta fjöll**
★★★★☆

**Paolo Cognetti**

**Þýðandi:** Brynja Cortes Andrésdóttir
**Kápuhönnun:** Moker Ontwerp
**Mál og menning**
**233 bls.**

„Fortíðin er niðri í dal, framtíðin uppi á fjalli. Svona hefði ég átt að svara pabba. Hver sem örlögin eru, þá búa þau í fjöllunum sem við höfum fyrir ofan okkur.“ Þetta er ein þeirra hugsana sem þjóta um huga hins unga Pietro, einkasonar hjóna frá Mílanó sem verja öllum sínum frístundum í að ganga á fjöll. Einkum er faðirinn ástríðufullur og kappsfullur fjallgöngumaður og sumrunum ver litla fjölskyldan í faðmi Alpafjallanna þar sem hann finnur áskoranir við nánast hvert fótmál.




Fyrsta sumarið sem þau verja í afskekkta þorpinu Grana kynnist Pietro jafnaldra sínum Bruno og með þeim tekst sterk vinátta. Bruno er fjalladrengur inn að beini en hjá vini hans tilheyra fjöllin sumrinu og frelsinu sem því fylgir. Sagan hverfist um vinasamband þessara tveggja drengja og síðar manna í frásögn sögumannsins Pietro. Sagan skiptist í þrjá hluta þar sem fyrsti hlutinn hverfist um æskuna og ævintýrin í fjöllunum og með frásögn Pietro tekst Cognetti að varpa upp mynd af fjallalífinu af blússandi ástríðu sem er sérdeilis gaman að lesa. Reyndar minnir þessi fyrsti drengslegi hluti eilítið á stemninguna í þeirri frábæru bók Hvernig ég kynntist fiskunum, eftir hinn tékkneska Ota Pavel sem naut hér ágætra vinsælda árið 2011.

Átta fjöll er hvorki flókin né fyrirferðarmikil skáldsaga. Þetta er látlaus, læsileg og eilítið tímalaus saga um vináttu og þroska tveggja drengja. Hún er uppfull af andstæðuminnum sem við Íslendingar þekkjum eins og borgin og sveitin, að koma og fara, heim og heiman, ástin og einsemdin. Allt sett fram af smekkvísi og án þess að vera á einhvern hátt klisjukennt eða þröngvað inn í frásögnina. Það er reyndar áþreifanlegt hversu mjúklega frásögnin líður áfram þó svo þar séu vissulega ris og átakafletir. En þessi mjúka nálgun fellur einkar vel að umhverfinu, kyrrð Alpafjallanna og náttúru þeirra sem höfundi tekst ákaflega vel upp við að lýsa. Að sama skapi er persónusköpunin vel heppnuð. Persónur trúverðugar og samkvæmar sjálfum sér án þess þó að verða klisjukenndar.

Þessa styrkleika Átta fjalla er ekki síst að rekja til þess hversu vel heppnaður stíll er á verkinu. Þrátt fyrir mikilfenglegt umhverfi er aldrei skrúfað upp í tilgerð heldur fær einfaldleiki að ráða ríkjum. Þetta er stíll sem leikur líka í höndunum á Brynju Cortes Andrésdóttur sem skilar hér sem endranær vönduðu og góðu verki. Unnendur ítalskra samtímabókmennta sem eru ekki læsir á það ágæta mál eiga Brynju orðið mikið að þakka.

Átta fjöll er ljúf og skemmtileg lesning en á sama tíma bók sem varpar fram spurningum um lífið sem við lifum og lífið sem við hefðum viljað lifa og margt fleira. Þetta er kannski ekkert ódauðlegt meistaraverk en það þarf enginn að láta sér leiðast í Ölpunum með Paolo Cognetti.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ljúf og skemmtileg lesning um vináttuna og það að fullorðnast við ólíkar aðstæður.

# Aðgengileg uppáhaldsmúsík segir Kristinn Sigmundsson

Það kom söngfugl að sunnan er yfirskrift skemmtunar sem Kristinn Sigmundsson bassasöngvari og Anna Guðný Guðmundsdóttir halda í Salnum næsta laugardag, 10. mars og hefst klukkan 14.30. Á efnisskránni eru íslensk og erlend sönglög og aríur.

„Þetta er svona aðgengileg uppáhaldsmúsík,“ segir stórsöngvarinn og telur þau Önnu Guðnýju hafa frekar líkan smekk. „Ég held að við séum að minnsta kosti bæði ánægð með prógrammið,“ segir hann glaðlega.



**Þau Anna Guðný og Kristinn munu gæla við hlustir gesta í Salnum á laugardaginn.**

**HÁLFGERÐIR HÚSGANGAR SEM BRITTEN BJÓ TIL ANSI SKEMMTILEGT PÍANÓUNDIRSPIL VIÐ.**

Á efnisskránni eru til dæmis lögin Tengdamæðurnar, Siesta, Vorið góða og Það kom söngfugl að sunnan eftir Atla Heimi Sveinsson og Kristinn nefnir líka bresk lög í útsetningum eftir Benjamin Britten. „Sum þeirra laga eru í þjóðlagastíl, hálfgerðir húsgangar sem Britten bjó til ansi skemmtilegt píanóundirspil við. Svo eru gamlar ítalskar aríur eftir Scarlatti, Durante og fleiri og við endum á Verdi. Það er aría Bancos úr Macbeth.“

Kristinn hefur starfað sem söngvari frá árinu 1984 og komið fram í flestum stærstu óperu- og tónlistarhúsum heims. Nú ætlar hann að taka nokkur þeirra laga sem hann hefur lengi haldið upp á og Anna Guðný að leika með. **– gun**




## BÍÓ



Bruce Willis bregður sér í hlutverk sem Charles Bronson gerði ódauðlegt í Death Wish 1994.

# Feigur smáborgari á vígaslóð

**Charles heitinn Bronson var einn helsti harðjaxl kvikyndanna löngu áður en Stallone, Schwarzenegger og Bruce Willis fóru að gera sig gildandi. Bronson átti langan feril að baki þegar hann festi sig endanlega í sessi með Death Wish 1974.**

**KVIKMYNDIR** Þrátt fyrir að ekkert vantaði upp á töffið hjá Charles Bronson og að hann hafi leikið í fjölda spennumynda náði hann ekki að verða aðalgæinn fyrr en hann lék arkitektinn Paul Kersey í Death Wish 1974, þá 53 ára gamall.

Þá átti hann að baki klassískar harðhausamyndir eins og The Magnificent Seven, The Great Escape og The Dirty Dozen. Í þeim myndum var hann þó aðeins einn í hópi allra helstu töffara þeirra tíma og barðist og drapst í skugga erkitöffara á borð við Steve McQueen, Yul Brynner og Lee Marvin.

Í Death Wish lék hann prúðmennið Paul Kersey, arkitekt og demókrata, sem lifði góðu lífi í New York ásamt eiginkonu og stálpaðri dóttur. Þessum örugga heimi hans er rústað á einni kvöldstund þegar skítalabbar ryðjast inn á heimilið, misnota og kvelja konurnar í lífi hans með þeim afleiðingum að eiginkonan deyr.

Dagfarsprúði góðborgarinn umturnast, vopnast og leitar hefnda. Og rétt eins og fóstbróðir hans úr myndasögunum, The Punisher, lætur hann ekki staðar numið við þá sem réðust að fjölskyldu hans. Öllu úrþvætti skal skolað af götum borgarinnar með eigin blóði.

Death Wish sló í gegn og framhaldsmyndirnar urðu fjórar þar sem Bronson þvældist á milli New York og Los Angeles og fargaði óþjóðalýð af aðdáunarverðri einurð og festu. Bronson lagði frethólkinn á hilluna í Death Wish V: The Face of Death árið 1994 og lést 2003, 81 árs að aldri.

Paul Kersey er hins vegar ekki dauður úr öllum æðum og er upp risinn 24 árum síðar, holdgerður í Bruce Willis. Sá jaxl má muna sinn fífil fegri og hefur verið hálf aumur undanfarin ár. Willis er tíu árum eldri en Bronson var þegar hann lék Kersey í fyrsta sinn en eins og alltaf til stórræðanna líklegur.

Kersey er að þessu sinni læknir en ekki arkitekt. Kannski undir áhrifum frá Eiðnum, eftir Baltasar Kormák, og þegar fautar ráðast á eiginkonu hans og dóttur rennur æði á manninn sem hefur helgað líf sitt því að bjarga öðrum. Og hann byrjar að drepa af miklum móð.

Leikstjórinn Michael Winner var ekkert að finna upp hjólið þegar hann tefldi Bronson fram í Auga fyrir auga, eins og myndin hét þegar hún var sýnd í Háskólabíói 1975. Refsivöndurinn Frank Castle, The Punisher, steig að vísu fram í fyrsta skipti í myndasögum 1974 en þá höfðu sterkir menn (konur voru ekki gjaldgengar í þessum bransa í þá tíð) tekið málin í sínar hendur í nokkur ár í dægurmenningunni.

Löggufanturinn Dirty Harry er þeirra þekktastur og byrjaði að freta niður glæpahyski með Magnum .44 1971. Tíðarandinn og vantrú á kerfið virtist á þessum árum kalla eftir sterka einstaklingnum sem bauð öllum birginn, máttlausum yfirvöldum og krimmunum. Og það er varla tilviljun að þessir gaurar eru allir að ganga í endurnýjun lífdaga þessi misserin.



Charles Bronson kennir Bruce Willis fingramál í upprunalegu Death Wish. Þetta er eitthvað sem enginn krimmi vill sjá.



Ísleifur B. Þórhallsson, Quentin Tarantino og Eli Roth á blaðamannfundi í einni af mörgum Íslandsheimsóknum leikstjórans sem fékk hugmyndina að kvikmyndinni Cabin Fever, eftir sumardvöl í sveit á Íslandi í æsku. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**PAUL KERSEY ER HINS VEGAR EKKI DAUÐUR ÚR ÖLLUM ÆÐUM OG ER UPP RISINN 24 ÁRUM SÍÐAR, HOLDGERÐUR Í BRUCE WILLIS.**

Gallinn við þessa uppvakninga er auðvitað að Hollywood er alltaf í endalausri mótsögn við sjálfa sig og því miður hlaða þessar kempur, sem eru þó í það minnsta bæði karlar og konur núna, undir þá hugmynd að vopnaður almenningur sé lausnin á öllum heimsins vanda. Við þurfum væntanlega ekki að bíða þess lengi að Mel Gibson eða Harrison Ford leiki kennara sem taka til í skólanum með árásarrifflum.

Mörgum þótti nóg um ofbeldisupphafninguna í Death Wish á sínum tíma en sú mynd hreyfir varla við grunnskólakrökkum í dag. Hins vegar má ætla að Death Wish anno 2018 gangi mun lengra enda er leikstjórinn og Íslandsvinurinn Eli Roth þekktastur fyrir subbulegar hryllingsmyndir og ofbeldisklámið sem kennt er við Hostel. **thorarinn@frettabladid.is**

**Ítarlegri umfjöllun um Death Wish og Eli Roth má nálgast á nýjum vef Fréttablaðsins, www.frettabladid.is, undir Lífið.**


GARÐS APÓTEK - í yfir 60 ár
Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni
Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt
Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

Amadeus borðstofuhúsgögn
Komið og skoðið úrvalið
Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
NÝFORM HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Verkfæri í miklu úrvali
ViAir 12V loftdælur í miklu úvali.
Jeppatjakkur 2.25t 52cm. 17.995
METABO Bútsög KS216 16.995
Verðmætaskápar frá 4.995
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN
900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum
Basel
Roma
Tungusófar • Sófasett • Stakir sófar • Hornsófar
Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15
Patti HÚSGÖGN
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is


20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM NIKE VÖRUM
á Kringlukasti dagana 8.-12. mars og konukvöldi í Smáralind 8. mars*
NIKE
OPIÐ TIL 23
Í SMÁRALIND
Í KVÖLD
OPIÐ TIL 21
Í KRINGLUNNI
Í KVÖLD
ÁRNASYNIR
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is



Danshópurinn Forward Youth Company frumsýnir Allar mínar systur.

# Allar mínar systur frumsýnt á Únglingurinn í Reykjavík

Sviðsverkið Allar mínar systur með danshópnum Forward Youth Company verður frumsýnt á Únglingurinn í Reykjavík – Reykjavík Dance Festival dagana 8. til 11. mars í Listasafni Reykjavíkur. Það er Anna Kolfinna Kuaran danshöfundur sem semur verkið og sér einnig um búninga.

Um er að ræða verk sem fjallar um eins konar femíníska útópíu „sem tekur útgangspunkt frá nornum sem lækningakonum og hugmyndinni um mæðraveldi. Gegnum samstöðu, auðmýkt og sköpunarkraft töfra nornirnar fram hvert ritúalið á fætur öðru og taka áhorfendur með í eins konar hugleiðslu eða sálarmeðferð“. – sþh

**ÚNGLINGURINN Í REYKJAVÍK – REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL VERÐUR HALDIÐ 8. TIL 11. MARS Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR**












Kött Grá Pje verður með sagnasmiðju fyrir krakka í Spönginni í dag.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

### 8. MARS 2018

### Viðburðir

**Hvað?** Síðdegissamkomur í Húnabúð
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Húnabúð, Skeifunni
Jón Torfason sagnfræðingur fjallar um húnvetnskar kirkjur austan Gljúfurár.

**Hvað?** Kvöldstund með Halldóru Björnsdóttur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Kvöldstund í samvinnu Göngum saman og Hannesarholts með Halldóru Björnsdóttur, íþróttafræðingi, framhaldsskólakennara og framkvæmdastjóra Beinverndar. Halldóra hefur haft umsjón með morgunleikfimi í útvarpinu í 30 ár og er einlægur áhugamaður um útivist og hreyfingu. Halldóra er dæmi um manneskju sem lifir fræðin í öllu lífi sínu og starfi og deilir með gestum aðferðum til að efla heilbrigði beinanna og almennt heilbrigði.

**Hvað?** Danskvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Danshöllin, Drafnarfelli
Blandaðir dansar við allra hæfi, Svanhildur með dansumsjón. Á Facebook-síðunni „Komið og dansið“ er hægt að fylgjast með viðburðum, námskeiðum og dönsum.



Hugleikur Dagsson grínast á enskri tungu á veitingastaðnum Hard Rock Café.

**Hvað?** Kött Grá Pje sér um sögusmiðju fyrir 9-12 ára
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Spönginni
Kött Grá Pje verður í Borgarbókasafninu í Spönginni og aðstoðar 9-12 ára krakka við að semja sögur.

**Hvað?** Sagnaskemmtun á sextándu öld – Handritið AM 510 4to í bókmenntasögulegu samhengi
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Lögberg, Háskóla Íslands
Í dag heldur Þórdís Edda Jóhannesdóttir, nýdoktor á handritasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, fyrirlestur hjá Miðaldastofu Háskóla Íslands sem hún nefnir Sagnaskemmtun á sextándu öld – handritið AM 510 4to í bókmenntasögulegu samhengi.

**Hvað?** Who Let the Dagsson?
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Hugleikur Dagsson grínast á ensku á Hard Rock.

### Sýningar

**Hvað?** Sýningaropnun – Sjónarsvið
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Grótta, Eiðistorgi
Í dag opnar Margrét Zóphóníasdóttir myndlistarsýningu sína „Sjónarsvið“ í Gallerí Gróttu – sýningarsal Seltjarnarness sem er á 2. hæðinni á Eiðistorgi (inni



á Bókasafni Seltjarnarness). Sýningin verður opin allan sýningartímann skv. opnunartíma.

**Hvað?** Guðmundur W. Vilhjálmsson sýnir ljósmyndir
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Spönginni
„Maður lifir svo lengi sem hann lærir!“ eru einkunnarorð Guðmundar W. Vilhjálmssonar (f. 1928), en Guðmundur er stöðugt að bæta við sig nýrri þekkingu. Myndirnar á sýningunni eru allar unnar í tölvu og í Photoshop, sem hann tileinkaði sér fyrir nokkrum árum. „Ég vinn þannig að ég afrita gamla litmynd mína, jafnvel rúmlega hálfrar aldar gamla, og leik mér að litum í þessu afriti, sem á skjánum er bæði sem „palletta“ og strigi. Öll meðferð er frjáls og ný mynd myndast, sem er í engu lík frummyndinni, nema að því leyti að litir afritsins eru notaðir. Frummyndin er hráefni en ný mynd er sköpuð.“

**Hvað?** Höfuðáttir – samsýning
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** ARTgallery Gátt, Kópavogi
Listamennirnir Arnar Eyklíður Davíðsson, Diðrik Jón Kristófersson, Helga Ástvaldsdóttir og Igor Gaivoronski sýna í Kópavoginum.

**Hvað?** D32 Páll Haukur Björnsson: Heildin er alltaf minni en hlutar hennar
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Einhvers konar landslag er að finna á sýningunni, mótað af mismunandi skúlptúrum. En hvað er skúlptúr? Hvað myndar mörk staks hlutar og samband hans við annað?

**Hvað?** Korriró og Dillidó – Þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Ævintýrin gerast enn! Myndheimur íslenskra þjóðsagna og ævintýra sem Ásgrímur Jónsson skapaði með verkum sínum er sannkallaður töfraheimur. Álfar, tröll og draugar, sem lifað höfðu með óljósum hætti í hugskoti þjóðarinnar í rökkri baðstofunnar, tóku á sig skýra mynd í verkum Ásgríms, en hann sýndi slík verk í fyrsta sinn á Íslandi árið 1905.

**Hvað?** Tak i lige måde: Samtímalist frá Danmörku
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið

# Mikill áhugi á málþingi um tjáskiptatækni

Í dag verður haldið málþing um tjáskiptatækni á vegum Félags talmeinafræðinga á Grand Hóteli. Yfirskrift málþingsins er Tjáskipti skipta máli og er það haldið í tengslum við Evrópudag talþjálfunar sem er haldinn 6. mars ár hvert. „Tjáskiptatækni vísar til tjáskiptaleiða fyrir fólk sem ekki getur tjáð sig í töluðu máli og getur falið í sér notkun tákna, táknmynda, látbragðs og jafnvel tjáskiptatölvu,“ segir í tilkynningu um málþingið.

Á málþinginu munu fjórir talmeinafræðingar, einn sérkennari og einn ráðgjafi í fullorðinsfræðslu fatlaðra halda erindi. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra setur málþingið.

Skipuleggjendur málþingsins hafa orðið varir við mikinn áhuga fólks og ljóst er að færri komast að en vilja. „Núna eru 170 manns búnir að skrá sig og það er búið að loka fyrir skráningu,“ segir Silja Jóhannsdóttir, talmeinafræðingur og einn skipuleggjenda málþingsins. Hún bendir áhugasömum á heimasíða Félags talmeinafræðinga á Íslandi, www.talmein.is. „Þangað munum við setja glærur frá fyrirlestrunum.“ **– gha**



**Þórunn Hanna Halldórsdóttir, Margrét Samúelsdóttir og Silja Jóhannsdóttir eru meðal skipuleggjenda málþingsins um tjáskiptatækni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






NEXT OF KIN
KL. 20:55
